allt

Brynjar Már Valdimarsson:

*Stelpuskór í uppáhaldi*

• tíska • ferðir • heimili

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶





Vinnuvélar:

*Stórar og smáar vinnuvélar, vegagerð, fjármögnun*

• fylgir fréttablaðinu í dag








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. apríl 2005 – 92. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


FIMMTUDAGUR



**BENSÍNSKATTAR HÆKKA** Bensíngjald ríkisins mun hækka um tvær krónur þann fyrsta júlí og eftir það renna um 33 krónur af verði hvers lítra bensíns beint í ríkissjóð. Framkvæmdastjóri FÍB segir hækkunina fráleita. **Sjá síðu 2**

**HÁTT Í 300 BÖRN BÍÐA** 266 börn eru á biðlista eftir greiningu og íhlutun hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Rúmlega 80 þessara barna hafa beðið í meira en sex mánuði. **Sjá síðu 2**

**AFTUR TIL AFGANISTAN** Íslenska friðargæslan sendir tíu til fimmtán manna sveit til nýrra starfa í Norður-Afganistan í ágúst. Hún lætur breyta jeppum hér til að taka með sér, vegna erfiðra aðstæðna á svæðinu. Sveitin verður vopnuð en mun fyrst og fremst sinna hjálparstörfum. **Sjá síðu 4**

VEÐRIÐ Í DAG




**DREGUR ÚR FROSTI** sunnan og vestan til í kvöld. Él á norðan- og austanverðu landinu en bjart sunnan og vestan til. Talsvert frost framan af degi. **Sjá síðu 4**

DAGURINN Í DAG



**ÚRSLITAKEPPNI** Keflvíkingar taka á móti Snæfellingum í þriðja leik liðanna í úrslitakeppninni í körfubolta karla. Það lið verður Íslandsmeistari sem fyrr vinnur þrjá leiki. Leikurinn hefst klukkan 19.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 34 | Myndlist | 32 |
| Tónlist | 30 | Íþróttir | 24 |
| Leikhús | 32 | Sjónvarp | 36 |



73%

20-49 ára fólks á svhorninu lesa Fréttablaðið á laugardögum.*

Hver vill ekki fá þetta fólk í heimsókn í sína verslun?

*Gallup febrúar 2005

FRÉTTABLAÐIÐ


# Samstaða um takmörkun eignarhalds á fjölmiðlum

**Þverpólitísk samstaða er um að setja hömlur á eignarhald á fjölmiðlum. Fjölmiðlanefndin mun leggja til bann við því að nokkur geti átt meira en fjórðungs eignarhlut í fjölmiðlafyrirtæki með tiltekna markaðshlutdeild. Nefndin lýkur störfum í dag.**

**FJÖLMIÐLANEFND** Búist er við því að fjölmiðlanefnd menntamálaráðherra nái í dag þverpólitískri samstöðu um að leggja til að sett verði lög sem banni einstaklingum og fyrirtækjum að eiga meira en fjórðungs eignarhlut í fjölmiðlafyrirtæki með tiltekna markaðshlutdeild.

Er þar átt við beina sem óbeina eignaraðild. Ekki hefur enn verið ákveðið við hve mikla markaðshlutdeild fjölmiðlafyrirtækis eigi að miða, en talið er að hún verði á bilinu 25 til 33 prósent. Verður hlutfallið einnig ákveðið á lokafundi nefndarinnar, sem verður í dag.

Lagt er til að lög um takmarkanir á eignarhaldi, ef þau verði sett, muni ekki taka gildi fyrr en að nokkrum árum liðnum.

Nefndin hefur lokið við drög að skýrslu þar sem fram koma tillögur um hvernig sporna megi gegn samþjöppun á eignarhaldi fjölmiðla og hvernig bregðast skuli við myndun hinna lóðréttu eignatengsla sem orðið hafa með kaupum fjarskiptafyrirtækja á fjölmiðlafyrirtækjum. Auk þess verða settar fram tillögur um hvernig tryggja megi sjálfstæði ritstjórnar gagnvart eigendum og jafnframt gagnsæi eignarhalds.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar verður engin takmörkun á eignarhlut nýrra eða smárra fjölmiðla. Lög um takmörkun á eignarhluti munu ekki öðlast gildi fyrr en fyrirtækið hefur náð tiltekinni hlutdeild á markaði, en verður fyrirtækið þá að bregðast við því með því að breyta samsetningu eignarhalds.

Horfið hefur verið frá hugmyndum um að setja bann við því að sami aðili eigi ljósvakamiðil og prentmiðil, líkt og gert var í fjölmiðlalögunum í fyrra.

**- sda /** **Sjá síðu 16**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SÁLUMESSA Í DÓMKIRKJU KRISTS KONUNGS Í LANDAKOTI** Fjöldi fólks minntist Jóhannesar Páls II páfa sem leiddi kaþólsku kirkjuna sem staðgengill Jesú Krists á jörðu, að mati kaþólikka, í 27 ár. Einkunnarorð páfa voru Totus Tuus eða allur þinn. Páfi verður jarðsettur á morgun.

Jóhannes Páll II:

## Minnst í sálumessu

**TRÚ** Kaþólikkar á Íslandi auk annarra gesta minntust páfa í heilagri sálumessu í dómkirkju Krists konungs í Landakoti í gær. Meðal gesta var Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra.

Allt að milljón manns hafði í gær lagt leið sína í Pétursrkirkjuna þar sem lík Jóhannesar Páls II páfa stendur uppi. Endalaus biðröð pílagríma liggur að kirkjunni. Komið hefur verið upp tjaldbúðum við borgarmörkin vegna mannmergðarinnar sem streymir að.

Jóhannes Páll II naut hvergi meiri hylli en í fæðingarlandi sínu Póllandi. Vinsældir hans þar eru slíkar, að pólskar ferðaskrifstofur og flugfélög eru nú í óða önn að skipuleggja aukaferðir til Rómar til að sem flestir Pólverjar geti verið við útför páfa á föstudaginn.

117 kardinálar taka þátt í kjöri á nýjum páfa síðar í mánuðinum.

**Sjá síðu 8**

Lögfræðingar taka til óspilltra málanna:

## Auðun Georg fær starfslokasamning

**RÍKISÚTVARPIÐ** Vinna við starfslokasamning Auðuns Georgs Ólafssonar og Ríkisútvarpsins er að hefjast, að sögn Markúsar Arnar Antonssonar útvarpsstjóra. Hann kvað lögfræðing Auðuns Georgs hafa óskað viðræðna um starfslok hans.

„Ég hef óskað eftir því við lögmann RÚV, Kristján Þorbergsson hæstaréttarlögmann, að hann annist meðferð málsins fyrir okkar hönd,“ sagði útvarpsstjóri.

Auðun Georg hóf störf á RÚV sem fréttastjóri Útvarps 1. apríl og sagði sig frá starfi þann sama dag, eins og kunnugt er.

Spurður almennt um forsendur starfslokasamninga vinnuveitenda og starfsmanna sagði Gísli Tryggvason lögfræðingur Bandalags starfsmanna ríkis og bæja að ólíkt því sem almennt væri í stjórnsýslurétti væru engar lagareglur sem giltu um þá. Þeir væru ekki bundnir í kjarasamninga né aðra samninga. Hins vegar væri ákveðin hefð fyrir þeim sem yrði æ ríkari.

„Stundum er miðað við það hvort maður á biðlaunarétt eða hugsanlegan biðlaunarétt og höfð hliðsjón af því,“ sagði Gísli. „Ef það er ekki fyrir hendi þá er algengasta forsendan sú að trúnaðarbrestur hefur orðið í samstarfi þess sem starfslokasamningurinn er gerður við og stjórnenda eða samstarfsmanna.“

**- jss**



**MARKÚS OG AUÐUN GEORG**
Unnið er að gerð starfslokasamnings RÚV og Auðuns Georgs Ólafssonar, að sögn Markúsar Arnar Antonssonar útvarpsstjóra.

Úrvalsvísitalan:

## Rauf 4.000 stiga múrinn

**VIÐSKIPTI** Úrvalsvísitalan fór í gær í fyrsta skipti yfir 4.000 stigin og endaði í 4.016 stigum. Yfir fimm milljarða viðskipti áttu sér stað með hlutabréf í gær og hækkuðu níu félög innan vísitölunnar frá deginum áður, þrjú stóðu í stað en aðeins þrjú lækkuðu.

Um síðustu áramót stóð úrvalsvísitalan í 3.360 stigum og hefur því hækkað um 19,5 prósent í ár.

Síðustu daga hafa viðskiptabankarnir hækkað nokkuð en búist er við að þeir skili mjög góðum afkomutölum fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins. Bankarnir vega þungt í vísitölunni og hafa því töluverð áhrif á stefnu hennar.

**- eþa**



## SPURNING DAGSINS

*Halldór, fetar þú í fótspor Laxness?*

**Þú meinar að það endi með nóbel?**

Bók Halldórs Guðmundssonar rithöfunds um nóbelskáldið Halldór Laxness er á leið utan. Ævisaga Laxness kemur út í Danmörku, Svíþjóð og Þýskalandi.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins:

# Á þriðja hundrað börn bíða greiningar

**HEILBRIGÐISMÁL** 266 börn eru á biðlista eftir greiningu og íhlutun hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Þetta kom fram í svari Árna Magnússonar félagsmálaráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman á Alþingi í gær. Rúmlega 80 þessara barna hafa beðið í meira en sex mánuði.

Ráðherra sagði að veruleg fjölgun hefði orðið á tilvísunum á stofnunina undanfarin fimm ár. Þær hefðu þrefaldast á síðustu tíu árum. „Samkvæmt úttekt sem ráðuneytið lét gera á stöðu hennar hefði þurft að koma til aukning sem næmi átta stöðugildum á fjögurra ára tímabili," sagði Árni og bætti við að sú aukning hefði verið hafin.



**ÁRNI MAGNÚSSON**
Fjölgun tilvísana kallar á að fjöldi starfsmanna verði aukinn.

Fjölgun tilvísana á síðasta ári kallaði enn á endurskoðun á mannaflaþörf stofnunarinnar á næstu árum til að hún gæti sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Fyrstu áætlanir gerðu ráð fyrir að þörf væri á fjórum til fimm stöðugildum umfram þau átta sem áður var gert ráð fyrir eða þremur á ári næstu þrjú ár. Með þessari aukningu í starfsemi stofnunarinnar mætti ætla að markmiðum um ásættanlegan biðtíma verði náð á næsta ári fyrir yngsta aldurshópinn, en á þremur til fjórum árum fyrir börn á grunnskólaaldri.

- jss

Óvenjuleg áfrýjun:

# Átti ekki að fá að verja sig

**BANDARÍKIN, AP** Bandarískur maður sem var sakfelldur fyrir líkamsárás hefur áfrýjað dómnum og kennir afglöpum verjanda síns um að hann var sakfelldur. Það óvenjulega í málinu er að maðurinn varði sig sjálfur og hafnaði boði um löglærðan verjanda.

Thomas P. Budnick segir að dómarinn hefði aldrei átt að leyfa að hann verði sig sjálfur. Budnick segir ævisögu sína sanna að hann hafi ekki verið fær um það og nefndi sem dæmi að hann hefði sótt um námuréttindi á Mars og hótað að lögsækja NASA fyrir að senda geimför sín þangað í leyfisleysi. ■



**HÖFUÐSTÖÐVARNAR**
Endurbyggja þarf stóran hluta höfuðstöðvanna þar sem þær uppfylla ekki öryggisreglur New York-ríkis.

Sameinuðu þjóðirnar:

# Deila um höfuðstöðvar

**BANDARÍKIN, AP** Repúblikanar deila nú um höfuðstöðvar Sameinuðu þjóðanna í New York. Bandaríska stjórnin, sem deildi hart á Sameinuðu þjóðirnar í aðdraganda innrásarinnar í Írak, hefur nú komið henni til varnar og deilir við ríkisþingið í New York sem þykir hamla endurbótum á höfuðstöðvunum.

Höfuðstöðvunum hefur verið illa haldið við þau fimmtíu ár sem liðin eru frá því þær voru byggðar. Nú þarf því að rýma húsið svo hægt sé að vinna að endurbótum en til að það sé hægt þarf að reisa 35 hæða bráðabirgðahöfuðstöðvar í nágrenni núverandi höfuðstöðva. Gegn þessu hefur ríkisþingið lagst. ■

## SVEITARSTJÓRNARMÁL

**RÉTTUM MEGIN VIÐ NÚLLIÐ** Akraneskaupstaður tók engin langtímalán á síðasta ári. Er það í fyrsta skipti í sögu sveitarfélagsins. „Afkoma Akraneskaupstaðar er mjög góð og reyndar betri en elstu menn muna," segir í tilkynningu Gísla Gíslasonar bæjarstjóra á Akranesi sem kynnir ársreikning bæjarfélagsins í bæjarstjórn á þriðjudag. Rekstarafkoman er jákvæð um 86 milljónir króna.

# Ríkið hækkar álögur á bensín

**Bensíngjald ríkisins mun hækka um tvær krónur þann fyrsta júlí og eftir það renna um 33 krónur af verði hvers lítra bensíns beint í ríkissjóð. Framkvæmdastjóri FÍB segir hækkunina fráleita.**

**NEYTENDUR** „Það nær í raun ekki nokkurri átt að ætla sér að hækka bensíngjaldið á þessum tímapunkti," segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðareigenda. Fram kemur í nýrri samgönguáætlun að gjald það sem ríkið leggur á hvern lítra bensíns mun hækka um sex til sjö prósent þann fyrsta júlí.

Innan við tvö ár eru síðan bensíngjaldið var hækkað síðast í nóvember 2003 og fer nú tæp 31 króna af verði hvers bensínlítra til ríkisins. Gjaldið mun hækka um tvær krónur og ennfremur er gert ráð fyrir að bensíngjaldið hækki í takt við verðlagsþróun allt fjögurra ára vegáætlunartímarbilið. Er ástæðan hækkunarinnar sú að vega þurfi upp á móti minni tekjum ríkisins þegar þungaskattskerfið verður afnumið í júlí en áætlanir gera ráð fyrir að olíugjald það sem í staðinn komi skili ekki sömu tekjum.



**FARIÐ DÝPRA Í BUDDU NEYTENDA**
Bensíngjald ríkissjóðs hækkar um tvær krónur þann fyrsta júlí úr tæpri 31 krónu í rúmlega 33 krónur á hvern lítra.



**RUNÓLFUR ÓLAFSSON**
Undrast enn frekari skattheimtu af bensínlítranum í ljósi þeirra gríðarlegu verðhækkana sem líklegar eru næstu mánuði og ár.

Runólfur segist ekkert skilja í yfirvöldum með þessari aðgerð. „Það skýtur skökku við að þegar verið er að innleiða kerfi sem er þjóðhagslega jákvæðara eins og verið er að gera með olíugjaldinu í stað þungaskatts að þá rísi upp annar angi ríkisins sem telur sig verða fyrir tekjutapi og þurfi að fá það bætt. Vegaskatturinn er eyrnamerktar skatttekjur en ríkið hefur í fortíðinni klipið af þeim tekjum til nota annars staðar og ekki má gleyma þessu svokallaða vörugjaldi sem eru ellefu krónur í viðbót af hverjum lítra bensíns og rennur í alls óskyld verkefni."

Þannig mun ríkið fá beint 44 krónur af verði hvers lítra í byrjun júlí og eru þá ekki talin önnur gjöld, tollar og virðisaukaskattur sem einnig leggst á eldsneyti en allar erlendar spár gera ráð fyrir áframhaldandi verðhækkunum á eldsneyti á heimsmörkuðum á komandi mánuðum og árum.

albert@frettabladid.is

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar:

# Uppbygging og hagræðing

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, telur að rekstrarárangur bæjarins 2004 hafi verið einstaklega góður. Mikil uppbygging hafi átt sér stað og íbúum hafi hvergi fjölgað meira en í Hafnarfirði á síðustu árum.



**LÚÐVÍK GEIRSSON**
Einstaklega góður árangur, segir bæjarstjórinn.

„Við höfum breytt stjórnsýslunni til að ná fram auknni hagkvæmni og vorum að fá sérstaka viðurkenningu fyrir það frá Sambandi sveitarfélaga. Síðan höfum við farið í miklar hagræðingaraðgerðir og náð fram hagræðingu upp á 600-700 milljónir á síðustu tveimur árum," segir hann.

- ghs

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**KONAN FUNDIN LÁTIN** Áslaug Edda Bergsdóttir, sem lögreglan í Hafnarfirði og björgunarsveitir leituðu, fannst látin í Ásfelli rétt upp úr hálftíu í gærkvöldi. Áslaug var 54 ára gömul og var síðast vitað um ferðir hennar á laugardag.

**TVÆR VELTUR Á SAMA STAÐ OG TÍMA** Þrír bræður undir þrítugu, sá yngsti fimm ára, voru í bíl sem valt við Þjóðólfshaga í Ásahreppi á Suðurlandsvegi rétt austan Þjórsár um klukkan hálf fjögur í gær. Þeir sluppu ómeiddir en bíllinn sem þeir voru á er talsvert mikið skemmdur. Nokkrum metrum frá og einungis örfáum mínútum síðar valt annar jeppi með miðaldra hjónum. Þau sluppu einnig ómeidd.




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18

Opið virka daga: 10–18
laugardaga: 11–15
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

LYSTADÚN Marco


Nýtt vikublað um viðskipti:

# Markaðurinn á markaðinn

**ÚTGÁFA** Nýtt vikublað um viðskipti og athafnalíf hefur göngu sína á morgun. Blaðið heitir *Markaðurinn* og verður dreift frítt með Fréttablaðinu. Fyrsta blaðið kemur út á föstudegi, enda eru þeir til fjár að sögn Hafliða Helgasonar ritstjóra blaðsins, en upp frá því mun Markaðurinn koma út vikulega á miðvikudögum.

„Viðskipta- og fjármálalífið hefur sífellt meira vægi í samfélaginu. Markaðurinn hefur að leiðarljósi að greina frá hræringum viðskiptalífsins með skýrum og skemmtilegum hætti og hafa fingur á púlsi þess helsta sem er að gerast á markaðstorgum hérlendis og erlendis hverju sinni," segir Hafliði.



**RITSTJÓRN MARKAÐARINS**
Á ritstjórninni starfa, séð frá vinstri: Dögg Hjaltalín, Hafliði Helgason, Björgvin Guðmundsson, Eggert Þór Aðalsteinsson og Þórlindur Kjartansson.

Auk hans eru á ritstjórn Markaðarins Björgvin Guðmundsson, sem kemur af Morgunblaðinu, Dögg Hjaltalín sem var á Viðskiptablaðinu, Eggert Þór Aðalsteinsson sem verið hefur í eigin rekstri og Þórlindur Kjartansson en hann hefur sinnt viðskiptafréttaskrifum fyrir Fréttablaðið með Hafliða. Útgefandi Markaðarins er 365 prentmiðlar. ■

# ÖLL Í SAMA NÚMERI




ENNEMM / SÍA / NM15741

# 4 11 11 11

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

**ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG!**

Reykjavíkurborg

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 06.04.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 60,91 | 61,21 |
| Sterlingspund | GBP | 114,59 | 115,15 |
| Evra | EUR | 78,51 | 78,95 |
| Dönsk króna | DKK | 10,54 | 10,60 |
| Norsk króna | NOK | 9,62 | 9,68 |
| Sænsk króna | SEK | 8,57 | 8,62 |
| Japanskt jen | JPY | 0,56 | 0,56 |
| SDR | XDR | 91,63 | 92,17 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**108,31 +0,40%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Skotbardagar í Sádi-Arabíu:

# Eftirlýstur öfgamaður drepinn

**SÁDI-ARABÍA, AP** Liðsmenn sádi-arabískra öryggissveita skutu í gær til bana eftirlýsta hryðjuverkamenn í skotbardaga í höfuðborginni Riyadh. Þetta var fjórða daginn í röð sem til skotbardaga kom milli vopnaðra öfgamanna og öryggissveita á mismunandi stöðum í konungdæminu. Innanríkisráðuneyti Sádi-Arabíu greindi frá þessu í gær.

Abdul-Rahman Mohammed Mahammed Yazji var meðal þeirra sem biðu bana í skotbardaga við lögreglu í iðnaðarhverfi í Riyadh-borg, að því er ráðuneytið sagði í fréttatilkynningu. Yazji var 25. á lista yfir þá 26 meintu hryðjuverkamenn sem stjórnvöld lögðu mesta áherslu á að handsama. Dauði hans þýðir að 24 af þessum 26 liggja nú annaðhvort í valnum eða eru í varðhaldi.

Fyrir skotbardagann í Riyadh höfðu öryggissveitir átt í þriggja daga viðureign við vopnaða öfgamenn sem höfðu hreiðrað um sig í eyðimerkurbænum Rass, 350 km norðvestur af Riyadh. Fjórtán menn voru drepnir og sex handteknir. Sex öryggissveitarmenn særðust, að sögn yfirvalda. ■



**FYLGST MEÐ SKOTBARDAGA**
Unglingar í bænum al-Rass í Sádi-Arabíu taka fyrir eyrun þegar skotbardagi við öfgamenn stóð þar yfir á þriðjudag.

Hofsprestakall:

# Fimm sóttu um brauðið

**KIRKJAN** Fimm sóttu um stöðu sóknarprests í Hofsprestakalli.

Séra Brynhildur Óladóttir, Klara Hilmarsdóttir guðfræðingur, Stefán Már Gunnlaugsson guðfræðingur, Stefán Karlsson guðfræðingur og Þóra Ragnheiður Björnsdóttir guðfræðingur sóttu um brauðið.

Sóknarbörn í Hofsprestakalli hafa farið fram á almenna prestskosningu í prestakallinu í stað þess að valnefnd velji sóknarprestinn. Slíkt er leyfilegt ef þriðjungur atkvæðisbærra sóknarbarna í prestakallinu fer fram á það. Stefnt er að því að kosningar fari fram fyrir maílok 2005. - jss



**GRUNDARTANGI**
Síðla árs 2008 verður álframleiðsla Norðuráls komin í 260 þúsund tonn á ári. Í dag er hún um 90 þúsund tonn.

Stækkun Norðuráls:

# Enn frekari stækkun

**ÁLVER** Norðurál hefur komist að samkomulagi við Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja um kaup á 70 MW viðbótarraforku fyrir álver fyrirtækisins á Grundartanga.

Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, segir þessa stækkun hafa góð áhrif á atvinnulífið þar sem framkvæmdatímabil við virkjun og byggingu álvers verður framlengt til 2008 í staðinn fyrir að henni lyki árið 2006. Til að Orkuveita Reykjavíkur geti annað þessari aukningu þarf hún að sögn Guðmundar að bæta við virkjunum á Hellisheiði og er það í vinnslu núna með umhverfismati. - sgi

## MIÐ-AUSTURLÖND

**GRAFREITIR OG GÆLUDÝR FLUTT** Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, hefur tekið við áætlun sem unnin hefur verið um brotthvarf frá landtökubyggðum á Gaza, þeirri ítarlegustu sem hefur enn verið unnin. Í henni er meðal annars gert ráð fyrir hvernig eigi að flytja gæludýr landtökumanna á brott og grafa upp grafreiti Ísraela og flytja annað.

# Til Afganistan með breytta jeppa

**Íslenska friðargæslan sendir tíu til fimmtán manna sveit til nýrra starfa í Norður-Afganistan í ágúst. Hún lætur breyta jeppum hér til að taka með sér. Sveitin verður vopnuð en mun fyrst og fremst sinna hjálparstörfum.**

**FRIÐARGÆSLA** Tíu til fimmtán íslenskir friðargæsluliðar fara til starfa í Norður-Afganistan í ágúst. Þeir taka með sér tvo eða þrjá jeppa sem breytt verður hérlendis til að nota við þær erfiðu aðstæður sem eru á þessum slóðum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður sveitin vopnuð eins og íslensku friðargæslusveitirnar í Afganistan hafa verið og fer hún til þjálfunar í Noregi í maí eða júní.

Þetta verkefni í Norður-Afganistan kemur í beinu framhaldi af stjórn íslensku friðargæslunnar á flugvellinum í Kabúl en henni lauk 1. febrúar síðastliðinn. Talið er víst að einhverjir þeirra Íslendinga sem gegndu þjónustu í Kabúl verði liðsmenn þessarar nýju sveitar.

Verkefnið sem um ræðir felst í að aðstoða íbúa afskekktra fjallahéraða í Norður-Afganistan, en ástandið á þeim slóðum er afar bágborið og líf fólks frumstætt eftir margra áratuga stríðsástand. Þarna eru miklar vetrarhörkur með tilheyrandi vatnsskorti og matur er af skornum skammti.

Fram til þessa hafa hjálparsveitir á svæðinu notast við óbreytta jeppa en þeir ekki reynst nógu vel enda landið mjög erfitt yfirferðar. Þess vegna var ákveðið að láta breyta nokkrum jeppum hérlendis fyrir sveitina enda Íslendingar sérfræðingar í að breyta jeppum til nota við mismunandi aðstæður. Reynist jepparnir vel er ekki útilokað að fleiri jeppum verði breytt hérlendis til nota fyrir friðargæsluna.

Þrátt fyrir að lítið hafi verið um átök á þessum slóðum upp á síðkastið er talið nauðsynlegt að liðsmenn friðargæslusveita beri vopn sér til varnar og munu Íslendingarnir fá þjálfun í þeim efnum í Noregi eins og verið hefur um þær íslensku sveitir sem starfað hafa í Afganistan.

Ekki náðist í forsvarsmenn íslensku friðargæslunnar.

ssal@frettabladid.is



**FRIÐARGÆSLAN**
Ný verkefni eru framundan í Norður-Afganistan. Sveitin sem fer þangað tekur með sér sérútbúna íslenska jeppa.



**LANDSPÍTALI**
Forstjóri LSH telur umkvörtunarefni lyfjafræðinga heyra sögunni til.

Forstjóri LSH:

# Engin lög brotin

**LANDSPÍTALI** Umkvörtunarefni lyfjafræðinga heyra sögunni til segir í yfirlýsingu frá forstjóra Landspítala – háskólasjúkrahúsi um lyfjaþjónustu LSH. Lyfjafræðingar hafa kvartað yfir að lyfjaþjónustunni sé stjórnað af viðskiptafræðingi.

Segir í yfirlýsingunni að kaup og sala lyfja sé óvæginn viðskiptavettvangur og því hafi skipt miklu að hafa í forystu stjórnanda sem kunni sitt fag, sem í því tilliti séu viðskipti. Þá hafi stefnunefnd HÍ og LSH fallist á það stjórnunarfyrirkomulag sem nú gildi um lyfjaþjónustuna. - sgi

Sjúkrahúsið Vogur:

# 4.885 konur í meðferð

**MEÐFERÐ** Konur voru tæplega þriðjungur þeirra 17.512 sem höfðu innritast á meðferðarsjúkrahúsið Vog frá 1977 til ársloka 2004. Áttatíu prósent allra sem fóru í meðferð fóru þrisvar sinnum eða sjaldnar.

Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir, segir enga skýringu vera á hvers vegna færri konur en karlar fara í meðferð en kenningarnar margar.

„Meðal annars hefur verið talað um annars konar félagslega stöðu konunnar og aðra áhættuþætti; þjóðfélagið veiti þeim meira aðhald vegna barnauppeldis“. - gag


Tilboð

Glæný laxaflök

890,- kr/kg

Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70


## Veðrið

**SÉR FYRIR ENDANN Á FROSTHÖRKUNUM Í BILI** Við fáum ískaldan dag í dag en á morgun þróast þetta allt til betri vegar og þá ætti að vera orðið frostlaust víðast hvar, þó síst fyrir austan.

**HELGIN NÆSTA** Veðrið um helgina einkennist af breytilegum áttum og fremur vætusömu veðri. Á hinn bóginn verður milt.

**KÓLNAR AFTUR** Svo kuldalega sem það hljómar eru kortin heldur köld fyrir miðja næstu viku, enda eru reyndar enn 2 vikur í fyrsta sumardag.



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

### Í dag um hádegi




### Á morgun




Nokkuð stíf vestanátt allra syðst annars hægari.

### Laugardagur




Strekkingur með suðurströndinni annars hægari.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 11°C léttskýjað | París | 12°C léttskýjað | Mílanó | 16°C skýjað-skúr |
| Osló | 6°C alskýjað | Berlín | 15°C skúrir | New York | 22°C skýjað |
| Stokkhólmur | 10°C léttskýjað | Amsterdam | 11°C skýjað | San Fransisco | 18°C skýjað-skúr |
| London | 12°C skýjað | Madrid | 22°C léttskýjað | Orlando | 28°C skýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Ný og betri bókunarleið á Netinu

**veljið dagsetningu** — breyta leitinni

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Reykjavík til London** | 27 jún. 05 | +/- 3 dagar | **Farþegar:** | 1 |
| **London til Reykjavík** | 3 júl. 05 | +/- 3 dagar | **Fargjald:** | Almennt |

Verð miðast við fullorðna **án skatta**. Heildarverð að meðtöldum sköttum fyrir alla farþega verður birt á næstu stigum.

| | | Til baka: London - Reykjavík | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | fim. jún. 30 | fös. júl. 01 | lau. júl. 02 | sun. júl. 03 | mán. júl. 04 | þri. júl. 05 | mið. júl. 06 |
| **Á útleið:** Reykjavík - London | fös. jún. 24 | frá 21000 ISK | frá 23800 ISK | frá 21000 ISK | frá 23800 ISK | frá 21000 ISK | frá 21000 ISK | frá 21000 ISK |
| | lau. jún. 25 | frá 18200 ISK | frá 21000 ISK | frá 18200 ISK | frá 21000 ISK | frá 18200 ISK | frá 18200 ISK | frá 18200 ISK |
| | sun. jún. 26 | frá 49800 ISK | frá 49800 ISK | frá 49800 ISK | frá 25900 ISK | frá 23100 ISK | frá 23100 ISK | frá 23100 ISK |
| | mán. jún. 27 | frá 49800 ISK | frá 49800 ISK | frá 49800 ISK | frá 23800 ISK | frá 21000 ISK | frá 21000 ISK | frá 21000 ISK |
| | þri. jún. 28 | frá 59800 ISK | frá 49800 ISK | frá 49800 ISK | frá 2100[illegible] ISK | frá 18200 ISK | frá 18200 ISK | frá 18200 ISK |
| | mið. jún. 29 | frá 69800 ISK | frá 59800 ISK | frá 49800 ISK | frá 210[illegible]0 ISK | frá 18200 ISK | frá 18200 ISK | frá 18200 ISK |
| | fim. jún. 30 | frá 69800 ISK | frá 69800 ISK | frá 59800 ISK | frá 21[illegible]00 ISK | frá 18200 ISK | frá 18200 ISK | frá 18200 ISK |

**Legend** ☐ = Umbeðin dags. ■ = Lægsta verð ISK = Íslenskar krónur

Umbeðnir ferðadagar á lægsta verði

Lægsta verð sem er í boði almennt á viðkomandi áfangastað



# Nú er **einfaldara, þægilegra og fljótlegra** að panta flug á www.icelandair.is

Um helmingur farþega með Icelandair pantar og greiðir fyrir flugfarið á Netinu.
Við höfum nú tekið í notkun nýtt og einfaldara leitar- og bókunarkerfi á vef okkar, www.icelandair.is. Notandaviðmótið er skýrt og þægilegt og leikur einn að kanna flugmöguleika á tilteknum dögum, skoða mismunandi verð og ganga frá pöntun og greiðslu.

Kynntu þér málið og slástu í hóp þeirra tugþúsunda Íslendinga sem kaupa sér alltaf flugmiða á www.icelandair.is

ICELANDAIR
www.icelandair.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 27851 04/2005



## KJÖRKASSINN

*Á að endurvekja Kvennalistann hér?*

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

| | |
|---|---|
| Já | 23,6% |
| Nei | 76,4% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Ætlarðu að fylgjast með útför páfa í sjónvarpi?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Stóru olíufélögin:

# Ekki samráð gegn Atlantsolíu

**BENSÍNVERÐ** Talsmenn stóru olíufélaganna hafna með öllu ásökunum forsvarsmanna Atlantsolíu um að verðstefna þeirra á bensíni hafi það að markmiði að knésetja fyrirtækið.

Athygli hefur vakið að bensínverð er þessa dagana hærra hjá Atlantsolíu en keppinautunum og munar þar nokkru. Verðið er 101.20 krónur lítrinn hjá Atlantsolíu en algengt verð á sjálfsafgreiðslustöðvum hinna félaganna er frá 97.10 til 98.20 lítrinn.

„Við vísum þessum ásökunum alfarið á bug, við höfum sagt í mörg ár að við bjóðum viðskiptavinum okkar samkeppnishæf kjör og munum halda því áfram“, segir Samúel Guðmundsson framkvæmdastjóri fjárfestinga- og áhættustýringarsviðs hjá Olíuverslun Íslands.

Hann segir athyglisvert að talsmenn Atlantsolíu telji sig geta stýrt markaðnum þegar þeir lækka verð á besíni og vilji nú líka stýra verðinu þegar þeir hækka það.

Magnús Ásgeirsson innkaupastjóri eldsneytis hjá Olíufélaginu Esso segir fráleitt að verðlagningu þeirra á bensíni sé stefnt gegn einhverjum einstökum keppinauti á markaði. „Það liggur í augum uppi að við viljum láta viðskiptavini okkar njóta samkeppnishæfasta verðs hverju sinni. Við erum einfaldlega að bregðast við markaðsaðstæðum“, segir Magnús.

- sþs



**BENSÍNVERÐ**
Stóru olíufélögin bjóða nú lægra verð á bensíni en Atlantsolía en segja verðinu ekki beint gegn fyrirtækinu.

Starfsgreinasambandið:

# Ræða svart vinnuafl

**VINNUMARKAÐURINN** Starfsgreinasambandið heldur málþing um félagsleg undirboð og ólöglegt erlent vinnuafl á Selfossi um miðjan mánuðinn. Á málþinginu verða fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar, embættis Skattrannsóknastjóra, Vinnumálastofnunar og Sýslumannsembættisins á Selfossi.

Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, segir að farið verði yfir málið í heild sinni til að fá góða yfirsýn og geta betur kortlagt hverjir þurfa að koma að lausn þess og hvernig það verður leyst með skynsamlegum hætti.

- ghs



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**ENGINN FRIÐUR**
Björgunarsveitarmenn hafa haft í mörgu að snúast síðustu sólarhringa og fjöldi útkalla mun meiri en venja er.

Björgunarsveitir Landsbjargar:

# Mikill erill síðustu daga

**BJÖRGUNARMÁL** „Það má til sanns vegar færa að það hefur verið óvenju mikið að gera síðustu daga,“ segir Gunnar Stefánsson, sviðsstjóri björgunarsviðs Landsbjargar. Hafa þeir þurft að glíma við mun meiri fjölda verkefna en venja er að undanförnu.

„Þarna hefur verið um ýmislegt að ræða og ekkert eitt sem stendur upp úr. Það var leitin að Brasilíumanninum á sunnudag og mánudag, svo leituðum við göngumannanna í fyrrinótt og auk þess þurfti að veita aðstoð á vegum úti vegna ófærðar víða. En vissulega er erillinn meiri en gengur og gerist.“

- aöe

# Fengu seint og illa greitt fyrir vinnu sína

**Réttur var brotinn á Pólverjunum og Lettunum sem nýlega voru teknir fyrir ólögleg störf á Suðurlandi. Pólverjarnir höfðu ekki fengið krónu greidda en Lettarnir höfðu samning upp á 90 þúsund krónur fyrir langan vinnudag.**

**VINNUMARKAÐURINN** Pólverjar sem voru dæmdir fyrir að vinna ólöglega á Suðurlandi landi höfðu ekki fengið krónu greidda fyrir störf sín frá í febrúar og vissu ekki hvenær eða hversu mikið þeir fengju greitt. Þeir bjuggu heima hjá vinnuveitandanum.

Lettar sem nýlega voru teknir hér fyrir störf án tilskilinna leyfa undirrituðu ráðningarsamning þremur til fjórum tímum fyrir brottför til Íslands. Fyrir dómi sögðust þeir hafa átt að fá 90 þúsund krónur og vinna 11 tíma vinnudag sex daga vikunnar. Ekki er vitað hvort upphæðin átti að vera á mánuði eða fyrir allt tímabilið. Þetta er langt undir íslenskum kjarasamningum.

Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, telur að mennirnir hafi átt að fá 200 þúsund krónur á mánuði samkvæmt kjarasamningum. Á Íslandi er átta stunda vinnudagur og 40 stunda vinnuvika. Lágmarkslaunin eru 104 þúsund krónur á mánuði fyrir dagvinnu og segir hann að mennirnir hafi því frekar átt að fá um 200 þúsund krónur á mánuði að yfirvinnu meðtalinni. Við bætast síðan ýmis réttindi og tryggingar.

Ekkert er vitað um skil á opinberum gjöldum vegna mannanna og segist Skúli Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóri ekki tjá sig um einstök mál. Stórf skattrannsóknarstjóra beinast mikið að aðilum í veitingastarfsemi, mannvirkjagerð og verktakastarfsemi af ýmsu tagi. Almennt má segja að launagreiðendur eigi að halda eftir staðgreiðslu opinberra gjalda af starfsmönnum og skiptir þá ekki máli hvort það eru útlendingar eða Íslendingar.

„Ef menn halda ekki eftir staðgreiðslu opinberra gjalda þá bætist sú brotastarfsemi við aðra brotastarfsemi sem kann að vera í gangi vegna þess að vinnuveitendur hafa fólk í vinnu án tilskilinna leyfa. Við mat á refsimeðferð þarf að meta hvort önnur brotastarfsemi kunni að vera fyrir hendi fyrir utan verksvið embættisins og þá eru meiri líkur á að slíkir aðilar séu sendir í lögreglumeðferð en ella,“ segir hann.

ghs@frettabladid.is



**Á SELFOSSI**
Tveir hópar Letta og Pólverja hafa verið teknir án tilskilinna leyfa á Suðurlandi að undanförnu. Réttur hefur verið brotinn á þessum mönnum þar sem kjör þeirra eru langt undir lögbundnum lágmarkskjörum.

**VINNUVEITANDINN ÓKUNNUR**
Verið er að þýða ráðningarsamning Lettanna þriggja sem nýlega voru teknir án atvinnuleyfa á Suðurlandi. Mennirnir höfðu verið í byggingarvinnu í Ólafsvík áður en þeir komu til starfa á Suðurlandi. Í skýrslugerð hjá lögreglunni á Selfossi kom fram að mennirnir vissu ekki fyrir hvern þeir unnu og kannaðist enginn við að hafa þá í vinnu eða vinna með þeim. Málið er til rannsóknar hjá lögreglu.

**ÞINGFESTING Í APRÍL**
Búið er að gefa út ákæru á hendur Íslendingnum sem hafði Pólverjana þrjá í vinnu og verður málið þingfest um miðjan apríl. Pólverjarnir höfðu ekki fengið nein laun greidd og vissu því ekki á hvaða kjörum þeir voru hér.

Krækt í keppinaut:

# Stjórnar útrás 365

**STARFSMANNAMÁL** Fyrrverandi dagskrárstjóri Skjás eins til rúmra fimm ára, Helgi Hermannsson, hefur verið ráðinn til starfa við erlend þróunarverkefni fyrir 365 prent- og ljósvakamiðla.

„Mitt hlutverk verður að leita fjárfestingatækifæra erlendis fyrir félagið. Hvort sem það er að kaupa fyrirtæki eða vinna á einhvern hátt með þeim,“ segir Helgi sem hefur störf fljótlega.

Helgi segir að hann hafi viljað breyta til innan atvinnugreinarinnar: „Fjölmiðlamarkaðurinn í heiminum er að taka miklum breytingum og spennandi að takast á við það.“

- gag



**HELGI HERMANNSSON**
Hefur störf hjá 365 prent- og ljósvakamiðlum fljótlega. Hann mun starfa við erlend þróunarverkefni.

Héraðsdómur Reykjavíkur:

# Fjórtán mánaða fangelsi

**DÓMSMÁL** Kona var í gær dæmd til fjórtán mánaða fangelsisvistar fyrir fíkniefnabrot og þjófnað en brotaferill viðkomandi er langur og útskýrir það lengd dómsins. Dómurinn frestaði þó til fullnustu tólf af þeim fjórtán mánuðum sem dómurinn hljóðaði upp á haldi viðkomandi skilorð næstu þrjú ár.

Var konan dæmd til greiðslu skaðabóta að upphæð 1.989 króna vegna sokkaparsins auk þess sem henni var gert að greiða verjanda sínum 60 þúsund krónur í málsvarnarlaun. ■

## EVRÓPA

**FÓRUST Í SPRENGINGU**
Þrír hollenskir sjómenn létust þegar sprengja sprakk um borð í skipi þeirra. Sjómennirnir fengu sprengjuna í net sín og hún sprakk þegar hún var hífð um borð. Talið er að sprengjan hafi legið á hafsbotni síðan í seinni heimsstyrjöld.






Héraðskosningar á Ítalíu:

# Berlusconi lætur ósigur ekki á sig fá

**ÍTALÍA, AP** Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, sat í gær á rökstólum með fulltrúum borgaraflokkanna sem aðild eiga að ríkisstjórn hans, en þeir biðu mikinn ósigur í héraðsstjórnarkosningunum sem fram fóru í þrettán af tuttugu héruðum Ítalíu í byrjun vikunnar.

Úrslit kosninganna, sem urðu kunn á þriðjudag, voru á þá leið að borgaraflokkarnir töpuðu í ellefu af þeim þrettán héruðum sem kosið var í.

Þessi niðurstaða er áfall fyrir stjórnina nú þegar ár er til næstu þingkosninga.

Á þriðjudagskvöld kom Berlusconi óvænt fram í spjallþætti í sjónvarpi og vísaði á bug öllum afsagnarkröfum. Hann lýsti því þar yfir að sér yrði „ómögulegt“ að tapa næstu þingkosningum. ■



**MÆTTI ÓVÆNT** Silvio Berlusconi í sjónvarpssal á þriðjudagskvöld, þar sem hann mætti stjórnarandstöðuleiðtogum í beinni útsendingu, en það hefur ekki gerst lengi.




Gildir til 13. apríl eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

Fæst eingöngu í Hagkaupum Kringlunni.



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heitir bandaríski varautanríkisráðherrann sem frestaði fundi með Davíð Oddssyni vegna veðurs?*

2 *Hvað heitir leiðtogi sænska kvennalistans?*

3 *Hvaðan segist flóttamaðurinn sem dvalið hefur hér í fimm ár án þess að fá pólitískt hæli vera?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 38

Alþjóðadeild Ríkislögreglustjóra komin í þrot:

# Flóttamaðurinn fastur hér

**FÉLAGSMÁL** Alþjóðadeild Ríkislögreglustjóra er komin í þrot með tilraunir til að afla upplýsinga um hvert sé heimaland Aslans Gilaevs, ríkisfangslausa flóttamannsins sem dvalið hefur hér á landi í hartnær fimm ár, að sögn Smára Sigurðssonar hjá alþjóðadeildinni.

Aslan kom hingað árið 2000 og bað um hæli sem pólitískur flóttamaður.

Hann var skilríkjalaus og var hafnað. Han hefur dvalið hér á bráðabirgðadvalarleyfi, þrisvar sinnum farið til annarra Norðurlanda en verið sendur jafnharðan til baka. Hann er nú vegalaus hér á landi, býr uppi á lofti í Geðhjálparhúsinu og hefur engan framfærslueyri, að eigin sögn. Hann vill komast af landi brott, þar sem honum hafi verið synjað um íslenskan ríkisborgararétt.

Ragnheiður Böðvarsdóttir forstöðumaður stjórnsýslusviðs Útlendingastofnunar sagði að ekki væri hægt að láta manninn fá útlendingavegabréf, því þar þyrfti ríkisfang hans að vera skráð.

Smári sagði að alþjóðadeildin hefði leitað allra leiða til að finna út frá hvaða landi hann væri, en án árangurs. Flóttamaðurinn er því fastur hér.

- jss



**ASLAN GILAEVS**
Fær ekki útlendingavegabréf, því ríkisfangið vantar.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**HARÐUR ÁREKSTUR Í LJÓSAVATNSSKARÐI** Tveir voru fluttir á sjúkrahús eftir harðan árekstur tveggja bifreiða í Ljósavatnsskarði í gærmorgun. Meiðsl fólksins voru þó ekki alvarleg en báðir bílarnir eru ónýtir.

**ÞRÍR ÁREKSTRAR Á AKUREYRI** Þrír árekstrar urðu á einum og sama staðnum á Akureyri fyrir hádegi í gær. Enginn slasaðist alvarlega en ástæða fjölda árekstra var að fyrr um morguninn hafði ljósaviti á gatnamótunum verið ekinn niður og umferðarljós því óvirk.

**BÍLVELTA Á BREIÐAMERKURSANDI** Enginn slasaðist þegar bíll valt á Breiðamerkursandi í gær. Lögreglumenn á vettvangi töldu þó að bíllinn væri ónýtur.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**ÖLLU KOMIÐ AF STAÐ AFTUR** Lögreglan á Borgarnesi vann að því í gærdag ásamt björgunarsveitum að losa þá 12 bíla sem skildir voru eftir á Holtavörðuheiði í óveðrinu í fyrrakvöld. Tókst það hægt en örugglega en lögregla vildi koma því á framfæri að færð á Snæfellsnesi væri enn erfið.

**NAUÐGUNARMÁL Í RANNSÓKN** Lögreglan á Sauðárkróki er enn að rannsaka nauðgunarkæru sem barst embættinu í síðustu viku. Var þar um að ræða kæru vegna nauðgunar sem átti að hafa orðið aðfararnótt páskadags. Beðið er niðurstaðna úr DNA prófunum og er einhver tími þangað til þær berast.

Hellisheiði:

# Nýr vegur yfir Svínahraun



**GRAFA Í HRAUNI**
Ef grannt er skoðað má greina einmana gröfu að störfum í hrauninu á Hellisheiði. Unnið er að gerð nýs vegar og mislægra gatnamóta.

**VEGAGERÐ** Unnið er að nýjum veg á Hellisheiði. Um er að ræða sex kílómetra kafla sem nær frá Litlu Kaffistofunni og yfir í Hveradalabrekkur að sögn Sigurðar Jóhannssonar, deildarstjóra nýframkvæmda hjá Vegagerðinni.

KNH ehf frá Ísafirði sjá um verkið og felst það í því að bæta við þriðju akrein á hluta gamla vegarins auk þess sem lagður verður nýr þriggja akreina vegur yfir svínahraun. Mislæg gatnamót verða reist til að greiða fyrir umferð frá Þorlákshöfn. Verkið hófst 11. mars og er áætlað að því ljúki í október.

- sgi



MYND AP

**LÍK PÁFA Í PÉTURSKIRKJUNNI**
Endalaus röð pílagríma liggur í Péturskirkjuna í Róm til að votta páfa hinstu virðingu fyrir útför hans á morgun.

# Búa í haginn fyrir páfakjör

**Endalausar raðir pílagríma liggja að Péturskirkju þar sem lík páfa stendur uppi. Kardinálar hafa þótt fjölmiðlavænir að undanförnu og tengja menn það komandi páfakjöri.**

**PÁFAGARÐUR, AP** Tilkynnt var um það í gær að kjör arftaka Jóhannesar Páls II páfa myndi hefjast mánudaginn 18. apríl, en það mun fara fram á lokuðu þingi kardinála kirkjunnar frá öllum heimshornum. Alls 117 kardinálar, allir sem eru undir áttræðu, hafa rétt til að taka þátt í kjörinu, en að minnsta kosti einn þeirra getur ekki mætt af heilsufarsástæðum. Vangaveltur um hver úr hópi kardinálanna sé líklegastur til að verða kjörinn næsti páfi eru komnar á fullan skrið og sumir þeirra hafa verið mjög viljugir til að veita fjölmiðlum viðtöl sem hefur sett vott af kosningabaráttubrag á mót þeirra í Róm.

Á forþingi kardinálanna í Páfagarði í gær var ýmislegt rætt um framkvæmd útfarar páfa sem fram fer á morgun, föstudag. Joaquin Navarro-Valls, talsmaður Páfagarðs, sagði að kardinálarnir hefðu á fundinum í gær lesið andlega erfðaskrá Jóhannesar Páls II. Í erfðaskránni er að sögn Navarro-Valls ekki að finna nafn hins dularfulla leynilega kardinála, sem vitað er að páfi útnefndi á árinu 2003. Var þar með bundinn endir á vangaveltur um að einn áður óþekktur viðbótarkardináli myndi bætast í hópinn sem kýs næsta páfa. Dæmi eru um slíka leynilega útnefningu kardinála í löndum þar sem kirkjan sætir ofsóknum.

Ítalski herinn hefur komið fyrir skotpöllum fyrir loftvarnarflaugar og öðrum búnaði víða um Rómaborg í öryggisskyni fyrir útför páfa vegna hugsanlegrar hryðjuverkahættu. Milljónir trúaðra kaþólikka verða við útförina, svo og hundruð þjóðar- og kirkjuleiðtoga frá öllum heimshornum, þar á meðal núverandi og tveir fyrrverandi forsetar Bandaríkjanna. Það er því hægt að ímynda sér að það sé freistandi fyrir hryðjuverkamenn að reyna að efna til ódæðisverka við þetta tækifæri. En ítölsk yfirvöld gera lítið úr þerri hættu, jafnvel þótt gripið hafi verið til ýmissa varúðarráðstafana.

Allt að milljón manns hafði í gær lagt leið sína í Péturskirkjuna þar sem lík hans stendur uppi. Endalaus biðröð pílagríma liggur að kirkjunni. Komið hefur verið upp tjaldbúðum við borgarmörkin vegna mannmergðarinnar sem streymir alls staðar að.

- aa



# Háskólanám allt árið!



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

Viðskiptaháskólinn á Bifröst mun frá og með næsta hausti bjóða þeim nemendum sem það kjósa að ljúka námi til BS eða BA gráðu á tveimur árum í stað þriggja með því að leggja stund á nám allt árið.

Heilsársháskólinn verður valkvæður og hentar fyrst og fremst duglegum nemendum, eins og skólinn leggur metnað sinn í að laða til sín.

Með þessari nýjung verður háskólanám að fullri vinnu og er efnahagslegur sparnaður nemenda af þessari breytingu verulegur þar sem þeir geta lengt starfsævi sína um ár.

*Frekari upplýsingar:*

**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími 433 3000

VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN BIFRÖST

**Stjórnenda og leiðtogaskóli í 87 ár**






Stjörnuíbúð
**Plácido Domingo**
í Egilshöll

Innlit á vinnustofu
**Rögnu Fróða**

Allt um
**barnaherbergið**



Eitt flottasta
**raðhús Reykjavíkur**

Innlit hjá **Snæfríði ritstýru**

Hús og híbýli - Þinn lífstíll


Mónakófursti látinn:

# Rainier syrgður

**MÓNAKÓ, AP** Þjóðarsorg var lýst yfir í Mónakó í gær, eftir að það fréttist að Rainier fursti, sem ríkt hafði frá því árið 1949, hefði andast í fyrrinótt, 81 árs að aldri.

Hin meira en hálfrar aldar langa stjórnartíð Rainiers III í furstadæminu, þar sem 32.000 manns búa, er mesta framfara- og velmegunarskeið í sögu þess. Hróður þess jókst til muna er furstinn gekk að eiga Hollywood-stjörnuna Grace Kelly árið 1956.

Albert prins, sem áður hafði tekið við embættisskyldum furstans er hann lá banaleguna á sjúkrahúsi, tók við furstatigninni við andlát föður síns.

Samúðarkveðjur bárust furstafjölskyldunni hvaðanæva að í gær. Elísabet Englandsdrottning, sem tekur við af Rainier III sem sá þjóðhöfðingi í Evrópu sem lengst hefur setið á valdastóli, sendi einnig samúðarkveðjur, svo og þjóðhöfðingjar annarra landa innan Evrópu sem utan. ■



**FURSTAFJÖLSKYLDAN**
Rainier fursti ásamt börnum sínum, prinsessunum Karolínu og Stefaníu og krónprinsinum Albert, en hann hefur nú tekið við furstatigninni að föðurnum gengnum.

## AFRÍKA

**SVIK Í ZIMBABWE** Talsmenn stjórnarandstöðuflokksins í Zimbabwe, MDC, sögðu í gær að rannsókn á framkvæmd þingkosninganna sem fram fóru í landinu í fyrri viku sýndi að stjórnvöld hefðu beitt grófum kosningasvikum og komið þannig að minnsta kosti 30 umboðslausum fulltrúum á þing fyrir stjórnarflokkinn. Fyrir kosningar töldu fáir að þær færu eðlilega fram.

# Fimm mál valda deilum

**Kennarar í Menntaskólanum á Ísafirði segja ekki deilt um réttmætar ákvarðanir skólameistara heldur hvernig þeim hafi verið fylgt eftir.**

**SKÓLAMÁL** Málin sem Félag framhaldsskóla greinir menntamálaráðherra frá í bréfi um samskipti kennara Menntaskólans á Ísafirði og Ólínu Þorvarðardóttur skólameistara snúa að breyttum starfsskilyrðum kennara, áminningum og uppsögnum.

Málin eru fimm. Fréttablaðið hefur vitneskju um fjögur þeirra. Eitt snýr að starfsmanni sem voru gefnir úrslitakostir um að fara í áfengismeðferð eða verða sagt upp störfum. Hann hafði þá hlotið áminningu. Annað snýr að starfsmanni sem ráðinn var yfir einn vetur en starfaði í tvær vikur við skólann og hvarf á braut. Telja kennarar að hann hafi lent í slysi og verið í veikindaleyfi fram að áramótum. Honum var sagt upp störfum. Þriðja málið varðar starfsmann sem vann hálft starf sem kennari og hálft sem námsráðgjafi. Starfshlutfall hans sem námsráðgjafi var hækkað í 75 prósent en lækkað aftur er annar námsráðgjafi var ráðinn við hlið hans. Starfsmaðurinn sætti sig ekki við það.

Fjórða málið varð að dómsmáli sem tekið var fyrir í Héraðsdómi Vestfjarða í gær. Kennari gaf þrjátíu nemendum sínum níu og tíu í einkunn í ensku utan sex nemenda sem fengu átta. Rétt tæplega tuttugu nemendur þreyttu próf en aðrir höfðu áunnið sér einkunnina yfir veturinn. Skólayfirvöld fóru aftur yfir prófin og lækkuðu fimmtán einkunnir. Því vildi kennarinn ekki una.

Félag skólameistara segir Ólínu ekki hafa farið út fyrir verksvið sitt í fjórum málanna en þeir geti ekki tjáð sig um mál sem sé fyrir dómi.



**ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR SKÓLAMEISTARI**
Hefur staðið í ströngu vegna stjórnunarákvarðana sem hún hefur tekið í Menntaskólanum á Ísafirði og varða fimm kennara.

Vinnustaðasálfræðingur er við störf í skólanum og sækja kennarar sem vilja til hans. Koma sálfræðingsins þykir bera vott um vilja Ólínu til sátta.

Kennarar við skólann segja ákvarðanir Ólínu ekki helsta ágreiningsefnið heldur hvernig hún stóð að þeim. Einn vísaði í síðustu orð yfirlýsingar Félags framhaldsskólakennara um málið. Þar stendur: „[E]nginn efast um stjórnunarvald skólameistara. En góður stjórnandi setur reglur, leiðbeinir starfsfólki og verndar það, en síðast en ekki síst verður hann að vera meistari í mannlegum samskiptum.“

gag@frettabladid.is

Ólafsfjörður:

# Lífleg loðnuveiði

**LOÐNUVERTÍÐ** Hefðbundnum loðnuveiðum lauk um miðjan mars en þrátt fyrir það var skipstjórinn á Guðmundi Ólafi í mokveiði í Ólafsfirði s.l. mánudag. Að þessu sinni voru veiðarfærin önnur og minni en loðnuskipstjórinn er vanur því hann veiddi ásamt syni sínum loðnu á stöng af bryggju bæjarins.

Guðmundur Ólafur Garðarsson skipstjóri segir að töluvert af loðnu hafi verið í firðinum og gengu tvær torfur inn í höfnina.

„Veður var með besta móti; sól og spegilsléttur sjór og því mikil upplifun að sjá torfurnar í höfninni en ég hef aldrei orðið vitni að slíku áður,“ segir Guðmundur.

Sumir voru stórtækari í veiðum en aðrir og einn náði í háf og náði töluverðu magni á land. Aflinn var frystur í beitu en ekkert fór í bræðslu að þessu sinni. - kk



**FENGSÆLIR FEÐGAR**
Loðnuskipstjórinn Guðmundur Ólafur Garðarsson og sonur hans Halldór. Sjaldan hefur kallinn í brúnni verið jafn ánægður með svo rýran afla úr einu kasti.


SKEMMTILEGT NÁM SEM NÝTIST MÉR 100%!



„Eftir að hafa farið í bæði Sölu- og markaðsnám og Fjármál og rekstur hjá NTV hef ég öðlast viðamikla og dýrmæta þekkingu sem mun nýtast mér í öllu sem ég á eftir að taka mér fyrir hendur í framtíðinni!“

**Reynir Magnússon**
Matreiðslumeistari

**FJÁRMÁL** & REKSTUR

Frábært námskeið fyrir þá sem vilja bæta við sig þekkingu í fjármálum og rekstri fyrirtækja. Námið snýr m.a. að rekstrarfræðum, fjármálastjórnun og áætlanagerð með áherslu á efnistengdri verkefnavinnu.

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa reynslu í Excel og grunnþekkingu á bókhaldi.

***Næsta námskeið:***
Byrjar 16. apr. og lýkur 4. jún.
Kennt er mán. og mið frá 8:30 til 12:30
og laugardaga frá 8:30 til 12:30

**Helstu námsgreinar:**

- **Fjármálastjórnun**
  *Kenndur er arðsemisútreikningur, fjallað um ávöxtunarkröfur, áætlunargerð fyrirtækja og aðferðir við að meta virði verðbréfa og fjárfestinga.*
- **Rekstrarfræði**
  *Farið er í grunnatriði rekstrarhagfræði, rekstur fyrirtækja, umhverfi þeirra, mismunandi rekstrarform, markmið og skipulag fyrirtækja.*
- **Notkun Excel við fjármál og rekstur**
  *Nemendur eru þjálfaðir við notkun Excel í rekstri, einkum við gerð rekstraráætlana, notkun fjármálafalla og arðsemismats.*

ntv.is

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS


NOVARTIS
CONSUMER HEALTH
Fæst án lyfseðils
Voltaren Emulgel 11,6 mg/g
Diclofenac. diethylamin.
50 g
Geeli/Gel
Við vöðva- og liðverkjum
Voltaren Emulgel er nú
loksins fáanlegt
í næsta apóteki.
VoltarenEmulgel®
Díklófenak tvíetýlamín 11,6 mg/g
ARNARSON.TK · EMU-001-230305
**Voltaren Emulgel®** er notað sem staðbundin útvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrámur, opin sár eða á exem, varist snertingu við augu og slímhúðir, notist einungis útvortis og má aldrei taka inn. Á meðgöngu skal ávalt leita ráða læknis eða lyfjafræðings áður en lyfið er notað, þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Lítil hætta er á ofskömmtun vegna útvortis notkunar lyfsins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.




Lögmaður hunds leitar leiða til sátta:

# Tarak náðaður en útlægur

**DÝRAHALD** Lögfræðingur hundsins Tarak, Jón Egilsson, ætlar að leita leiða í fullri sátt til að hundurinn fái að vera áfram hjá eigendum sínum í Reykjavík. Hann kvað það þó skipta mestu að hundurinn fengi að lifa.

Umhverfis – og heilbrigðisnefnd hafði úrskurðað að hundurinn Tarak, sem er átta ára heimilishundur af Colliekyni til heimilis í Reykjavík, skyldi aflífaður. Ástæðan var sú að í ágúst í fyrra hafði hann glefsað í stúlkubarn og faðir þess kært til lögreglu. Úrskurðinum var áfrýjað til umhverfisráðs. Auk lögfræðiaðstoðar fór hundurinn í skapgerðarmat og heilsufarsskoðun hjá sérfræðingum, eins og Fréttablaðið hefur greint frá.



**FÆR AÐ LIFA**
Collie-hundurinn Tarak fær að lifa áfram, samkvæmt úrskurði Umhverfisráðs. Spurningin er hvort hann fær að vera áfram hjá eiganda sínum, Snædísi, sem er með honum á myndinni.

Umhverfisráð samþykkti á fundi sínum í vikunni ekki þá kröfu kæranda að hundurinn yrði aflífaður en með vísun til brota á hundasamþykkt gæti ráðið „ekki fallist á að hundurinn verði skráður í Reykjavík.“

Guðmundur Friðriksson sviðsstjóri dýraeftirlits Reykjavíkurborgar sagði að þetta þýddi að koma yrði Tarak fyrir á nýju heimili utan Reykjavíkur. Eigendurnir yrðu að skrá hann í öðru sveitarfélagi og halda hann þar eða þá að láta aflífa hann. **- jss**

## AFRÍKA

**SAMIÐ Á FÍLABEINSSTRÖND**
Stríðandi fylkingar í Vestur-Afríkuríkinu Fílabeinsströndinni – uppreisnarmenn í norðri og stjórnarliðar í suðri – sömdu í gær um að binda enda á ófriðinn í landinu, sem staðið hefur með hléum frá miðju árinu 2002. Borgarastríðið í þessu fyrrum friðsæla landi hefur valdið landsmönnum miklum sársauka. Að auki hefur það haft áhrif í nærliggjandi löndum þar sem uppreisnarmenn hafa hreiðrað um sig.



FRÉTTABLAÐIÐ/RGVA

**STÍFLURNAR STYRKTAR**
Virkt misgengissvæði er nær Kárahnjúkum en áður var talið. Gripið verður til viðbótaraðgerða fyrir hátt í 150 milljónir til að tryggja að stíflurnar bresti ekki.

Kárahnjúkar á virku misgengissvæði:

# Öryggi tryggt fyrir 150 milljónir

**KÁRAHNJÚKAR** Grípa þarf til viðbótaraðgerða til að styrkja stíflurnar við Kárahnjúka ef jarðskjálftar og misgengi eiga sér stað. Gert er ráð fyrir að kostnaðurinn nemi alls um 100-150 milljónum króna og er þá allt meðtalið.

Nýlega kom í ljós að virkt misgengi er nær Kárahnjúkum en áður var talið. Hreyfing átti sér stað í misgengissprungu í Sauðárdal fyrir 4.000 árum en áður var talið að misgengi hefði ekki hreyfst á svæðinu frá því fyrir 10.000 árum.

Verið er að endurskoða hönnun á stíflunum og gera viðbótarráðstafanir til að tryggja öryggið enn frekar en hönnuðirnir telja á þessu stigi að ekki þurfi annað en takmarkaðar breytingar við stíflurnar. Þær eigi að þola þetta álag án teljandi skemmda.

Sigurður Arnalds, talsmaður Landsvirkjunar, segir að á næstunni verði farið yfir það hverjar raunverulegar líkur eru á því að jörð skjálfi við Kárahnjúka, hvernig líklegt sé að jörðin hegði sér, hvaða áhrif það hafi og hvernig eigi að bregðast við. **- ghs**

Sænskur hæstaréttardómari:

# Sakaður um vændiskaup

**SVÍÞJÓÐ, AP** Dómari við hæstarétt Svíþjóðar var leystur tímabundið frá störfum í gær, eftir að sænskir fjölmiðlar greindu frá því að hann væri grunaður um að hafa keypt sér þjónustu vændiskarls.

Sænska ríkisútvarpið sagði frá því á þriðjudag, að saksóknarar væru að rannsaka hvað hæft væri í ásökunum þess efnis að dómarinn, hvers nafn var ekki gefið upp, hefði keypt vændisþjónustu af tvítugum karlmanni. Dómarinn kvað vera á sjötugsaldri.

Samkvæmt sænskum lögum eru kaup á vændisþjónustu refsiverð, ekki sala hennar.

„Ásakanirnar eru hörmulegar fyrir dómstólinn og auðvitað fyrir embættismanninn sem í hlut á,“ sagði forseti dómstólsins, Bo Svensson, í fréttatilkynningu. Sá sem ásakanirnar beindust gegn hefði beðið um að vera leystur undan skyldustörfum tímabundið og við því hefði verið orðið. ■



**FRÁ STOKKHÓLMI**
Roskinn dómari við Hæstarétt Svíþjóðar hefur verið leystur frá störfum ásakaður um að kaupa þjónustu tvítugs vændiskarls.

ÉG HEFÐI EKKI GETAÐ HUGSAÐ MÉR BETRA STARF!



Eftir bókhaldsnámið hjá NTV fékk ég frábært starf, svo skemmtilegt að ég lem á klukkuna á hverjum morgni og segi LOKSINS!!! ;-)

Lísa Jóhannesdóttir
Skrifstofustjóri hjá Artica ehf.

GRUNNNÁM BÓKHALÝI

Villt þú læra bókhald og tölvubókhald?

108 kennslustunda hagnýtt og hnitmiðað nám fyrir þá sem vilja læra bókhald frá grunni til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaðinum.

Námið hentar einnig einstaklingum með sjálfstæðan atvinnurekstur og þeim sem eru að hefja rekstur og vilja geta fært bókhaldið sitt sjálfir.

Helstu námsgreinar:

- Verslunarreikningur - það helsta sem notað er við skrifstofustörf
- Virðisaukaskattur - reglur, skil og öll meðferð vsk.
- ö ndirstaða bókhalds - mikið um verklegar æfingar
- T lvubókhald í Navision - rauhæf verkefni með fylgiskjölum

Morgunnámskeið:
Frá 25. apr. til 25. maí.
Kennt alla virka daga
frá 8:30 til 12:30

ntv
Hlíðasmára 9 - Kópavogi

UPPL SINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS

Íraksþing:

# Talabani kjörinn forseti

**ÍRAK, AP** Íraska þingið kaus í gær Kúrdaleiðtogann Jalal Talabani í embætti bráðabirgðaforseta landsins. Með kjörinu rétti þingið fram sáttahönd til kúrdíska minnihlutans, sem lengi var undirokaður. Jafnframt náðist áfangi að því að mynda nýja ríkisstjórn – þá fyrstu í 50 ár sem hefur lýðræðislegt umboð meirihluta Íraka til að fara með völdin í landinu.

Kosningin á þingfundinum í gær var í raun formsatriði. Þingmenn höfðu áður náð samkomulagi, eftir margra vikna samningaþjark, um að Talabani settist fyrstur í forsetastólinn, en hefði tvo varaforseta sér til fulltingis – sjía-múslimann Adel Abdul-Mahdi og bráðabirgðaforsetann Ghazi al-Yawer, en hann er súnní-múslimi.

Kjör Talabanis varð tilefni mikilla fagnaðarláta í borgum Kúrda í Norður-Írak. Talabani var á sínum tíma helsti foringi uppreisnar Kúrda gegn stjórn Saddams Husseins.

Búist er við að Talabani sverji embættiseið í dag, fimmtudag, og skipi strax að því loknu Ibrahim al-Jaafari forsætisráðherra. Þá taka við viðræður um nýja stjórnarskrá sem á að ljúka fyrir 15. ágúst. ■


MYND AP

**KÚRDAR FAGNA**
Ungmenni í Kúrdaborginni Sulaimaniyah í Norður-Írak veifa myndum af Jalal Talabani í fagnaðarlátum yfir kjöri hans til forseta í gær.

Gönguskíðamenn í hættu:

# Fundust fljótlega

**SLYS** Tveir gönguskíðamenn sem óskað höfðu aðstoðar björgunarsveita um klukkan eitt í fyrrinótt fundust heilir á húfi fimm tímum síðar eða laust eftir klukkan sex í gærmorgun. Voru mennirnir kaldir og hraktir en fundust fljótt.

Fóru björgunarsveitir frá höfuðborgarsvæðinu, Árnessýslu og Rangárvallarsýslu af stað til leitar þegar neyðarkallið barst en veður var þá orðið mjög slæmt og skyggni lítið. Fjarskipti reyndust erfið og gekk illa að ná sambandi við mennina fyrr en flugvél Flugmálastjórnar flaug yfir svæðið með fjarskiptaendurvarpa. - aöe

Fáskrúðsfjörður:

# Nýtt fjölbýlishús

**BYGGINGARFRAMKVÆMDIR** Framkvæmdir eru hafnar við nýtt 18 íbúða fjölbýlishús á Fáskrúðsfirði en fjölbýlishús hefur ekki verið byggt á staðnum í 16 ár. Rendita ehf. í Reykjavík byggir húsið en verktaki er Malarvinnslan á Egilsstöðum. Rúmlega 600 manns búa á Fáskrúðsfirði og eftir langvarandi fólskfækkun hefur íbúum staðarins fjölgað nokkuð að undanförnu. - kk


FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**RÝMT FYRIR VÖRUHÓTELI**
Sundaskáli við Sundabakka var rifinn til að rýma fyrir nýju vöruhóteli.

Byggingarfulltrúi:

# Stóraukin notkun stáls

**STÁL** Hagstætt verð á stáli hefur leitt til þess að notkun á því sem byggingarefni hefur aukist gríðarlega á síðustu fjórtán árum, að sögn Þórðar Búasonar, yfirverkfræðings hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur. Fyrir árið 1990 var stál einungis eitt prósent byggingarefnis en á síðasta ári voru 34 prósent byggingarefnis úr stáli. Þetta kemur fram í ársskýrslu Byggingarfulltrúa frá 2004.

Þórður segir margar stórar vörugeymslur með stálgrindum hafa risið að undanförnu og hófst það með byggingu vöruhótels Eimskipa. ■


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**NÝTT SÍMAVER**
Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri opnaði nýtt símaver borgarinnar í gær.

Reykjavíkurborg:

# Nýtt símaver

**BORGARMÁL** Nýtt aðalsímanúmer Reykjavíkurborgar 4 11 11 11 var tekið í notkun í gær. Við sama tækifæri tók Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri í notkun símaver borgarinnar. Markmið eins þjónustunúmers fyrir Reykjavíkurborg er að bæta þjónustu við íbúa og einfalda leiðir að upplýsingum og þjónustu, en í hverri viku berast Reykjavíkurborg yfir 22 þúsund símtöl.

Símaverið er opið frá klukkan 8 til 17 en samningar standa yfir um sólarhringsvöktun. ■




24 stundir

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** EGGERT JÓHANNSSON

# *Kokkar fyrir knapa og undirbýr haustið*

„Það er nóg að gera,“ segir Eggert Jóhannsson feldskeri sem er í óða önn við að undirbúa næsta haust. „Það þarf að skoða hvar nýju línurnar liggja. Svo eru alltaf einhver ný tækniatriði og lausnir sem maður reynir að brydda upp á. Vorið gengur yfirleitt út á það.“ Eggert ver að jafnaði nokkrum vikum erlendis á ári hverju starfs síns vegna. „Ég fer aðallega til Þýskalands og Ítalíu, en reyni einnig að fylgjast með vestanhafs.“



Það er þó engin ládeyða í versluninni á Skólavörðustíg. „Það er rólegra. Um þessar mundir er straumurinn það sem kalla má eðlilegan. Það er minna að gera en aðra daga ársins, en það koma margir sem vilja taka sér betri tíma í viðskiptin; fá eitthvað sérsaumað og þess háttar. Loðskinn eru mjög vinsæl um þessi misserin, sérstaklega fallegir kragar og slíkir fylgihlutir.“

Eggert reynir alltaf að taka sér að að minnsta kosti tveggja vikna sumarfrí og ætlar í hestaferð í ár. „Ég verð kokkur og leiðsögumaður. Ég veit ekki hversu góður kokkur ég er, en hef að minnsta kosti ekki eitrað fyrir neinum ennþá,“ segir hann og hlær.“ Hann er þó ekki mikið fyrir að fara út fyrir borgarmörkin og reynir að halda sig á póstnúmeri 101. „En ef ég fer á annað borð út á land finnst mér best að fara austur fyrir fjall eða í Borgarfjörð. Þar líður mér vel.“

## SVONA ERUM VIÐ



**HAFNFIRÐINGAR ERU 21.942**

Konur eru fleiri en karlar.

Heimild: Hagstofan

## SJÓNARHÓLL

**NÝR ÍSLENSKUR KVENNALISTI**



JÖRGÍNA E. JÓNSDÓTTIR

### *Þurfum ekki kvennalista*

„Nei, ég held að við höfum ekkert við það að gera,“ segir Jörgína E. Jónsdóttir, starfsmaður Sparisjóðs Vestfirðinga á Tálknafirði, spurð um það, hvort þörf sé á nýjum íslenskum kvennalista.

Stofnun Kvennalista í Svíþjóð var kynnt á dögunum en hann hyggur á framboð í sænsku þingkosningunum sem fram fara á næsta ári.

„Við höfum reynslu af svona lista en nú eru breyttir tímar og ég held að við konurnar getum fullkomlega komist af án kvennalista,“ segir Jörgína, gallhörð á sinni skoðun.

Hún telur hagsmunamálum kvenna ágætlega borgið innan stjórnmálaflokkanna sem til eru í landinu og segir því enga þörf á sérstök kynbundnu framboði. „Það er samt okkar kvennanna að standa vörð um okkar mál og það verðum við að gera.“

# Hulin kynhneigð þungur baggi

**Þrátt fyrir minnkandi fordóma í garð samkynhneigðra eru dæmi um að ungt fólk flosni upp frá námi, hætti í íþróttum eða flytjist búferlum vegna kynhneigðar sinnar.**

Ráðstefna Hver er sá veggur verður haldin á Akureyri á föstudag en þar verður fjallað um samkynhneigð og unglinga í skólum, félagsstarfi, íþróttum og dreifbýli. Tilgangurinn er að varpa ljósi á þá tilfinningalegu erfiðleika sem mörg samkynhneigð ungmenni eiga við að stríða í leik og námi.

Sverrir Páll Erlendsson, menntaskólakennari á Akureyri, á sæti í undirbúningshópi ráðstefnunnar og segir hann fordóma í garð samkynhneigðra fara minnkandi en þrátt fyrir það eigi mörg ungmenni verulega erfitt vegna kynhneigðar sinnar. „Samkynhneigð kemur oftast í ljós með kynþroskanum. Þessum einstaklingum finnst þeir vera öðruvísi en aðrir og á unglingsárunum er ekkert eftirsóknarvert að vera öðruvísi. Því kjósa margir að halda þessari hneigð leyndri, um lengri eða skemmri tíma, og sú byrði getur verið þung. Á undanförnum árum hefur sem betur fer færst í aukana að fólk komi út úr skápnum strax á unglingsárum og það er æskilegast,“ segir Sverrir Páll.



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**SVERRIR PÁLL ERLENDSSON** Talið er að 5 til 10% manna laðist að eigin kyni og miðað við það eru 800 til 1600 Akureyringar samkynhneigðir og 9 til 18 þúsund íbúar höfuðborgarsvæðisins.

Ráðstefnan er öllum opin en Sverrir Páll segir að hún sé ekki síst ætluð kennurum og öðrum sem tengjast unglingum í íþrótta- og æskulýðsstarfi. „Þeir sem vinna með unglingum geta tryggt að jákvæð umræða sé um þessi mál. Slík umræða er afar nauðsynleg en auk þess þurfa kennarar og leiðbeinendur að vita hvernig þeir eiga að bregðast við ef samkynhneigður einstaklingur verður fyrir einelti.“

Þrátt fyrir að fordómar séu á undanhaldi segir Sverrir Páll að samkynhneigð sé enn feimnismál í íslensku samfélagi. „Það er nánast ekkert fjallað um kynhneigð í skólunum eða íþróttastarfinu. Dæmi eru um að samkynhneigðir unglingar hrökklist frá námi og hætti í íþróttum vegna þess að þeim finnst þeir ekki velkomnir. Mótlætið getur leitt til innra sálarstríðs og óreglu og í mörgum tilfellum kjósa þessir einstaklingar að flýja úr smærri byggðum og til höfuðborgarsvæðisins, því í fjölmenninu er auðveldara að lifa á eigin forsendum en annarra,“ segir Sverrir Páll.

**kk@frettabladid.is**






**FRÁ BÍLDUDAL**

Bíldudals grænar:

## Bíldudals grænar vann

Lag sumarhátíðarinnar Bíldudals grænar 2005 heitir því ágæta nafni Bíldudals grænar ... 2005. Lagið bar sigurorð af níu öðrum sem bárust í samkeppni um einkennislag hátíðarinnar.

Höfundur lags er Friðbjörn S. Ottósson, 18 ára Bílddælingur sem nú stundar nám við fjölbrautaskólann í Grundarfirði. Systir hans Elín og vinkona hennar Friðbjörg ortu textann.

Friðbjörn er vitaskuld ánægður með úrslitin og hlakkar til hátíðarinnar í sumar. Hann hefur spilað stöku sinnum á skemmtunum heima á Bíldudal og samið nokkur lög en Bíldudals grænar ... 2005 verður fyrsta lag hans sem gefið er út.

**- bþs**



Afmælistilboð frá fimmtudegi 7. apríl til sunnudags 10. apríl eða á meðan birgðir endast
16 ára afmælið hafið!
SVÍNARIFJUR EÐA LAMBARIFJUR Í KRYDDI
299 KÍLÓVERÐ KR.
KRYDDAÐAR Svína RIFJUR
SVÍNARIFJUR EÐA LAMBARIFJUR Í KRYDDI
299 KÍLÓVERÐ KR.
KRYDDAÐAR Lamba RIFJUR
Bónus Ís í boxi
4 box
4 BOX Í KASSA
99 KR.
PEYTIRJÓMI
99 250ml KR.
SANIA
FROSIN JARÐARBER
159 750g KR.
jordbær
Allt sem þarf, er vatn, olía og vöfflujárn!
EKKERT BRUÐL
Vöffluduft
PURREFNABLANDA fyrir um 20 vöfflur
VÖFFLUDUFT
159 500g KR.
39 500ml KR.
THULE LÉTTÖL
BÓNUS BACON
BÓNUSBEIKON
699 kg KR.
FRÁ SÍLD OG FISK
16
EKKERT BRUÐL
-með pomp og prakt!
RAUÐVÍNSLEGIÐ LAMBALÆRI FRÁ KJARNAFÆÐI
(Tilboðið gildir aðeins fimmtudag)
RAUÐVÍNSLEGIÐ LAMBALÆRI
799 kg KR.
Merkt verð 999kr.
KJARNAFÆÐI
RAUÐVÍNSLEGIÐ
RAUÐVÍNSLÆRI Á FIMMTUDAGS TILBOÐI
20% afsláttur við kassann!
FROSNIR ROÐLAUSIR BEINLAUSIR
Laxa BITAR
30% afsláttur við kassann
FROSNIR LAXABITAR
699 kg KR.
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 999kr.
KÍLÓBRAUÐ!
69 kg KR.
1000g
Gott á grillið
FERSKAR ALI KÓTELETTUR
779 kg KR.
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1298kr.
SVÍNAKJÖT
FERSKAR Ali svína KÓTELETTUR
40% afsláttur við kassann
BÓNUSSKINKA
699 kg KR.
FRÁ SÍLD OG FISK
BÓNUS SAMLOKUSKINKA
Hrásalat
Kartöflu salat
99 350g KR.
Hvítlauks sósa
Pipar sósa
99 200g KR.
Afmælishátíð alla helgina
BÓNUS
ERAN/Landlist

360 gráður

**FBL-GREINING:** EIGNARHALD SÍMAFYRIRTÆKJA Á FJÖLMIÐLUM

# Tveir risar á markaðnum

Eignarhald símafyrirtækja á fjölmiðlum er aftur komið í kastljósið nú þegar ný skýrsla fjölmiðlanefndar Alþingis lítur væntanlega dagsins ljós á næstunni. Tvö símafyrirtæki á markaðnum bera höfuð og herðar yfir önnur en það eru Og fjarskipti og Síminn. Bæði hafa haslað sér völl á fjölmiðlamarkaði en umsvifin eru þó mismunandi mikil. Og fjarskipti eru þannig mun fyrirferðarmeiri á þeim markaði en Síminn. Fyrirtækið er 100 prósenta eignaraðili að fjölmiðlafyrirtækinu 365, en það rekur meðal annars sjónvarpsstöðvarnar Stöð 2 og Popp tíví, útvarpsstöðvarnar Bylgjuna, FM957, Létt 96,7 og Talstöðina og er aukinheldur eigandi Fréttablaðsins og DV.
Kaup Og fjarskipta á 365 voru nokkuð umdeild á sínum tíma en Samkeppnisstofnun lagði blessun sína yfir kaupin í síðasta mánuði með ýmsum skilyrðum þó, svo sem að 365 ljósvakamiðlar ehf. verði reknir sem sjálfstæður lögaðili. Þess má svo geta að Baugur Group á 24,6 prósenta hlut í Og fjarskiptum. Síminn sem enn er í eigu ríkisins (99%) er hins vegar tiltölulega nýkominn inn á fjölmiðlamarkaðinn en það gerðist í byrjun september á síðasta ári. Þá var gengið frá kaupum Símans á eignarhaldsfélaginu Fjörinn en það félag var á sínum tíma stofnað utan um kaup sjónvarpsstöðvarinnar Skjás 1 á réttinum til að sjónvarpa frá leikjum í úrvalsdeild ensku knattspyrnunnar. Fjörinn átti líka 26 prósenta hlut í Skjá einum og með kaupum á Fjörinn eignaðist Síminn þennan hlut í Skjá einum.



**EIGNARHALD** Síminn eignaðist 26,4 prósent í Skjá einum við kaupin á enska boltanum.

## SPURT & SVARAÐ

EIGNARHALD FJÖLMIÐLA

### *Of mikil samþjöppun*

**Á að takmarka eignarhald á fjölmiðlum?**
Ég er þeirrar skoðunar að vegna þess sérstaka hlutverks sem fjölmiðlar gegna í íslensku samfélagi og smæðar markaðarins þá sé nauðsynlegt að setja reglur um fjölmiðlamarkaðinn. Þær geta meðal annars falist í takmörkun á eignarhaldi. Ég styð slíkar reglur en það verður að skoðast í heildarsamhengi við aðrar reglur sem gilda um markaðinn.


BJARNI BENEDIKTSSON

**Er of mikil samþjöppun á fjölmiðlamarkaði?**
Það er engin spurning í mínum huga að samþjöppunin sem hefur orðið á fjölmiðlamarkaði hér er áhyggjuefni og um þetta voru
allir þingflokkar sammála þegar fjölmiðlalögin voru rædd á síðasta þingi. Það er að samþjöppun væri of mikil og það þyrfti að bregðast við henni. Hins vegar voru menn ekki sammála um aðferðina við það.

# Mælt með takmörkun á eignaraðild

**Fjölmiðlanefnd lýkur vinnu sinni eftir síðasta fund sinn í dag þar sem rætt verður um hversu lágt eigi að setja markið um leyfilegan eignarhlut í fjölmiðlum. Þverpólitísk sátt er um að hámarkseignaraðild einstaklings eða fyrirtækis í fjölmiðli með tiltekna markaðshlutdeild verði miðuð við 25 prósent.**


**FRÉTTASKÝRING**
SKÝRSLA FJÖLMIÐLANEFNDARINNAR

**SIGRÍÐUR D. AUÐUNSDÓTTIR**
BLAÐAMAÐUR

Fjölmiðlanefnd menntamálaráðherra mun hittast í síðasta sinn í dag og leggja lokahönd á skýrslu um fjölmiðlaumhverfi á Íslandi. Í skýrslunni koma fram tillögur um hvernig sporna megi gegn samþjöppun á eignarhaldi fjölmiðla og hvernig bregðast skuli við myndun hinna lóðréttu eignatengsla sem orðið hafa með kaupum fjarskiptafyrirtækja á fjölmiðlafyrirtækjum. Auk þess verða settar fram tillögur um hvernig tryggja megi sjálfstæði ritstjórnar gagnvart eigendum og jafnframt gagnsæi eignarhalds.

### Eignarhald miðist við fjórðung

Nefndin hefur lokið við útfærslu á öllum atriðum nema þeim sem varða takmörkun á eignarhaldi fjölmiðla. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun nást þverpólitísk samstaða um að leggja það til að enginn einstaklingur eða fyrirtæki megi eiga meira en 25 prósenta hlut í fjölmiðlafyrirtæki sem náð hefur tiltekinni markaðshlutdeild. Er þar átt við beina sem óbeina eignaraðild. Ekki hefur enn verið ákveðið við hve stóra markaðshlutdeild fjölmiðlafyrirtækis eigi að miða, en talið er að hún verði á bilinu 25 til 33 prósent. Verður hlutfallið einnig ákveðið á fundi nefndarinnar í dag.

Engin takmörkun verður því á eignarhlut nýrra eða smárra fjölmiðla. Lög um takmörkun á eignarhluti munu ekki öðlast gildi fyrr en fyrirtækið hefur náð tiltekinni hlutdeild á markaði, en verður fyrirtækið þá að bregðast við því með því að breyta samsetningu eignarhalds. Þá er lagt til að lög um takmarkanir á eignarhaldi muni ekki taka gildi fyrr en að nokkrum árum liðnum.

Heyrst hefur innan Samfylkingarinnar að almennt hafi verið vilji fyrir því að setja engin takmörk á eignarhaldi því það sé í senn heimskulegt og óþarft. Hins vegar hafi þurft að gefa eftir og margur annar ávinningur náðst í nefndinni. Því hafi verið fallist á að setja takmörkin við 25 prósent því þau muni ekki hafa nein áhrif á starfandi fyrirtæki á markaði.

Horfið hefur verið frá hugmyndum um að setja bann við því að sami aðili eigi ljósvakamiðil og prentmiðil, líkt og í fjölmiðlalögunum frá því í fyrra. Ástæðan er sú að skilin milli miðlanna eru orðin óljós. Dagblöð og ljósvakamiðlar eru farin að renna saman í eitt í gegnum netmiðlana.


**FJÖLMIÐLALÖGIN SLEGIN AF Á ALÞINGI SÍÐASTA SUMAR.** Fjölmiðlalögin sem forseti Íslands synjaði staðfestingar voru felld úr gildi með atkvæðagreiðslu á Alþingi í júlílok í fyrra. Töluvert reyndi á stjórnarsamstarfið í meðferð málsins því ekki var einhugur meðal þingmanna Framsóknarflokksins um afgreiðslu þess. Eitt meginmarkmiða fulltrúa í nýju fjölmiðlanefndinni var að ná þverpólitískri sátt um málið.

### Reglur um flutningsskyldur og flutningsrétt

Meðal þess sem fjölmiðlanefndin mun leggja til í skýrslunni er að þeim fjölmiðlafyrirtækjum sem þegar búa yfir dreifikerfi verði skylt að veita nýjum fyrirtækjum á fjölmiðlamarkaði aðgang. Frá því er fyrri fjölmiðlanefndin skilaði skýrslu sinni fyrir um ári síðan hefur fjölmiðlaumhverfið á Íslandi breyst töluvert, að mati nýju nefndarinnar. Nú er komin upp sú staða að fjarskiptafyrirtæki eiga ráðandi hlut í fjölmiðlafyrirtækjum, Síminn í Skjá einum og Og Vodafone í Norðurljósum. Nefndinni þótti ástæða til þess að bregðast við því að myndast hafi svokölluð lóðrétt eignatengsl á fjölmiðla- og fjarskiptamarkaði, sem ekki þykja æskileg.

Talin er hætta á því að tvær ráðandi blokkir myndist á markaði, sem verði til þess að neytendur festist inni í annarri hvorri blokkinni. Koma á í veg fyrir að sú staða komi upp að þeir sem eiga í viðskiptum við annað hvort fjarskiptafyritækið muni frekar fá aðgang að því fjölmiðlaefni sem veitt er gegnum dreifikerfi þess. Því verði sett lög um flutningsskyldur og flutningsrétt fjarskiptafyrirtækja á fjölmiðlaefni.

Fjarskiptafyrirtækjunum verði skylt að dreifa efni frá hvaða fjölmiðlafyrirtæki sem þess krefst, hvort sem er keppinautum þeirra fjölmiðlafyrirtækja sem tengjast fjarskiptafyrirtækinu eða nýjum fyrirtækjum á markaði. Auk þess sem það tryggi heilbrigða samkeppni muni lögin jafnframt tryggja nauðsynlega nýliðun á markaðinum.

Telur nefndin að með þessu verði eignatengsl milli fjarskiptafyrirtækja og fjölmiðlafyrirtækja gerð óþörf.

### Gagnsæi eignarhalds og sjálfstæði ritstjórnar

Í skýrslunni er lagt til að sett verði lög um gagnsæi eignarhalds, hvort sem um er að ræða beint eða óbeint eignarhald. Fjölmiðlafyrirtækjum verði skylt að upplýsa um eigendur fyrirtækjanna og eigendur tengdra fyrirtækja og tilkynna um allar breytingar á eignarhaldi.

Nefndarmenn telja að tryggja verði sjálfstæði ritstjórnar gagnvart eigendum en eru þó andsnúnir því að setja um það sérstök lög. Frekar eigi að horfa til siðareglna blaðamanna sem fyrirmynd að reglum sem fjölmiðlar komi sér saman um varðandi sjálfstæði ritstjórnar. Horft er til þess að komið verði á fót sérstakri nefnd sem fari með úrskurð í málum sem upp gætu komið þar sem fjölmiðlar eru taldir brotlegir gegn reglum sínum um sjálfstæði ritstjórnar, líkt og tíðkast með siðareglur blaðamanna.

Þá er lagt til að annað hvort verði sett á fót sérstök eftirlitsstofnun með fjölmiðlum eða hvort hlutverkið verði falið Póst- og fjarskiptastofnun. Sú stofnun á að hafa eftirlit með því að lögum um gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum sé fylgt eftir, sem og skilyrðum sem sett eru í útvarpsleyfum.

### Grundvöllur málefnalegrar umræðu

Nefndin telur jafnframt að með því að styrkja stöðu Ríkisútvarpsins megi tryggja það að ákveðin samkeppni sé á fjölmiðlamarkaði sem leiði til nauðsynlegrar fjölbreytni. Því telur nefndin að Ríkisútvarpið verði að hafa skýra og skarpa hlutdeild á markaði. Formaður nefndarinnar er Karl Axelsson. Með honum sitja Kristinn Hallgrímsson lögfræðingur, Hanna Birna Kristjánsdóttir fyrir Sjálfstæðisflokkinn, Pétur Gunnarsson fyrir Framsóknarflokkinn, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fyrir Samfylkinguna, Kolbrún Halldórsdóttir fyrir Vinstri-græna og Magnús Þór Hafsteinsson fyrir Frjálslynda. Nefndarmenn vonast til þess að skýrsla nefndarinnar verði notuð sem grundvöllur málefnalegrar umræðu í vor og sumar og að ekki verði samið upp úr henni frumvarp fyrr en í fyrsta lagi næsta haust. ■

# Hafa ... ekki ef... a?

vegar hafa rúm 19% þeirra sem eru með 250 þúsund eða minna í fjöl-

stórt" á við í þessu sem og svo mörgu öðru."






## Sléttu úr hrukkunum með Capture R60/80 kremi frá Dior

Sérfræðingur frá Dior verður í Hagkaupum Smáralind og Skeifunni dagana 7. til 13. apríl.

ÞRJÁR MÍNÚTUR OG ÞÚ VEIST MEIRA
Dior sérfræðingur auðveldar þér valið á kremi sem hentar þinni húð.

GJÖFIN ÞÍN
Glæsileg Dior Twist palletta með spegli er þín ef þú verslar Dior vörur fyrir 5.000 kr. eða meira.

Tilboð gildir meðan birgðir endast.




Dior Twist palletta með spegli

Gildir til 13. apríl eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

Fæst í snyrtivöruverslunum Hagkaupa Kringlu, Skeifu, Smáralind og Akureyri.

# Um áhyggjur Samfylkingarinnar




SAMAN Á KOSNINGAFUNDI Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Össur Skarphéðinsson sitja hér saman á kosningafundi í Kópavogi fyrir tveimur árum síðan. Bæði sækjast þau nú eftir embætti formanns Samfylkingarinnar.

UMRÆÐAN
FORMANNSKJÖR SAMFYLKINGARINNAR



PÉTUR TRYGGVI HJÁLMARSSON,
GULL- OG SILFURSMIÐUR.

Það er ástæða fyrir Samfylkinguna til að hafa áhyggjur. Ekki samt af flokksfólki heldur þeim hópi óflokksbundinna kjósenda sem kusu jafnaðarmannaflokk í fyrsta skipti í síðustu kosningum. Kjósenda sem breyttu út af vananum með því að kjósa ekki núverandi stjórnarflokka. Deila má um það, eins og allt annað, hvort þeir kjósendur hefðu verið eins margir eða jafnvel aðeins fleiri ef Össur hefði ekki leyft vilja stuðningsfólks Ingibjargar Sólrúnar að njóta sín með því að tylla henni í forsætisráðherraefnissæti flokksins. Ef til vill voru það málamiðlunarmistök.

Össuri Skarphéðinssyni hefur í spjallþáttum verið lýst sem „veikum" formanni. Þar er hann sagður ekki nógu harður, að hann setji ekki sjálfan sig í forgrunninn, að hann kunni ekki að auglýsa sig.

Hvað hefur þessi mjúki stjórnmálamaður þá gert? Jú, hann hefur bara megnað að stilla saman lýðræðislega þenkjandi fólki úr ýmsum gömlum flokkum og flokkabrotum í stóran, öflugan og trúverðugan stjórnmálaflokk.

Fljótlega verða atkvæðisbærir í formannskjöri Samfylkingarinnar að gera upp við sig hvort heilladrýgra sé: Sterkur formaður í veikum flokki eða „veikur" formaður í sterkum flokki.

Fyrir meira en hálfu þriðja þúsundi ára ritaði Lao Tse um listina að stjórna farsællega. Mér sýnist að orð hans séu í fullu gildi enn í dag. Eigi raunar alveg sérstaklega við í því efni sem hér um ræðir. Ég bendi þess vegna þeim sem velja fólk til stjórnarstarfa, jafnt í Samfylkingunni og á hvaða vettvangi sem er, á Bókina um veginn.

Sem stuðningsmaður Samfylkingarinnar og stuðningsmaður Össurar í leiðtogasæti enn um sinn vil ég einnig fara með litla hugleiðingu fyrir skoðanasystkini mín í pólitík, sem eru þó á annari skoðun um formennskuna í flokknum. Hún er nefnd jafnvægislögmálið en höfundur er mér ókunnur:

Ef aldrei henti vitran villa / myndi flóni farnast illa. ■

# Fréttastofa í gíslingu?

UMRÆÐAN
FRÉTTASTJÓRI ÚTVARPS



SNORRI ÞÓRISSON

Nú þegar mesta fjaðrafokið er búið vegna ráðningar fréttastjóra Ríkisútvarps get ég ekki lengur orða bundist. Það er búið að vera með ólíkindum að fylgjast með fréttatímum ríkisfjölmiðlana. Fréttamenn hafa haldið fréttatímum stofnunarinnar í gíslingu og talað hver við annan um ágæti hvers annars og um leið verið með ærumeiðingar og níð í garð umsækjandans sem útvarpsstjóri og útvarpsráð völdu til að blása nýju lífi í fréttastofuna.

Því miður hefur umsækjandinn, Auðun Georg nú ákveðið að taka ekki stöðu fréttastjóra þar sem grátkór fréttamanna hefur gert honum það ókleift. Spurningin er, hver á að fara með mannaforráð í Ríkisútvarpinu, þar með talinni fréttadeild stofnunarinnar? Eru það fréttamenn eða útvarpsstjóri? Samkvæmt stjórnskipan er það útvarpsstjóri. Nú er bara spurningin hver eftirleikurinn verður. Mun útvarpsstjóri taka á sig rögg og reka grátkórinn sem hefur gerst brotlegur í opinberu starfi eða mun kórinn áfram halda fréttastofunni í gíslingu?

Fréttastofa Ríkisútvarpsins hefur fram til þessa verið talin óvilhallur og traustur fréttamiðill en hefur nú sett niður vegna þessa máls. Með hlutdrægum fréttaflutningi hefur trúverðugleiki fréttastofunnar glatast.



STARFSFÓLK FRÉTTASTOFU ÚTVARPS Grátkór kallar greinarhöfundur fréttafólk Ríkisútvarpsins og talar um að „kórinn" haldi fréttastofu stofnunarinnar í gíslingu.

Þjóðin á heimtingu á að ráðinn verði nýr fréttastjóri sem kemur ekki úr röðum þeirra sem blönduðust inn í málið með einu eða öðrum hætti.

*Höfundur er kvikmyndaframleiðandi.*




# Dýrkeyptar ráðningar

UMRÆÐAN
STARFSMANNA-RÁÐNINGAR



INGI RÚNAR EÐVARÐSSON

**Það má ljóst vera að ráðningar í anda mannauðsstjórnunar eru líklegar til að skila fyrirtækjum, ríkisvaldi og almenningi miklum ávinningi. Því hvet ég forystumenn í atvinnulífi og stjórnmálamenn að beita sér fyrir því að ráðningarmálum verði hagað með faglegum hætti á komandi árum.**

Það hefur tíðkast lengi í íslensku atvinnulífi að ráða í störf eftir vináttu, ætterni og stjórnmálaskoðunum. Það er ein birtingarmynd kunningjasamfélagsins. Að undanförnu hafa ráðningar stjórnenda hjá Ríkisútvarpinu, öðrum ríkisstofnunum og skipan Hæstaréttardómara verið harðlega gagnrýndar. Slíkar ráðningar ganga gegn hugmyndum almennings um jafnræði umsækjenda og að hæfileikar og reynsla þeirra fái notið sín. Ráðningarmál hafa verið einn af hornsteinum mannauðsstjórnunar.

Mannauðsstjórnun hefur verið mjög að ryðja sér til rúms í rekstri fyrirtækja á síðari árum. Mannauðsstjórnun felur í sér stjórnun mannauðs. Markmið hennar er að efla frumkvæði og afköst starfsfólks og auka starfsánægju þess til að auka skilvirkni og gæði fyrirtækja og stofnana. Mikil áhersla hefur verið lögð á það innan mannauðsstjórnunar að ráðningarferlið sé faglega unnið. Það felur í sér að starfið sé metið í starfsgreiningu, starflýsing sé gerð, starfið sé auglýst til að fá marga umsækjendur og að þeir séu metnir eftir ólíkum leiðum. Þar má nefna stöðluð ráðningarviðtöl, persónuleikapróf, fyrri reynsla sé metin o.fl. Ávinningur af slíku ferli er margvíslegur, svo sem:

Miklar líkur eru á að vel hæfur einstaklingur verði ráðinn í samræmi við þá starfslýsingu sem fyrir liggur. Það getur aukið framleiðni og fagleg gæði á vinnustað. Þegar vel er staðið að ráðningarferli er mögulegt að starfsfólk sem er ráðið verði lengur en ella í starfi – starfsmannavelta minnkar að sama skapi. Starfsánægja getur aukist á vinnustað þegar starfsfólk finnur að dugnaður, hæfileiki og metnaður er metinn að verðleikum.

Erlendis hafa fræðimenn reynt að meta kostnað af ráðningum og þá einkanlega mistökum vegna ráðninga. Gylfi Dalmann, lektor við Háskóla Íslands, bendir á það í grein í Viðskiptablaðinu árið 2000 að ýmsar rannsóknir benda til þess að áætla megi að kostnaður vegna starfsmannaveltu, t.d. vegna mistaka í ráðningum kosti fyrirtæki á bilinu 30%-100% af árslaunum viðkomandi starfsmanns. Kostnaður þessi er einkum fólginn í minnkandi framleiðni, tíma sem fer í að leita að nýjum umsækjendum og þjálfunarkostnaði. Hann bendir á breska rannsókn sem sýni að meðalstarfsmannavelta er u.þ.b. 15% á ári og ef við gefum okkur að 5% af starfsmannaveltunni sé vegna mistaka við nýráðningar þýðir það að í 1000 manna fyrirtæki þarf að ráða 50 starfsmenn vegna þessa. Ef við gefum okkur þá forsendu að kostnaðurinn sé 30-100% af árslaunum og samkvæmt launakönnum VR 2004 eru meðalheildarlaun 273.000 kr. á mánuði eða 3.276.000 kr. á ári. Samkvæmt þessu getur kostnaðurinn numið 982.800-3.276.000 kr. á hverja ráðningu eða í okkar dæmi í 1000 manna fyrirtæki 49-164 milljónum króna.

Þessar tölur endurspegla mikilvægi þess að vanda vel val á starfsfólki ef fyrirtæki ætla að ná árangri.

Það form sem enn tíðkast víða á Íslandi og einkanlega við ráðningu stjórnenda ríkisstofnana hefur margvísleg annmarka. Þeir helstu eru að ekki er tryggt að ráðið sé eftir faglegri hæfni. Það getur dregið úr framleiðni, faglegum gæðum. Líklegt er að starfsmannavelta aukist í kjölfarið, einnig að starfsánægja dvíni. Þegar mið er tekið af öllum þessum þáttum er líklegt að trúverðugleiki og álit ríkisstofnana geti minnkað. Það getur verið alvarlegt í lýðræðisþjóðfélagi ef svo fer að almenningur missir tiltrú á mikilvægar stofnanir eins og fjölmiðla og dómstóla.

Það má ljóst vera að ráðningar í anda mannauðsstjórnunar eru líklegar til að skila fyrirtækjum, ríkisvaldi og almenningi miklum ávinningi. Því hvet ég forystumenn í atvinnulífi og stjórnmálamenn í atvinnulífi og stjórnmálamenn til að beita sér fyrir því að ráðningarmálum verði hagað með faglegum hætti á komandi árum. Allir stjórnmálaflokkar ættu að hugleiða þessi mál þegar kemur að ráðningu í mikilvæg opinber embætti. Ríkistjórnarflokkarnir hafa þá sérstöðu að geta hrundið þessu framfaramáli í framkvæmd þegar í stað.

*Höfundur er prófessor í stjórnun við viðskiptadeild Háskólans á Akureyri.*



HÆSTIRÉTTUR Gagnrýni á skipanir og mannaráðningar ríkisins hefur verið áberandi síðustu misseri.

# Blair og breska íhaldið

**UMRÆÐAN**
BRESKU ÞINGKOSNINGARNAR



**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON,**
ÞINGMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR.

Breski Verkamannaflokkurinn gjörsigraði Íhaldsflokkinn í maí árið 1997 og var það ógleymanlegt að vera staddur á kosningahátíð flokksins í London þá nótt. Leikurinn var síðan endurtekinn 2001 þegar Tony Blair leiddi flokkinn til stórsigurs öðru sinni. Í fyrsta sinn í rúmlega 100 ára sögu flokksins hefur hann setið tvö heil kjörtímabil í röð við völd í Bretlandi.

Í vor verður kosið á ný til breska þingsins. Átta árum eftir sigurinn mikla og þremur leiðtogum hjá Íhaldsflokknum síðar stefnir allt í að Tony Blair leiði flokk sinn til þriðja sigursins í röð. Þrátt fyrir þau reginmistök Blairs að taka þátt í og styðja innrásina í Írak og nokkur erfið mál innanlands á borð við afsögn Davids Blunkett, innanríkismálaráðherra, átökin á milli Blairs og Gordons Brown, fjármálaráðherra, hefur breskum hægrimönnum ekki tekist að öðlast tiltrú kjósenda, enda flokkurinn rúinn trausti og stefnumiðum eftir afhroðið 1997.

Bæði Íhaldsmenn og Frjálslyndir hafa að sjálfsögðu bundið við það miklar vonir að þeir næðu í það minnsta að höggva verulega í meirihluta Verkamannaflokksins. Að minnsta kosti að ná einhverju af fylginu til baka sem fór til Verkamannaflokksins 1997, en Tony Blair, sem hefur ásamt Gordon Brown gnæft yfir bresk stjórnmál síðastliðinn áratug, virðist ætla að standa þetta af sér. Þá virkar Michael Howard flokksformaður Íhaldsmanna ekki mjög sannfærandi sem valkostur við hliðina á Blair og Brown og pólitík Íhaldsflokksins er vægast sagt fráhrindandi enda komin lengra til hægri en nokkru sinni fyrr um árabil. Miðjan er horfin úr flokknum.

Allt stefnir því í þriðja sigurinn og hann verði sögulegur, því margt bendir til að hann verði af svipaðri stærðargráðu og hinir tveir. Flokkurinn hefur nú yfir 160 manna meirihluta í breska þinginu. Til samanburðar má geta þess að Frjálslyndir demókratar hafa um það bil 55 þingmenn á þinginu í það heila.

Howard hefur ekki náð og varla reynt að færa Íhaldsflokkinn nær miðju og hefur það valdið talsverðum deilum innan flokksins. Til dæmis þá hefur Michael Portillo, fyrrum ráðherra og þingmaður flokksins, gagnrýnt Howard harkalega. Portillo telst til hófsamra innan flokksins og átelur hann Howard fyrir að hafa ekki notað tækifæri sitt til að færa flokkinn nær miðju og gera hann þannig kjósanlegan á ný.

Staðan er því um margt hagfelld fyrir Verkamannaflokkinn ef litast er um innanlands nú rétt fyrir kosningar. Efnahagurinn blómstrar, Íhaldið áfram rúið trausti, atvinnuleysi það minnsta í 20 ár, miklar umbætur og fjárfestingar í mennta- og heilbrigðiskerfinu og þannig mætti lengi telja. Tony Blair þarf hinsvegar að vinna þennan þriðja sigur og halda flokknum við völd til að honum takist að setja það mark sitt á breskt samfélag sem upp var lagt með af endurnýjuðum Verkamannaflokki árið 1997 eftir átján ára eyðimerkurgöngu. Markmiðið var og er að breyta bresku samfélagi með varanlegum hætti á mörgum sviðum. Til þess þarf flokkurinn lengri tíma og því verður spurt að leikslokum í maí. ■




Markaðurinn á mannamáli

Nú þarftu ekki lengur að vera sérfræðingur til að fá botn í markaðsmálin. Hér eftir mun Markaðurinn fylgja Fréttablaðinu frítt alla miðvikudaga.

Í Markaðnum munum við leggja sérstaka áherslu á að fjalla á auðskilinn hátt um íslenska og erlenda markaði og viðskiptalíf. Við munum ekki einskorða okkur við stórviðburði heldur m.a. greina frá fólki sem vinnur góð verk í misstórum fyrirtækjum víða í þjóðfélaginu.

MARKAÐURINN
Sögurnar • Tölurnar • Fólkið

Chevrolet gæði, frábært verð!

Við kynnum Chevrolet Lacetti Station, veglegan og einstaklega vel búinn bíl á frábæru verði. Staðalbúnaður innifelur m.a: 1,8 ltr. 122 hestafla vél, regnskynjara á framrúðu, TCS veggrips-stýringu, spólvörn, þokuljós, útvarp með 5 diska geislaspilara og kassettutæki, 8 hátalarar, rafknúnar rúðuvindur og útispeglar, leðurklætt velti- og aðdráttarstýri og m.fl.

Allt þetta fyrir aðeins
kr. 1.699.000 beinskiptur
kr. 1.899.000 sjálfskiptur




hausverk / SÍA




Bílabúð Benna

Komdu, skoðaðu og reynsluaktu Chevrolet Lacetti.

Opið virka daga 09 - 18. Laugardaga 12 - 16.

Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23 • Sími 590 2000 • www.benni.is

CHEVROLET

# Um áhyggjur Samfylkingarinnar

**UMRÆÐAN**
FORMANNSKJÖR SAMFYLKINGARINNAR



**PÉTUR TRYGGVI HJÁLMARSSON,**
GULL- OG SILFURSMIÐUR.

Það er ástæða fyrir Samfylkinguna til að hafa áhyggjur. Ekki samt af flokksfólki heldur þeim hópi óflokksbundinna kjósenda sem kusu jafnaðarmannaflokk í fyrsta skipti í síðustu kosningum. Kjósenda sem breyttu út af vananum með því að kjósa ekki núverandi stjórnarflokka. Deila má um það, eins og allt annað, hvort þeir kjósendur hefðu verið eins margir eða jafnvel aðeins fleiri ef Össur hefði ekki leyft vilja stuðningsfólks Ingibjargar Sólrúnar að njóta sín með því að tylla henni í forsætisráðherraefnissæti flokksins. Ef til vill voru það málamiðlunarmistök.

Össuri Skarphéðinssyni hefur í spjallþáttum verið lýst sem „veikum“ formanni. Þar er hann sagður ekki nógu harður, að hann setji ekki sjálfan sig í forgrunninn, að hann kunni ekki að auglýsa sig.

Hvað hefur þessi mjúki stjórnmálamaður þá gert? Jú, hann hefur bara megnað að stilla saman lýðræðislega þenkjandi fólki úr ýmsum gömlum flokkum og flokkabrotum í stóran, öflugan og trúverðugan stjórnmálaflokk.

Fljótlega verða atkvæðisbærir í formannskjöri Samfylkingarinnar að gera upp við sig hvort heilladrýgra sé: Sterkur formaður í veikum flokki eða „veikur“ formaður í sterkum flokki.

Fyrir meira en hálfu þriðja þúsundi ára ritaði Lao Tse um listina að stjórna farsællega. Mér sýnist að orð hans séu í fullu gildi enn í dag. Eigi raunar alveg sérstaklega við í því efni sem hér um ræðir. Ég bendi þess vegna þeim sem velja fólk til stjórnarstarfa, jafnt í Samfylkingunni og á hvaða vettvangi sem er, á Bókina um veginn.

Sem stuðningsmaður Samfylkingarinnar og stuðningsmaður Össurar í leiðtogasæti enn um sinn vil ég einnig fara með litla hugleiðingu fyrir skoðanasystkini mín í pólitík, sem eru þó á annari skoðun um formennskuna í flokknum. Hún er nefnd jafnvægislögmálið en höfundur er mér ókunnur:

Ef aldrei henti vitran villa / myndi flóni farnast illa. ■



**SAMAN Á KOSNINGAFUNDI** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Össur Skarphéðinsson sitja hér saman á kosningafundi í Kópavogi fyrir tveimur árum síðan. Bæði sækjast þau nú eftir embætti formanns Samfylkingarinnar.

# Fréttastofa í gíslingu?

**UMRÆÐAN**
FRÉTTASTJÓRI ÚTVARPS



**SNORRI ÞÓRISSON**

Nú þegar mesta fjaðrafokið er búið vegna ráðningar fréttastjóra Ríkisútvarps get ég ekki lengur orða bundist. Það er búið að vera með ólíkindum að fylgjast með fréttatímum ríkisfjölmiðlana. Fréttamenn hafa haldið fréttatímum stofnunarinnar í gíslingu og talað hver við annan um ágæti hvers annars og um leið verið með ærumeiðingar og níð í garð umsækjandans sem útvarpsstjóri og útvarpsráð völdu til að blása nýju lífi í fréttastofuna.

Því miður hefur umsækjandinn, Auðun Georg nú ákveðið að taka ekki stöðu fréttastjóra þar sem grátkór fréttamanna hefur gert honum það ókleift. Spurningin er, hver á að fara með mannaforráð í Ríkisútvarpinu, þar með talinni fréttadeild stofnunarinnar? Eru það fréttamenn eða útvarpsstjóri? Samkvæmt stjórnskipan er það útvarpsstjóri. Nú er bara spurningin hver eftirleikurinn verður. Mun útvarpsstjóri taka á sig rögg og reka grátkórinn sem hefur gerst brotlegur í opinberu starfi eða mun kórinn áfram halda fréttastofunni í gíslingu?

Fréttastofa Ríkisútvarpsins hefur fram til þessa verið talin óvilhallur og traustur fréttamiðill en hefur nú sett niður vegna þessa máls. Með hlutdrægum fréttaflutningi hefur trúverðugleiki fréttastofunnar glatast.



**STARFSFÓLK FRÉTTASTOFU ÚTVARPS** Grátkór kallar greinarhöfundur fréttafólk Ríkisútvarpsins og talar um að „kórinn“ haldi fréttastofu stofnunarinnar í gíslingu.

Þjóðin á heimtingu á að ráðinn verði nýr fréttastjóri sem kemur ekki úr röðum þeirra sem blönduðust inn í málið með einu eða öðrum hætti.

*Höfundur er kvikmyndaframleiðandi.*




# Dýrkeyptar ráðningar

**UMRÆÐAN**
STARFSMANNA-RÁÐNINGAR



**INGI RÚNAR EÐVARÐSSON**

> **Það má ljóst vera að ráðningar í anda mannauðsstjórnunar eru líklegar til að skila fyrirtækjum, ríkisvaldi og almenningi miklum ávinningi. Því hvet ég forystumenn í atvinnulífi og stjórnmálamenn að beita sér fyrir því að ráðningarmálum verði hagað með faglegum hætti á komandi árum.**

Það hefur tíðkast lengi í íslensku atvinnulífi að ráða í störf eftir vináttu, ætterni og stjórnmálaskoðunum. Það er ein birtingarmynd kunningjasamfélagsins. Að undanförnu hafa ráðningar stjórnenda hjá Ríkisútvarpinu, öðrum ríkisstofnunum og skipan Hæstaréttardómara verið harðlega gagnrýndar. Slíkar ráðningar ganga gegn hugmyndum almennings um jafnræði umsækjenda og að hæfileikar og reynsla þeirra fái notið sín. Ráðningarmál hafa verið einn af hornsteinum mannauðsstjórnunar.

Mannauðsstjórnun hefur verið mjög að ryðja sér til rúms í rekstri fyrirtækja á síðari árum. Mannauðsstjórnun felur í sér stjórnun mannauðs. Markmið hennar er að efla frumkvæði og afköst starfsfólks og auka starfsánægju þess til að auka skilvirkni og gæði fyrirtækja og stofnana. Mikil áhersla hefur verið lögð á það innan mannauðsstjórnunar að ráðningarferlið sé faglega unnið. Það felur í sér að starfið sé metið í starfsgreiningu, starflýsing sé gerð, starfið sé auglýst til að fá marga umsækjendur og að þeir séu metnir eftir ólíkum leiðum. Þar má nefna stöðluð ráðningarviðtöl, persónuleikapróf, fyrri reynsla sé metin o.fl. Ávinningur af slíku ferli er margvíslegur, svo sem:

Miklar líkur eru á að vel hæfur einstaklingur verði ráðinn í samræmi við þá starfslýsingu sem fyrir liggur. Það getur aukið framleiðni og fagleg gæði á vinnustað. Þegar vel er staðið að ráðningarferli er mögulegt að starfsfólk sem er ráðið verði lengur en ella í starfi – starfsmannavelta minnkar að sama skapi. Starfsánægja getur aukist á vinnustað þegar starfsfólk finnur að dugnaður, hæfileiki og metnaður er metinn að verðleikum.

Erlendis hafa fræðimenn reynt að meta kostnað af ráðningum og þá einkanlega mistökum vegna ráðninga. Gylfi Dalmann, lektor við Háskóla Íslands, bendir á það í grein í Viðskiptablaðinu árið 2000 að ýmsar rannsóknir benda til þess að áætla megi að kostnaður vegna starfsmannaveltu, t.d. vegna mistaka í ráðningum kosti fyrirtæki á bilinu 30%-100% af árslaunum viðkomandi starfsmanns. Kostnaður þessi er einkum fólginn í minnkandi framleiðni, tíma sem fer í að leita að nýjum umsækjendum og þjálfunarkostnaði. Hann bendir á breska rannsókn sem sýni að meðalstarfsmannavelta er u.þ.b. 15% á ári og ef við gefum okkur að 5% af starfsmannaveltunni sé vegna mistaka við nýráðningar þýðir það að í 1000 manna fyrirtæki þarf að ráða 50 starfsmenn vegna þessa. Ef við gefum okkur þá forsendu að kostnaðurinn sé 30-100% af árslaunum og samkvæmt launakönnum VR 2004 eru meðalheildarlaun 273.000 kr. á mánuði eða 3.276.000 kr. á ári. Samkvæmt þessu getur kostnaðurinn numið 982.800-3.276.000 kr. á hverja ráðningu eða í okkar dæmi í 1000 manna fyrirtæki 49-164 milljónum króna.

Þessar tölur endurspegla mikilvægi þess að vanda vel val á starfsfólki ef fyrirtæki ætla að ná árangri.

Það form sem enn tíðkast víða á Íslandi og einkanlega við ráðningu stjórnenda ríkisstofnana hefur margvíslega annmarka. Þeir helstu eru að ekki er tryggt að ráðið sé eftir faglegri hæfni. Það getur dregið úr framleiðni, faglegum gæðum. Líklegt er að starfsmannavelta aukist í kjölfarið, einnig að starfsánægja dvíni. Þegar mið er tekið af öllum þessum þáttum er líklegt að trúverðugleiki og álit ríkisstofnana geti minnkað. Það getur verið alvarlegt í lýðræðisþjóðfélagi ef svo fer að almenningur missir tiltrú á mikilvægar stofnanir eins og fjölmiðla og dómstóla.

Það má ljóst vera að ráðningar í anda mannauðsstjórnunar eru líklegar til að skila fyrirtækjum, ríkisvaldi og almenningi miklum ávinningi. Því hvet ég forystumenn í atvinnulífi og stjórnmálamenn til að beita sér fyrir því að ráðningarmálum verði hagað með faglegum hætti á komandi árum. Allir stjórnmálaflokkar ættu að hugleiða þessi mál þegar kemur að ráðningu í mikilvæg opinber embætti. Ríkistjórnarflokkarnir hafa þá sérstöðu að geta hrundið þessu framfaramáli í framkvæmd þegar í stað.

*Höfundur er prófessor í stjórnun við viðskiptadeild Háskólans á Akureyri.*



**HÆSTIRÉTTUR** Gagnrýni á skipanir og mannaráðningar ríkisins hefur verið áberandi síðustu misseri.

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK 6.24 | 13.30 | 20.38 |
| AKUREYRI 8.01 | 13.23 | 18.47 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

**tíska o.fl.**
Sætir skór og glingur
BLS. 7



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

*Góðan dag!*
**Í dag er fimmtudagur 7. apríl, 97. dagur ársins 2005.**

KRÍLIN




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 4*

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir

# Stelpur hrífast af skónum

***Brynjar Már Valdimarsson, plötusnúður og útvarpsmaður á FM 95,7, er algjört fatafrík og er ekki lengi að segja blaðamanni frá því sem er ómissandi í fataskápnum.***

„Ég held ég verði að nefna skó sem eru alveg fáránlega flottir. Ég keypti þá reyndar hérlendis en ég hef ekki séð neinn í eins skóm. Það eru líka rosalega margir sem taka eftir þessum skóm og minnast á þá og spyrja hvar ég fékk þá. Þetta eru támjóir og skannahvítir skór – næstum því stelpuskór. Enda eru allar stelpur rosalega hrifnar af þeim og mér finnst það frábært. Þegar ég er kominn í skærbleikan bol við þá er ég frekar „kúl“," segir Brynjar.

Brynjar keypti skóna fyrir um mánuði síðan í Jack & Jones og er alltaf í þeim um helgar enda algjörir spariskór. „Ég spái mikið í föt og ég er algjört fatafrík. Ég kaupi mikið af fötum í hverjum mánuði.

Ég vinn sem plötusnúður á Rex og Hverfisbarnum um helgar og það er mikið spurt um fötin mín. Ég er svo oft í einhverju sem aðrir eru ekki í – eins og skjannahvítum jakka, með lakkrísbindi eða vínrauðum „pimp“ jakka. Ég leik mér með föt.

Það eru ekki margir sem þora að fara út á meðal fólks í fríkuðum fötum en þegar strákarnir sjá fötin á mér þá finnst þeim þau frekar flott. Sumum finnst þau líka eflaust mjög hallærisleg," segir Brynjar sem er samt enginn sérstakur skómaður. „Ég fíla flotta skó en ég á ekki heilt herbergi af skóm. Það er mjög sjaldgæft að ég finni skó sem ég slefa yfir en ég geri það svo sannarlega með þessa skó."

*lilja@frettabladid.is*



Brynjar Már er aldeilis ekki hræddur við að klæða sig í flott og fríkuð föt dags daglega.

## LIGGUR Í LOFTINU
*í ferðum*

**Farþegum** um Flugstöð Leifs Eiríkssonar fjölgaði um tæp 27% í mars miðað við sama tíma í fyrra, úr tæplega 99 þúsund farþegum árið 2004 í tæpa 125 þúsund farþega nú. Fjölgun farþega til og frá Íslandi nemur rúmum 27% milli ára og farþegum sem millilenda hér á landi á leið yfir Norður-Atlantshafið fjölgar um 24%. Alls hefur farþegum um Flugstöð Leifs Eiríkssonar fjölgað um tæplega 19% það sem af er árinu miðað við sama tíma árið 2004, eða úr rúmlega 252 þúsund farþegum í tæplega 300 þúsund farþega.





**Plúsferðir** bjóða síðustu sætin til Benidorm 11. apríl á verði frá 55.126 kr á mann miðað við 2 í íbúð. Innifalið er flug og gisting á Buenavista, íslensk fararstjórn og flugvallarskattar. en greiða þarf sérstaklega ferðir til og frá flugvelli erlendis; 1.800 kr og forfallatryggingu; 1.800 kr. Ef bókað er á skrifstofu Plúsferða eða í síma greiðast kr. 2000 í bókunargjald á mann.

*ferdir@frettabladid.is*

**Dúndur tilboð á amerískum dýnum í stærðinni 135x203**

*Tilvaldar í unglingaherbergið og sumarbústaðinn*



Listaverð
Full XL 135x203 63.900
innifalið í verði: dýna boxdýna og undirstöður

**Tilboðsverð kr. 44.900 stgr.**

LÍNAN
HÚSGÖGN
SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is

**Blómavasar**
Engin þörf er á að notast alltaf við glæra blómavasa úr gleri. Láttu ímyndunaraflið ráða og fáðu þér litríkan vasa sem stendur sem fallegt stofustáss án blóma.


Vorvörur í úrvali fyrir sumarbústaðinn og garðinn.
Óvissuferðir fyrir hópa
Viltu koma í keramik eða glerbræðslu?
Erum með umboðsmenn á landsbyggðinni.
Opið alla daga!
Listasmiðjan **Keramik og glergallerý** • Kothúsum, Garði, s. 422 79 35.

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM
Vandaðar heimilis- og gjafavörur
DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322

Fatabúðin
Skólavörðustíg 21A Sími 551 4050
Ný sending af þykkum mjúkum gæða handklæðum.

EFNALAUGIN BJÖRG
EFNALAUG ÞVOTTAHÚS
Háaleitisbraut 58-60 • Sími 553 1380

Mikið úrval af aukahlutum fyrir arininn
Arinbúðin
Stórhöfða 17 v/Gullinbrú (fyrir neðan húsið)
Sími 567 2133 · www.arinn.is
Lumsden rafmagnsarinn 107.700 kr.

FISKBÚÐIN HAFBERG
Nýr humar
Nýlagað sushi
Blue Marlin Tuna
Einfaldlega besta fiskbúð bæjarins
Opið frá 10-18:15
fiskbúð sælkerans!
GNOÐARVOGI 44



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL
Jón Norland segir uppþvottavélarnar sífellt verða hljóðlátari, þær nota minna vatn en áður og eru sparneytnari.

# Útlitskröfurnar orðnar meiri

***Mörg nútímaheimili státa af uppþvottavél og eru margir sem geta ekki hugsað sér lífið án hennar en aðrir njóta þess að vaska upp og telja vélarnar óþarfar. Á hvorn veginn sem fólk hallast að þá eru uppþvottavélar heimilistæki sem eru jafn hversdagsleg og eðlileg og eldavélin í eldhúsinu.***

Fyrsta uppþvottavélin var smíðuð rétt fyrir aldamótin 1900 af konunni sem stofnaði Kitchen Aid í Bandaríkjunum, en henni leiddist hvað þjónustufólk hennar braut mikið af leirtaui í uppvaskinu. Í grunninn eru uppþvottavélarnar eins uppbyggðar og sú fyrsta en eitt og annað hefur bæst við.

„Vissulega hafa vélarnar breyst í gegnum árin þótt það sé ekki hægt að tala um neinar stökkbreytingar,“ segir Jón Norland hjá Smith & Norland sem hefur selt Simens uppþvottavélar í áraraðir. „Vélarnar verða sífellt hljóðlátari, nota minna vatn og eru sparneytnari. Svo er alltaf verið að þróa grindarbúnaðinn til að þjóna sem best því sem á að fara í vélina,“ segir Jón. Hann segir grindarbúnaðinn og annan búnað að sjálfsögðu vera fullkomnari eftir því sem vélarnar séu dýrari.

„Í dag erum við með vélar sem skynja óhreinindi þannig að þær skynja hver þörfin er fyrir hvern þvott og haga þvottinum samkvæmt því,“ segir Jón. Hann segir að yfirleitt notist fólk bara við eitt kerfi en þurfi þó að hafa í huga að setja ekki viðkvæma hluti á mikinn hita.

Aðrar breytingar sem Jón minnist á eru útlitsbreytingar á vélunum. „Fólk er farið að gera miklar útlitskröfur og spáir mikið hvernig vélarnar passa inn í eldhúsið,“ segir Jón. Fyrir vikið eru uppþvottavélar hannaðar með margvíslegu útliti og er stálið mjög vinsælt núna.


Siemens uppþvottavél með stjórntækin innan á.

„Við höfum selt Siemens uppþvottavélarnar í áraraðir og selt gríðarlega mikið af þeim. Vélarnar eru mjög endingargóðar en við erum samt að fá fólk sem er að endurnýja vélina, ekki vegna slits, heldur vegna þess að fólk er að endurnýja eldhúsið,“ segir Jón.

*kristineva@frettabladid.is*


SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR
Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
SENDUM Í PÓSTKRÖFU.
Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

KOKOS-SISAL TEPPI
Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²
Suðurlandsbraut 10 Sími 533 5800 www.simnet.is/strond
STRÖND EHF.

birta
» BETRI SJÓNVARPSDAGSKRÁ Á FIMMTUDÖGUM



Ragnheiður Linnet á sér sérstakan stað á heimilinu þar sem hún hvílist og nýtur tónlistar og útsýnis.

# Þreytist aldrei á útsýninu

***Ragnheiður Linnet söngkona flutti fyrir einu og hálfu ári úr Vesturbænum í Árbæinn og hefur fundið sinn uppáhaldsstað á heimilinu.***

„Sófinn í stofunni stendur við glugga sem nær yfir heilan vegg. Glugginn snýr í austur og þar er ofboðslega fallegt útsýni yfir Esjuna og Elliðaárdalinn sem er ein aðalástæða þess að þetta er uppáhaldshornið mitt á heimilinu,“ segir Ragnheiður Linnet söngkona sem situr yfirleitt ein að þessum góða stað þar sem heimilisfólkið vill frekar hreiðra um sig í sjónvarpsherberginu.

„Ég þreytist aldrei á að horfa þarna út,“ bætir hún við. Og það er ekki bara fegurðin sem heillar. „Mér þykir líka gaman að sjá ljósin í borginni,“ segir Ragnheiður sem bjó lengi vel í Boston þar sem hún vandist lifandi borgarljósum.

Dagarnir eru annasamir hjá söngkonunni Ragnheiði en hún starfar sem prófarkalesari hjá Fróða fyrir hádegi, syngur við athafnir eftir hádegi og endar daginn á að kenna söng og er tónlist því stór hluti af hennar lífi.

„Ég hlusta mikið á músík í horninu mínu og þó að ég hlusti mest á klassík þá er margt annað sem heillar,“ segir Ragnheiður.

*kristineva@frettabladid.is*
















## Gamlir, góðir skór

Þegar farið er í langt flug er lykilatriði að vera í þægilegum og helst gömlum og góðum skóm. Fæturnir eiga til að bólgna upp vegna loftþrýstingsins í vélinni og ekki má gleyma öllu labbinu um flugvöllinn.







Hvannadalshnúkur 13- 16 maí
Lúxusferð á hnúkinn og gengið um þjóðgarðinn í Skaftafelli, gist í Freysnesi



ÚTIVIST
Leggðu land undir fót með okkur
Laugavegi 178, sími 562 1000
www.utivist.is

www.plusferdir.is
NET plus
Feneyska Rivieran 1. júní, 6. júlí og 17. ágúst
Verð frá 46.620 kr. á Res Madrid í 7 nætur. 63.620 kr.* ef 2 ferðast saman.
Costa del Sol 9. júní, 7. júlí og 18. ágúst
Verð frá 39.560 kr. á Santa Clara í 7 nætur. 49.830 kr.* ef 2 ferðast saman.
Mallorca 1. júní, 13. júlí og 10. ágúst
Verð frá 34.930 kr. á Pil Lari Playa í 7 nætur. 46.730 kr.* ef 2 ferðast saman.
Portúgal 13. júní, 11. júlí og 1. ágúst
Verð frá 35.800 kr. á Elimar í 7 nætur. 48.200 kr.* ef 2 ferðast saman.
Verðdæmi miðast við að 2 fullorðnir og 2 börn, 2ja - 11 ára, ferðist saman.
Innifalið er flug, gisting, fararstjórn erlendis og flugvallarskattar.
plús FERÐIR
Hlíðasmára 15 • 201 Kópavogur • Sími 535 2100 • www.plusferdir.is





FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



María Guðmundsdóttir, fulltrúi Heims, tilnefndi Guðrúnu sem ferðafrömuð ársins og Sturla Böðvarsson samgönguráðherra afhenti Guðrúnu viðurkenninguna.

# Heldur ótrauð áfram á Hellnum

***Guðrún Bergmann hótelhaldari á Hellnum á Snæfellsnesi hlaut titilinn Ferðafrömuður ársins á Ferðatorgi 2005. Eiginmaður hennar, Guðlugur Bergmann varð bráðkvaddur á annan í jólum en hún heldur ótrauð áfram þeirri umhverfisvænu ferðaþjónustu sem þau höfðu byggt upp. Segir þó enn „við“ en ekki „ég“.***

„Við stækkuðum gistiaðstöðuna í fyrrasumar upp í 20 herbergi með baði og breyttum þá líka nafninu úr Gistiheimilinu Brekkubæ í Hótel Hellnar,“ segir Guðrún aðspurð um starfsemina á Hellnum. Hún kveðst einstaklega ánægð með titilinn Ferðafrömuður ársins því hann sé opinber viðurkenning á því starfi að umhverfismálum ferðaþjónustunnar sem þau hjón séu búin að vinna að í mörg ár. Gistihús þeirra fékk vottun Green Globe samtakanna árið 2002, fyrst allra slíkra fyrirtækja á Íslandi og þau hafa hvatt aðra ferðaþjónustubændur til að velja sömu leið. En hvað þýðir þessi vottun?

„Vottun er eins og bílaskoðun. Það er ekki nóg að eigandi bílsins viti að hann sé í lagi heldur þurfa allir að vita það og þess vegna fær hann sérstakt merki. Umhverfisvottun er fyrst og fremst fyrir viðskiptavininn, svo að hann sé öruggur um að við séum að vinna eftir þeirri stefnu sem við segjumst fylgja,“ segir Guðrún og telur aðspurð að æ fleiri ferðamenn láti sig þessi mál skipta. Svo kemur lýsing á stefnunni.

„Við leggjum áherslu á að nota einungis umhverfismerktar vörur við þvotta og þrif. Við vinnum að orkusparnaði, vatnssparnaði og pappírssparnaði, svo dæmi sé tekið og lífrænt hráefni í mat er eitt af því sem við leggjum mikið upp úr. Samfélagslegu þættirnir eru líka mældir í svona úttekt. Til dæmis hvaðan vinnuaflið sé og hversu mikið af aðföngum til rekstursins séu keypt úr heimabyggð. Með þessu kerfi er nefnilega verið að styrkja atvinnu á svæðinu en ekki bara flokka sorpið eins og ýmsir halda.“

Hótel Hellnar verður opnað 1. maí svo það styttist í annatíma hjá Guðrúnu. Í ljósi þess missis sem hún varð fyrir við fráfall Guðlaugs er hún að lokum spurð hvernig hún sé upplögð. „Ég er búin að fara í gegnum sveiflur og erfiðleika í vetur en með hækkandi sól léttist sinnið líka. Ég hef mætt mikilli hlýju hjá fólki og er þakklát fyrir.

Það hjálpar mér að takast á við þessar miklu breytingar í lífi mínu. En maður verður að halda áfram og gera sitt besta.“

*gun@frettabladid.is*

# Hálendisskálar vinsælir viðkomustaðir

ÞEIR SEM LEGGJA LEIÐ SÍNA UM ÓBYGGÐIR ÍSLANDS YFIR SUMARIÐ ÞURFA MIKLA FYRIRHYGGJU EF ÞEIR ÆTLA AÐ GISTA Í SÆLUHÚSUM, ÞVÍ ÞAR ER BEKKURINN OFT ÞÉTT SKIPAÐUR.

Langt er síðan byrjað var að bóka gistingu fyrir sumarið í skálum Ferðafélags Íslands og Útivistar og að sögn Helgu Garðarsdóttur hjá Ferðafélaginu eru þegar komnir langir biðlistar við suma skálana á hásumartímanum. Það eru skálarnir í Landmannalaugum og við svokallaðan Laugaveg sem eru eftirsóttastir og þar er orðið erfitt að koma fyrir hópum í júlí. Helga nefnir líka að skálinn í Norðurfirði á Ströndum njóti vaxandi vinsælda. En Ferðafélagið á 34 skála víðs vegar um land og Útivist á sex. Lóa í Útivist tekur undir orð Helgu um aðsókn að skálunum. „Hópar sem ætla að skipuleggja þriggja, fjögurra daga gönguferð eru orðnir ansi seinir að panta en það er ekkert útilokað að fá inni því auðvitað kemur það fyrir að fólk afpanti pláss sem búið var að taka frá. Það er samt skammur tími sem sumir skálarnir okkar eru opnir. Það gildir til dæmis um skálana í Sveinstindi, Skælingum, Strút og Álftavötnum. Þeir eru opnir frá því í júnílok fram í miðjan ágúst og eru umsetnir á þessum tíma. Skálarnir í Básum í Þórsmörk eru hins vegar opnir frá því um mánaðamótin apríl/ maí og framundir miðjan október og þar erum við með 80-90 gistirými. Um helgar er þar þó yfirleitt þéttsetið.

Hjá bæði Ferðafélagi Íslands og Útivist getur almenningur nýtt sér skálana, sturtur og eldunaraðstöðu þar þótt þeir séu ekki félagsbundnir. Fyrir utanfélagsmenn kostar gisting í skálum Ferðafélagsins frá 1100 upp í 1700 krónur nóttin og í skálum Útivistar kostar 1400 krónur nóttin fyrir utanfélagsmenn. ■



Sigurðarskáli í Kverkfjöllum er einn af skálum Ferðafélags Íslands.

# Eins og að eiga bústað í útlöndum en alltaf á nýjum stað

HEIMSHORNIÐ ER FERÐASKRIFSTOFA SEM BÝÐUR UPP Á ÖÐRUVÍSI GISTIMÖGULEIKA.

Það sem fyrst vekur athygli þegar komið er inn á skrifstofu Heimshornsins er stór heimskort sem teygir sig yfir gólfið. „Við erum ekki hefðbundin ferðaskrifstofa heldur erum við að kynna Íslendingum nýjan valkost, sem milljónir manna um allan heim nýta sér, „segir Þórunn Stefánsdóttir, einn eigenda Heimshornsins.

„Þessi valkostur er klúbbaaðild sem veitir meðlimum aðgang að fjölbreyttri gistingu um allan heim og gististaðirnir skipta þúsundum. Hvort sem áhugamálið er golf, köfun eða listir og menning þá er hægt að bóka gistingu þar sem þetta er í boði.

Þetta er nýr lífstíll sem sameinar þægindi, sveigjanleika og fjölbreytni á mjög góðu verði.“

Þórunn segir að þetta sé eins og að eiga sumarbústað í útlöndum en alltaf á nýjum stað. „Fólk skráir sig hjá okkur og með því að verða klúbbaðili ertu í raun að kaupa þér gistirými fyrirfram. Félagar í klúbbnum okkar sem er alþjóðlegur og heitir Quest Vacation Club eiga gistirétt í hótelíbúðum og geta nýtt hann ár eftir ár í einhverjum þeirra fjölmörgu íbúða sem standa til boða eða á herragörðum, í höllum, húsbílum, bátum eða skemmtiferðaskipum.“

Klúbbaðildin er þrenns konar og kostar mismikið eftir umfangi. Ódýrasta aðildin kostar 234.000 krónur eða 3.900 Bandaríkjadali sem tryggja þá gistirétt fram í tímann eina viku annaðhvert ár næstu þrjátíu árin og svo fer verðið hækkandi eftir því hve margar vikur fólk vill.

Meðlimir klúbbsins njóta vildarkjara sem aðeins bjóðast klúbbfélögum og ýmis tilboð hjá alþjóðlegum fyrirtækjum, til dæmis bílaleigum. Þórunn segir að eitt af því besta við þetta fyrirkomulag sé sveigjanleikinn. „Þig langar kannski í skíðaferð eitt árið og á sólarströnd næsta. Þú ræður hvert og hvenær þú ferð svo framarlega sem þú velur þér hótel innan keðjunnar og það er laust gistirými.“ Um hundrað Íslendingar eru aðilar að klúbbnum um þessar mundir og Þórunn segir að það sé hiklaust pláss fyrir fleiri.



Þórunn Stefánsdóttir býður Íslendingum möguleikann á að festa sér öruggt og þægilegt gistirými um allan heim.

# *Ísland* vekur athygli

**Nokkrir staðir á Íslandi meðal þeirra 1000 athyglisverðustu í heimi.**



Gullfoss telst meðal 1000 athyglisverðustu staða heims.

Gullfoss, Geysir, Mývatn, Vatnajökull og Jökulsárlón eru á lista hins þekkta bandaríska ferðablaðamanns, Howards Hillmann, yfir 1000 athyglisverðustu staði heims.

Hillmann skrifar meðal annars ferðagreinar í Newsweek, New York Times og Wall Street Journal. Listinn birtist á heimasíðu Hillmanns, hillmanwonders.com, og er byggður á ferðalögum hans í 30 ár ásamt tilnefningum 100 annarra blaðamanna.

Engan íslensku staðanna staða er þó að finna á topp 100 lista Hillmanns en þeim stöðum er öllum gerð skil í máli og myndum á heimasíðu hans og forvitnilegt getur verið fyrir ferðalanga að kanna hversu marga staði á þeim lista þeir hafa heimsótt. Á topp 100 listanum eru meðal annars Kínamúrinn, Galapagos-eyjar og Taj Mahal.









## Ferðir á framandi slóðir

**Farfuglar efna til tveggja kynningarfunda.**

Næstkomandi tvö mánudagskvöld, 11. og 18. apríl, standa Farfuglar fyrir tveimur kynningum undir heitinu Hefur þú áhuga á ferðum til framandi staða? Á kynningunum munu ferðalangar sem eru nýkomnir úr fjögurra til sex mánaða langferðum til Ástralíu og Suður Ameríku segja frá undirbúningi ferðanna, sýna myndir og segja ferðasögur.

Mánudaginn 11. apríl verður fjallað um Ástralíu og mánudaginn 18. apríl um Suður-Ameríku.

Ástæðan fyrir því að boðið verður upp á þessar kynningar er að á hverju ári hefur fjöldi aðila sem eru að skipuleggja langferðir til fjarlægra staða samband við skrifstofu Farfugla til að afla sér upplýsinga um gistingu, ferðir innan landanna og fleira. Kynningarnar verða haldnar á Farfuglaheimilinu, Sundlaugarvegi 34 og hefjast kl 20 bæði kvöldin. Aðgangur er ókeypis.



**Stultuskór**
Sumartískan er farin að gera vart við sig í verslunum bæjarins. Mikið er um sígaunapils og síða eyrnalokka, auk þess sem stultuskór eru mjög áberandi. Greinilegt er að sumartískan verður lífleg og litrík og pínulítið hippaleg.




























Bybloss gleraugu með plastumgjörð.



Hér eru þessi fínlegu gleraugu með nettu títaníum spöngunum sem margir aðhyllast.



Létt málmumgjörð frá Frakklandi.



Dæmi um gleraugu sem sjást og setja svip á persónuna sem ber þau.

FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

# Annað hvort áberandi gleraugu eða ósýnileg

***Gleraugu eru eitt af því sem tekur breytingum. Þar gætir tískunnar eins í flestu öðru sem við höfum í kringum okkur. Daníel Edelstein, sem rekur gleraugnaverslunina Augun okkar í Hagkaupshúsinu í Skeifunni, fylgist með stefnum og straumum.***

„Gleraugu virðast fara stækkandi fremur en hitt og það er einkum tvennt sem er ríkjandi í gleraugnatískunni," segir Daníel. „Það eru annars vegar þessi fínlegu, nánast ósýnilegu gleraugu. Þar eru engar umgjarðir heldur er bara borað í glerið til að festa hárfínar títaníum spangirnar á. Það er „Airweight Titanium" týpan og hún er mjög vinsæl núna. Hins vegar eru svo efnismiklar og dökkar plastumgjarðir, svolítið stórar. Það eru meira áberandi gleraugu og þau þykja mjög flott."



Daníel Edelstein sjóntækjafræðingur segir engan vanda að finna gleraugu sem fari fólki vel.

Daníel selur tískuvöru frá Armani, Gucci, Karen Millen og Prada svo nokkuð sé nefnt en er líka með töff hágæðagleraugu með minna þekktum merkjum og kveðst leggja áherslu á lágt verð í öllum tilfellum. Hann segir glerin öll með glampavörn og er beðinn að útskýra hana nánar. „Glerin hleypa góðri birtu í gegn um sig en endurkasta litlu ljósi. Það er nauðsynleg við lestur og skjávinnu. Það þarf að taka tillit til viðfangsefna fólks. Þeir sem eru aktífir í golfi, hestamennsku, útivist og leik þurfa til dæmis sterkari gleraugu og sveigjanlegri en þeir sem lítið hreyfa sig."

Daníel segir flesta þiggja leiðbeiningar við val á gleraugum en ýmsir hafi líka ákveðnar skoðanir þegar þeir komi. Hann segir það vissulega fara eftir andlitslagi fólks hvað henti hverjum og einum en formin séu líka óteljandi. „Þetta er alltaf smekksatriði en ef fólk sér umgjörð sem því finnst falleg en passar því svo ekki, þá er alltaf hægt að finna einhverja svipaða sem fer því vel," segir hann að lokum.

*gun@frettabladid.is*

## Vinsælar og náttúrulegar vörur

Fyrirtækið Ljós og ilmur ehf. opnaði seint á síðasta ári og selur ýmsar vörur fyrir heimilið og gjafavöru, svo sem ilmkerti, reykelsi og slökunartónlist.

Nú hefur Ljós og ilmur tekið til sölu vörur frá Eve Taylor sem hafa lítið sést hér á landi. Eve Taylor er með breiða línu í nuddolíum, húðvörum og ilmvörum en þær hafa verið vinsælar um allan heim.

Vörurnar hafa verið í sífelldri þróun í um fjörutíu ár sem skilar sér í hreinleika en eingöngu er notast við náttúrulega vörur við gerð Eve Taylor varanna.



**EVE TAYLOR** Er með breiða línu í nuddolíum, húðvörum og ilmvörum.

Hægt er að kynna sér vöruúrvalið nánar hjá Ljósi og ilmi á Bíldshöfða 12 í Reykjavík.



## Fiðrildi í aðalhlutverki

VORLÍNAN FRÁ MAC HRESSIR, BÆTIR OG KÆTIR.

Vorlínan Madame B frá Mac hjálpar konum að komast út úr vetrardvalanum og fagna vori og sumri. Fiðrildi eru aðalþemað og litirnir eftir því. Sterkir jarðarlitir í sambland við bleikt og ljósa tóna.

Augun eru máluð dökk og í skærum litum á meðan varirnar eru bleikar og saklausar sem skapar andstæður innan andlitsins. Vorlína Mac er ætluð til að hressa skap og kæta sem og fegra andlitið.

# Sætir skór og glansandi glingur

*Fallegir fylgihlutir á Laugavegi.*



Í lok síðasta árs opnaði á Laugaveginum lítil verslun sem heitir Friis Company. Mörgum var þessi verslun þó kunn, því Friis Company er dönsk keðja sem rekur verslanir víða í Evrópu og einnig í Asíu. Í versluninni fást eingöngu fylgihlutir og þar er því mikið úrval af fallegum skóm, töskum, beltum, klútum og skarti.

Eigendurnir, þær Kamilla og Þórdís Harpa, eru fagurkerar sem halda upp á miðbæinn og fannst orðin vöntun á fallegum verslunum og verslunargluggum við Laugaveginn. Þær létu ekki sitt eftir liggja, fóru á stjá eftir skemmtilegri viðskiptahugmynd og fyrr en varði var verslunin orðin að veruleika. Viðtökurnar hafa verið framar vonum. Nýjar vörur koma reglulega í búðina og því er alltaf eitthvað nýtt og ferskt á boðstólnum.

Nú er búðin stútfull af gulli og silfri, nælum og beltum og stórum, flottum handtöskum sem sóma sér til dæmis vel á handleggnum í lengri eða styttri ferðum innanlands sem utan í sumar.



**Gullskór** kr. 7.990



**Stór handtaska** kr. 7.990



**Hvítir hælaskór** kr. 7.990



**Trefill** kr. 4.990 m. nælu
**Skór** kr. 3.990



**Töskusett** kr. 6.990, 2.990, 1.990



**Nælur á bakka** kr 1.990 stk.



**Græn taska** kr. 4.990



**Grænt belti** kr. 2.990



Stone og kærastinn innileg á Brit-verðlaununum.

## Stone í vanda stödd

GÆTI MISST SAMNING VIÐ GAP ÚT AF ALDRI.

Söngkonan unga Joss Stone gæti misst samning sinn við tískufyrirtækið Gap eftir að hún vann hann af Söruh Jessicu Parker. Ástæða þessa er sú að söngkonan er komin í sambúð með hinum 25 ára tónlistarframleiðanda Beau Dozier í Kaliforníu en samkvæmt lögum í Kaliforníu er hún einu ári of ung til að stunda kynlíf.
Gap-fyrirtækið er auðvitað ekki sátt við þennan ráðahag en Stone notar sér til varnar að hún er breskur ríkisborgari og þar sé sjálfræðisaldurinn sextán ár.

## Mona komin til Íslands

VERSLUNIN SÉRHÆFIR SIG Í VÖRUM ÚR ÍTÖLSKU LEÐRI.

Verslunin Mona opnar laugardaginn 9. apríl á Laugavegi 66. Markmið verslunarinnar er að selja vandaðan fatnað og fylgihluti en einnig verða vörur nokkurra íslenskra hönnuða til sölu í versluninni.
Mona var stofnað árið 1989 í Belgrad í fyrrum Júgóslavíu. Helstu framleiðsluvörur þess eru fatnaður og töskur úr sérvöldu leðri frá Ítalíu en fyrirtækið framleiðir einnig fatnað úr öðrum efnum. Vörur fyrirtækisins eru seldar í fjörutíu Mona-verslunum í Serbíu, Svartfjallalandi, Bosníu-Hersegóvínu, Króatíu, Rússlandi, Tékklandi, Þýskalandi – og nú fyrst á Íslandi.
Meðal íslenskra hönnuða sem munu selja vörur sínar í versluninni verða SES design, Elín Agla Briem, Anna Gunnarsdóttir, Dýrfinna Torfadóttir og Snúlla Design.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Forca Italia

Tvær af fínustu verslunargötum Parísar eru Avenue Montaigne og rue Faubourg Saint Honoré, þótt auðvitað séu fleiri fín hverfi í borginni. Avenue Montaigne liggur út frá Champs Elysée breiðgötunni, þeirri fallegustu í heimi að sögn Frakka, en Fauburg St. Honoré er eins og framlenging af St Honoré götu þar sem hina frægu verslun Chez Colette er að finna.

Fyrir nokkrum árum sáust fyrstu ítölsku tískuhúsin á þessu svæði og nú er svo komið að ítalskar búðir eru út um allt.

Dolce og Gabbana höfu ítölsku innrásina við endann á Rivoligötu, rétt við Concorde-torg með D og G búð þar sem seld var önnur lína tískuhússins sem ekki er eins dýr. Eins og svo mörg tískuhús býður Dolce og Gabbana upp á tvær línur á mismunandi verði. Sama gerir Prada sem býður upp á aðallínu og svo sportlínu sem er ódýrari og er til dæmis að finna hjá Sævari Karli í Bankastræti. Í kjölfarið kom svo aðallínan á Avenue Montaigne og bráðlega opnar ný Dolce og Gabbana búð á Faubourg St. Honoré, beint á móti nýlegri Pradabúð. Á horninu er risastór Guccibúð. Prada hefur reyndar líka verið að opna fjölda standa eða „búða í búð“ (shop in shop) sem er það nýjasta í lúxusgeiranum, flottar verslunarmiðstöðvar þar sem hvert merki hefur sér verslun en ekki bara smá horn á opnu svæði. Prada hefur reyndar viljað opna stóra verslun eingöngu með sportlínunni en bágt efnahagsástand í Evrópu hefur líklega komið í veg fyrir það.

Rétt neðan við Prada á Fauburg St. Honoré götu er sömuleiðis nýleg verslun, Bottega Veneta. Þetta merki, sem hefur hingað til nær eingöngu boðið upp á vandaðar handgerðar leðurtöskur og skó og peysur úr kasmírull, hefur nú komið sér fyrir hér í borg á nokkrum stöðum og á tískuvikunni í Mílanó í febrúar kynnti Tomas Maier, hönnuður Bottega Veneta, fyrstu heilu tískulínu sína. Enn einn hönnuður, Helmut Lang, er kominn nánast við hlið Chez Colette. Það tískuhús er í eigu Prada Group en Prada hefur á nokkrum árum keypt nokkur tískuhús, svo sem Jil Sander og skófyrirtækið Church. Það eru því ekki bara franskir kastalar sem komast í hendur Japana heldur líka bestu verslunarstæði tískuborgarinnar í hendur Ítala. Hvort sem samhengi er á milli eða ekki þykja Frakkar of lengi að hugsa en Ítalir stökkva frekar á tækifærin. Reyndar hafa tískufrömuðir fyrir löngu krafist þess að Mílanó taki titilinn af Parísarborg sem háborg tískunnar. Franskir tískukóngar vilja auðvitað ekki heyra á það minnst. ■










FIMMTUDAGS-TILBOÐ

DÖMUSKÓR
-BALLERINA INU



4995 kr. - verð áður
2.995 kr. - verð nú
litir: bleikur, rauður blár, svartur
stærðir: 36 - 41
TILBOÐ GILDA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Toppskórinn
Suðurlandsbraut 54, sími 533 3109






















Yfirhafnir
á hálfvirði
Vattúlpur, dúnúlpur,
ullarkápur, húfur og hattar
S: 588 5518
Opnunartími Mörkinni 6
mán. – fös. 10 – 18
lau. 10 – 16
ToppHÚSIÐ



belladonna
Hlíðarsmára 11 • Kópavogi • sími 517 6460 • www.belladonna.is

Ný sending
af
hörfatnaði
frá
Melli Mel
Opið mán-fös 11-18
laugardaga 12-16
MELLI MEL



Svört loðhúfa kr. 8.995 Islandia


Brún lambaskinnshúfa kr. 9.500
Hattabúð Reykjavíkur


Bleik og Orange prjónahúfa kr. 4.900
Verksmiðjan

# Flottar húfur í hretinu

***Þótt sól sé farin að hækka á lofti getur frostið bitið í eyrun.***

Þegar sól er farin að hækka á lofti viljum við stundum gleyma mikilvægi þess að klæða okkur vel. Ullarsokkar, vettlingar og góðar húfur eru það sem allir ættu að klæðast þegar vorhretin skella á eins og við höfum fengið að finna fyrir síðustu daga. Húfa er skemmtilegur fylgihlutur og því er engin raun að setja hana upp. Og húfa er ekki það sama og húfa. Þær má má í ótal afbrigðum, skrautlegar og látlausar. Stórar loðnar húfur eru alltaf vinsælar á veturna og svo eru gömlu góðu lopahúfurnar að fá uppreisn æru ásamt íslenskum lopahúfum í nýstárlegum búningi. Alpahúfur standa líka alltaf fyrir sínu og svo er ágætt úrval af litríkum hekluðum og prjónuðum húfum sem lífga upp á vetrarlokin.


Alpahúfur, rauð kr. 1.500, ljósblá úr angóruull kr. 2.600 Hattabúð Reykjavíkur


Græn hekluð húfa kr. 4.900 Verksmiðjan


Brún loðhúfa, rússnesk í einkaeign.


Hvít loðhúfa kr. 5.400 Hattabúð Reykjavíkur




Rjúfum þögn!na
á Arnarhóli 9. apríl kl.14
Mörg okkar þekkja einhvern sem hefur lifað af ofbeldi - sum betur en aðrir. Ofbeldi þrífst í þögninni. Sýnum samstöðu í verki og tökum ekki lengur þátt í samsæri þagnarinnar. **Komdu á Arnarhól 9. apríl með þinn bol, með eða án texta - við sköffum snúrur og klemmur.** Bolir verða einnig seldir á staðnum. Sýnum ábyrg viðbrögð við öllu ofbeldi. Okkar val - Rjúfum þögnina!
Skipuleggjendur eru **STYRKUR** - úr hlekkjum til frelsis **og** verkefnið **BLÁTT ÁFRAM**.
Framtakið styðja Samtök um Kvennaathvarf, Stígamót, Kjarkur á Akureyri, UNIFEM á Íslandi, Íslandsdeild Amnesty International, V-Dagurinn og Femínistafélag Íslands.
Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á **www.blattafram.is**
BLÁTT ÁFRAM UMFÍ
Blátt áfram er verkefni UMFÍ








# VINNUVÉLAR

FRÉTTABLAÐIÐ

Komdu í ljós




Bestir fyrir bílinn þinn

Borgartún 26
sími 535 9000

Bílanaust

## tækið mitt}

Það er ekki leiðum að líkjast, Vigni Svavarssyni, landsliðsmanni í handbolta og fyrirliða Íslandsmeistara Hauka, og Bobcat vélinni sem hann segir vera uppháldstækið sitt, þótt erfitt hafi verið að velja milli hans og Zettelmeyerins. Báðir eru þeir miklir vinnuþjarkar hver á sínu sviði, enda báru þeir sama viðurnefnið, „Trukkurinn“, á sínum tíma.


„Þetta er algjör vinnuþjarkur og draumur jarðvegsverkamannnsins.“

„Ég var að vinna við hellulagnir í nokkuð mörg ár og kynntist þessu tæki mjög vel. Í raun það vel að það má segja að við höfum verið eitt á sínum tíma,“ segir Vignir sem segist þó ekki sakna þess sérstaklega að vera ekki lengur að keyra tækið. „Þetta er algjör vinnuþjarkur og draumur jarðvegsverkamannnsins. Vélin hentar ekki vel til fínni starfa og rótar töluvert undan sér, en þegar kemur að því að djöflast einhvers staðar þá er Bobcat málið.“

Vignir starfar hjá fyrirtækinu Dogma og segir að þar umgangist hann bara eitt tæki – verðmerkingarvélina.


Vignir saknar vélarinnar ekki mjög mikið en segir að á sínum tíma hafi þeir verið eitt, svo nánir hafi þeir verið orðnir.

MAN mest seldi vörubíllinn á Íslandi árið 2004



Getum einnig útvegað HIAB bílkrana og SÖRLING palla á góðu verði.

KRAFTUR HF.

Vagnhöfða 1-3 / 110 Reykjavík / Sími 567 7100


Moldinni sturtað á vörubílspall. Um borð í gröfunni er Ingimar Kjartansson eigandi Gæðamoldar.

# Er með þetta í blóðinu

***Ingimar Kjartansson segist alltaf þurfa að gera hlutina öðruvísi en aðrir. Hann hefur verið viðloðandi vélar frá barnsaldri.***

Ingimar Kjartansson hefur verið í kringum vélar frá því að hann man eftir sér. Faðir hans var meðal þeirra fyrstu sem rak vörubílaþjónustu og því má kannski segja að þessi vinna sé honum í blóð borin.

Það var fallegur morgun þó að Esjan hefði gránað eilítið um nóttina. Leiðin lá upp í Gufunes, þar sem fyrirtæki Ingimars, Gæðamold, hefur verið staðsett síðastliðin ár. „Vorið kemur ekki fyrr en eftir þrjár vikur,“ segir Ingimar þegar hann er spurður að því hvort þetta blessaða vor sé ekki komið. „Það er ennþá frost í jörðu,“ segir hann sposkur og stígur á moldina máli sínu til stuðnings.

*„Ég hef alltaf reynt að gera eitthvað öðruvísi en aðrir og flutti meðal annars inn fyrstu gámalyftuna á vörubíl árið 1983.“*

Ingimar stofnaði Gæðamold við annan mann fyrir fimmtán árum – en síðustu árin hefur hann starfað einn.

„Við höfðum verið að keyra mold fyrir þrjátíu árum en það var alltaf vandamál með hana, hún var full af grjóti og torfi. Við rákumst á vél sem gat hreinsað moldina og keyptum hana,“ segir Ingimar. Þeir félagar þróuðu þessa hugmynd síðan enn frekar.

Fyrir fimmtán árum urðu umsvifin það mikil að þau hafa átt hug hans allan síðan þá. „Ég er reyndar enn vörubílstjóri hjá Þrótti en hef ekki gert mikið af því að keyra,“ segir Ingimar og gerir sig líklegan til þess að fara upp í gröfuna. „Við höfum verið með sömu uppskriftina frá garðyrkjufræðingi en moldin er blönduð með skeljasandi, sandi og skít,“ segir Ingimar og bætir því við að þetta sé frumkvöðlastarf.


Ingimar Kjartansson hefur verið viðloðandi vinnuvélar og vörubíla síðan hann man eftir sér.

„Ég hef alltaf reynt að gera eitthvað öðruvísi en aðrir og flutti meðal annars inn fyrstu gámalyftuna á vörubíl árið 1983. Það er þannig sem maður nær forskoti,“ segir Ingimar og stekkur upp í gröfuna enda vörubílll kominn til þess að sækja mold.

# Heimilislegur matur fyrir vinnandi menn

***Bergleifur Joensen keypti Fjarðarnesti í Hafnarfirði nýlega.***

Fjarðarnesti við Bæjarhraun í Hafnarfirði hefur undanfarin 17 ár verið vinsæll matsölustaður meðal vörubílstjóra og iðnaðarmanna. Fjarðarnesti skipti nýverið um eigendur og er nýi eigandinn Bergleifur Joensen.

„Við bjóðum upp á hefðbundinn heimilismat, eins og lambakótilettur í raspi, plokkfisk og allt þar á milli. Það eru mörg iðnaðarfyrirtæki með marga starfsmenn hér í nágrenninu og svo koma vörubílstjórar mikið hingað.“

Auk þess að bjóða upp á heimilismat þá er hægt að fá skyndibitamat í Fjarðarnesti og nýtur Tröllaborgarinn mikilla vinsælda.


Bergleifur Joensen er nýr eigandi Fjarðarnestis í Hafnarfirði.


drullaðu þér
áfram kallpungur!
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 1689
Ert þú góð fyrirmynd í umferðinni?
UMFERÐARSTOFA

# Bjóða fjölbreytt úrval af stórum og litlum vélum

*Vélfang er ekki gamalt fyrirtæki heldur var sett á laggirnar fyrir um ári. Vöxtur þess hefur þó verið í góðum farvegi og segist Eyjólfur Pétur Pálmason vera bjartsýnn á framtíðina.*

„Fyrirtækið er eins árs og einbeitir sér aðallega að landbúnaðar- og vinnuvélamarkaðinum,“ segir Eyjólfur Pétur Pálmason, framkvæmdastjóri Vélfangs. Hann segir fyrirtækið stefna að því að byggja upp heilsteypt fyrirtæki sem bjóði upp á heildarlausnir fyrir bæði sveitafélög og verktaka. „Við ætlum okkur ekki að vera stærstir en þó ekki minnstir heldur viljum við reka gott þjónustufyrirtæki,“ bætir Eyjólfur við, fullur bjartsýni.

***„Við ætlum okkur ekki að vera stærstir en þó ekki minnstir heldur viljum við reka gott þjónustufyrirtæki.“***



Eyjólfur Pétur Pálmason segir fyrirtækið leggja mikið upp úr góðri og persónulegri þjónustu.

Vélfang er með umboð fyrir Terex vinnuvélaframleiðandann sem býður upp á fjölbreytt úrval af stórum og litlum vélum. „Ef menn sjá eitthvað frá Terex á til dæmis netinu og við erum ekki með það, þá útvegum við það.“ Þá hefur Vélfang einnig umboð fyrir Shibaura, sem framleiða fjölnotatæki eins og sópara og sláttuvélar.

Eyjólfur segir fyrirtækið einnig vera með varahlutaþjónustu og nýlega hafi þeir fengið umboð fyrir varahluti í Furukawa, vélar sem voru seldar hér á landi fyrir nokkru en fyrirtækið sem seldi það lagðist af. „Við getum því boðið þeim sem eru með slíkar vélar upp á góða þjónustu,“ segir Eyjólfur sem segir fyrirtækið vilja leggja upp úr persónulegri þjónustu.


Feðgarnir Þorsteinn Auðunn og Aron hjá Tæki.is við hluta af þeim tækjum sem þeir bjóða til leigu.

# Með réttu græjurnar fyrir garðvinnuna

*Margir hugsa sér eflaust gott til glóðarinnar nú þegar vorið er rétt ókomið og langar til þess að fara að vinna í garðinum.*

Nú þegar vorið er farið að láta á sér kræla eru margir sem horfa út í garð og velta fyrir sér hvort það megi ekki gera hann fegurri eða jafnvel breyta honum. Fyrirtækið Tæki.is býður nú viðskiptavinum fjölbreytt úrval af vélum sem henta til smærri og stærri verka í húsum og görðum.

Það eru þeir feðgar Þorsteinn Auðunn Pétursson og Aron Þorsteinsson sem reka vélaleiguna en þeir sjá einnig um sölu á stærri vélum. „Ég er búin að vera í þessu síðan árið 1982 og byrjaði þá með körfubíla,“ segir Þorsteinn Auðunn.

Fyrirtækið hefur vaxið og dafnað og hefur nú til dæmis til leigu litlar beltagröfur, vinnulyftur og beltavörubíla. „Beltabílarnir eru mjög sniðugir því þeir moka upp á sig sjálfir. Svo er bara hægt að keyra draslið í burtu, annað hvort að gámi eða út á götu,“ segir Þorsteinn og bætir við að beltabíll geti borið eitt tonn.

„Það er líka kostur að ekki þarf vélaréttindi á þessi minni tæki þannig að þetta er afar góður kostur fyrir þá sem ætla sér að gera hlutina sjálfir.“

Þorsteinn kveðst horfa bjartsýnn til sumarsins enda verður þá miklu meira að gera. Hann segir í lokin að fyrirtækið sé að flytja sig um set, að Óseyrarbraut 2 – en áður var það staðsett við hliðina á Bæjarútgerðinni í Hafnarfirði sem nú er verið að rífa.





Gríðarlegur fjöldi vörubíla og grafna er á svæðinu og er 241 starfsmaður sem vinnur eingöngu við þessi tæki.

# Allt morandi í vinnuvélum

*Kárahnjúkar eru eitt stærsta vinnusvæði landsins og þar eru vinnuvélar af ýmsum stærðum og gerðum hvert sem litið er.*

Kárahnjúkar eru eitt stærsta vinnusvæði Íslands og þar eru hvað flestar stórvirkar vinnuvélar á einu svæði. Þar vinnur gífurlegur fjöldi starfsmanna daglega á hinum ýmsu vinnuvélum. Alls vinnur 241 starfsmaður við stórvirkar vinnuvélar á svæðinu, þar af eru rúmlega hundrað sem keyra vörubíla.

Á svæðinu eru rúmlega þrjátíu vörubílar, fjórtán beltagröfur, tíu hjólaskóflur, fjórtán jarðýtur og átta kranar þar sem sá þyngsti vegur 63 tonn. Þá eru einnig sjö Jumbo borvagnar sem hver um sig vegur allt að fjörutíu tonnum. Þá er á svæðinu einnig fjöldinn allur af steypusprautudælum, steypudælubílum, sjúkrabílum og slökkvibíll.

***„Þyngsta tækið er þó borarnir frægu en þeir eru 600 tonn að þyngd og 120 metrar að lengd.“***


Risaborarnir á Kárahnjúkum eru gríðarlega stórir og vega 600 tonn.

Þyngsta tækið er þó borarnir frægu en þeir eru 600 tonn að þyngd og 120 metrar að lengd. Borinn með fylgitækjum vegur rúmlega 1000 tonn. Þá eru einnig tvær frámokstursvélar frá Caterpillar sem eru í eigu Impregilo. Þær vega 181 tonn og eru með 800 hestafla vélar en skóflurnar eru tíu rúmmetrar.


Stilling
- til öryggis
Ljóskastarar og vinnuljós
Verði ljós
FRÁBÆRT VERÐ
Vinnuljós NS1109F
Ökuljós NS1184F
Þokuljós NS4
Framljós NS2212
Off-road 6,5" NS890
Þokuljós NS21
Vinnuljós NS1183F
Off-road 8" NS880C
Þokuljós NS16
Örugglega á bílinn þinn
Stilling
Bílavarahlutir
DALSHRAUNI 13 HFN. · SÍMI 520 8003
SMIÐJUVEGI 68 KÓP. · SÍMI 520 8004
BÍLDSHÖFÐA 16 RVÍK. · SÍMI 520 8005
EYRARVEGI 29 SELF. · SÍMI 520 8006
AÐALNÚMER · SÍMI 520 8000
SKEIFUNNI 11 RVÍK. · SÍMI 520 8001
www.stilling.is

# Vörubílarnir á við flottustu fólksbíla

*Kraftur hóf að flytja inn vörubíla á miðjum sjöunda áratugnum. Fyrirtækið hefur frá upphafi haft umboð fyrir Man-vörubílana sem alla tíð hafa notið mikilla vinsælda.*

„Kraftur er eitt elsta vörubílafyrirtæki landsins, það var stofnað árið 1966," segir Björn Erlingsson framkvæmdastjóri. Hann segir að sig rámi í að það hafi verið Jón Loftsson sem keypti fyrsta vörubílinn af fyrirtækinu. „Þetta var þriggja öxla bíll með stórum palli. Hann var notaður til vikurflutninga," segir Björn en hann leyfir sér að efast um að fólk myndi láta bjóða sér slíkan bíl í dag.

„Þessi bíll var framdrifinn, sem var ákaflega mikilvægt á þessum tíma enda vegagerð og þjónusta á vegum úti ekki eins og nú – og vörubílstjórar þurftu að komast leiðar sinnar þótt ekki væri mokað."

*„Við erum með stórt verkstæði og svo kann að vera að vörubílstjórar séu fastheldnari á eina tegund en aðra."*

Björn segir mikið hafa breyst í þessum efnum og tækninni fleygt fram. „Vörubílarnir í dag eru eins og flottustu fólksbílar, búnir leðursætum og jafnvel DVD-spilurum.

Kraftur hefur verið með umboð fyrir Man-vörubílana frá upphafi og segir Björn þá hafa selst gríðarlega vel. „Þeir hafa verið söluhæsta tegundin frá upphafi ef undan er skilið eitt ár." Björn segir ekkert eitt skýra það en þeir hafi þó alltaf lagt mikið upp úr góðri þjónustu við viðskiptavini. „Við erum með stórt verkstæði og svo kann að vera að vörubílstjórar séu fastheldnari á eina tegund en aðra."

Kraftur er með fleira en vörubíla á sínum snærum, því fyrirtækið er jafnframt með sölumboð fyrir HIAB bílkrana, sem eru ágætlega þekktir hérlendis, auk hinna sænsku Sörling-palla.



Björn Erlingsson rámaði í að það hefði verið Jón Loftsson sem keypti fyrsta bílinn af þeim til vikurflutninga.

60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004
MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.

HANN ER GRIMMUR!
MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER
SKOTBÓMULYFTARI

**Fjórhjóladrifinn**
**Fjórhjólastýrður**
**Lyftigeta:** 3.400 KG
**Lyftihæð:** 6.050 MM
**Gafflar:** 1.200 MM
**Vél:** Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ
**LOAD SENSING!!** Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.



- VIÐURKENND VARAHLUTAÞJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager

MANITOU

PON
PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-maiL: pon@pon.is


Gunnar Kr. Sigurðsson segir að verktakar séu stærsti einstaki viðskiptahópur Lýsingar og þeir hafi því þurft að kynna sér þann markað vel.

# Frá risaborum til fiðlu í anda Stradivariusar

*Lýsing er eitt þeirra fyrirtækja sem bjóða upp á heildarlausnir í fjármögnun vinnuvéla.*

Lýsing hefur á undanförnum árum boðið upp á heildarlausnir í fjármögnun vinnuvéla. „Það er hægt að gera það bæði með eignarleigusamningum og með hefðbundnum fjárfestingarlánum,"

*„Verktakar eru stærsti einstaki viðskiptahópur okkar og við höfum því þurft að kynna okkur vel markað fyrir vinnuvélar og tæki."*

Frábært inngöngutilboð í Einkaklúbbinn: Tvö árskort og tveir geisladiskar frá Skífunni á kr. 6.900. Sími 577 2222 & www.ek.is

Leigjum og seljum hljóðkerfi stór og smá. JBL, Crown, AKG HljóðX. Grensásvegi 12 sími 553 3050.

Bílskúrshurðaþjónustan. Bílskúrshurðir og mótorar, varahlutir - viðgerðir. Halldór S. 892 7285.

Áfyllingarþjónusta fyrir alla prentara. Við fyllum á blek og tóner hylki. Þú kemur með hylkið til okkar og við fyllum. Ódýrt, einfalt og þægilegt. Tilboðsverð : Blekhylki á 1790 kr. og Tónerhylki á 3990 kr .Móttaka hjá Boða Stimplagerð Bolholti 6. www.prenta.is

Notuð skrifstofuhúsgögn til sölu. Selst ódýrt. Uppl. í s. 892 2799.

**Skransalan Skipholti 29A er komin í ný föt.**
Kíkjið við og sjáið breytingarnar. Opið 12-18 virka daga. S. 694 6016 & 551 2306.

Eldhúsinnrétting til sölu, sprautulökkuð hvít með viðarplötu, 2 einingar (3,5m og 1,5 m) með yfirskápum. Tæki fylgja einnig, keramik helluborð, ofn, uppþvottavél og ísskápur. Innrétting og tæki í góðu ásigkomulagi. Uppl. í s. 844 4527.

Ísskápur til sölu, 180 cm.h. og 60 cm.b. tvískiptur, frystihólf að neðanveru, 1 árs gamall. Verð 25 þús. Uppl. í s. 690 9099.

3ja ára eikarinnrétting til sölu úr stóru eldhúsi. Einnig til sölu 2ja ára Sony 100 HZ, 32" með heimabíókerfi. Uppl. í síma 690 7060.

**Þvottavélar**
Til sölu nokkrar nýlegar þvottavélar. Sími 847 5545.

Ísskápur 140 cm með sérfrysti á 10 þ., 120 cm og 85 cm á 8 þ. 53 cm á 6 þ. Barnakerra á 3 þ. Þríhjól á 3 þ. Eldavél á 5 þ. Barnabílstóll á 3 þ. Video á 3 þ. Einnig varahlutir í ýmsa bíla. S. 896 8568.

## Gefins

Sex til átta mán. Bordier Collie. fæst gefin v/ flutninga. Uppl. í s. 696 2806.

## Heimilistæki



Ný og notuð heimilistæki, tökum notuð uppí ný. Kaupum einnig notuð/biluð. Uppl. í s. 564 4555 & 694 4555. Búbót. Vatnagörðum 14.

## Óskast keypt

Ísskápur óskast, ekki hærri en 140cm. Uppl. í s. 698 5472.

Vantar borð, helst 70x70 og stóla við í veitingasal. Einnig pizzuhrærivél og allt til pissugerða og matarstell. Uppl. í s. 892 7755 Kristín.

Óska eftir að kaupa 2 gamlar útidyrahurðir með körmum. Uppl. í s. 864 2660.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35, s. 552 7095.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 (Friðrik). Frá kl 8-23.

**Láttu okkur sjá um þig - Áratuga reynsla.**
BMS-Tölvulausnir hefur að bjóða öflugt tölvuverkstæði og býður úrvals þjónustu á góðu verði. Sækjum og sendum FRÍTT innan höfuðborgarsvæðisins www.bms.is Sími 565 7080.

**Tölvuviðgerðir frá 1500 kr.**
Heimaþjónusta í hæsta gæðaflokki. Ókeypis uppsetning á öflugri vírusvörn. Miðnet, s. 694 6161.

## Vélar og verkfæri

Límtré Vírnet

Til sölu ýmis búnaður til blikk og stálsmíði s.s. Lagun CNC fræsari MAS fræsari,2 stk súluborvél MWM vökvadrifið 2 m plötusax Bronsverk 2 m beygjuvél, Buffalo fjölnota lokkur, MEBA bandsög, Bliss höggpressa. Hefill fyrir járn, smergel, prófílsagir o.fl. Upplýsingar gefur Aðalsteinn í s. 699 0773.



**Gubisch Kílvél**
Til sölu er þessi 7 hausa kílvél, mjög góð og öflug vél, með miklum fjölda fræsihausa m/skiptitönnum. Upplýsingar í síma 860 1123.

## Til bygginga




**Gröfur/Vörubílar/Hellulagnir**
Gröfum grunna, útvegum efni. Gröfum fyrir skolp- og frárennslislögnum. Lóðalögun og hellulagnir.
**Upplýsingar í síma 822 2660.**

**Steinull**
Til sölu úrvals steinull, margar gerðir. Gott verð. Uppl. S. 898 5500.

## Verslun




www.rum.is frábær fermingartilboð, Amerísk fermingarrúm frá 29.900 kr. Snorrabraut 56 & Glerárgötu 34 Akureyri, s. 551 5200 & 461 5300




**100% Verðvernd!!!!**
Venus erotic store. Vorum að fá nýjar 10 og 12 tíma 2ja diska DVD, verð 3.990. Allar spólur 1990. 3 á 5.000. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.




## Hreingerningar

Hreinlega - Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur heimilisþrif, flutningaþrif, teppahreinsanir, stigagangar og fyrirtæki. Ellý og Co. S. 898 9930.

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru s. 699 3301.

## Garðyrkja




Nú er tíminn fyrir trjáklippingar sem og að fá tilboð í garðslátt fyrir sumarið. Ánægðir viðskiptavinir frá 1988!




Garðsláttur, trjáklippingar, garðaúðun, beðahreinsun o.fl. Hér færðu alla viðhaldsþjónustu á einum stað fyrir garðinn. Garðlist 554-1989 www.gardlist.is .

Öll garðyrkju- og lóðavinna er okkar fag. Því nú er rétti tíminn, pantið tímanlega hjá Blóma. S 896 7969.

Tökum að okkur trjáklippingar og garðslátt. Gerum föst verðtilboð. Góð þjónusta. Uppl. í s. 698 6564 & 896 6936.

## Bókhald

**FAGBÓK ehf. Bókhaldsstofa.**
- Bókhald/Ársreikningar - Skattframtöl fyrir lögaðila/einstaklinga - Stofnun félaga - Vsk.uppgjör - Launaútreikning ofl.
**Persónuleg þjónusta á góðu verði. Þverholti 3, 270 Mosfellsbæ, sími 566 5050. GSM 894 5050, 894 5055.**

Bókhald-skattframtöl-stofnun hlutafélaga KJARNI ehf sími 561 1212 GSM 891 7349.

Framtal 2005. Einstaklingar og minni rekstraraðilar. Sæki um viðbótarfrest. Framtalsþjónustan. S. 533 1533.

## Bólstrun

**Húsgagnabólstrun**
Tek að mér klæðningar og viðgerðir á húsgögnum
**Bólstrun Ásgríms Þ. Ásgrímssonar, Iðnbúð 5, 210 Garðabær.**

## Meindýraeyðing




Öll meindýraeyðing fyrir heimili, húsfélög. S. 822 3710.




Alhliða meindýraeyðing í heimahúsum s.s. geitungar, stari, mýs o.fl. S. 898 2801.

## Búslóðaflutningar




Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald




**Móðuhreinsun Glerja !**
Er komin móða eða raki á milli glerja? Móðuhreinsun, Ólafur í 860 1180.

Tek að mér alm. viðhald húsa, málun, múrun, flísa & parket lagnir og aðra trésmíðavinnu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Byggingameistari getur bætt við sig verkefnum. Upplýsingar í síma 659 3348.

Er þu að fara að flisaleggja? Tek að mér verkefni. Upplýsingar í síma 843 0117.

## Stífluþjónusta







## Tölvur

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 ( Friðrik). Milli kl 8-23 alla daga.

Er vírus í tölvunni eða er hún biluð? Mæti á staðinn. Þekking og reynsla í 20 ár. S. 696 3436. www.togg.biz

Tölvuvandamál? Kem á staðinn. Viðurk. af Microsoft. Mikil reynsla. Ríkharður s. 898 0690, til kl. 23 alla daga.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Tölvuhjálp PC og Mac aðstoð www.tolvuhjalp.is S. 534 3700.

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

## Snyrting

**Flottar neglur.**
Gott verð. Opið 10-18. Tímapantanir í S. 869-8964.

## Spádómar







Kristjana spámiðill tekur fólk í einkatíma. Þeir sem til mín vilja leita pantið tíma í S. 554 5266 & 695 4303.

Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. S. 908 6040. Frá kl. 13 til 01.

**Alspá 908-6440**
Draumar, skyggni. Fyrirb. Fyrri líf. Finn týnda muni. 10-22. Y.Carlsson.

Spásíminn s. 908 5666. Ársspá 2005. Stjörnuspá, draumráðningar (ást og peningar), andleg hjálp. Trúnaður.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Spásíminn 908-2008. Er opið mánudaga og þriðjudaga frá kl 18-23. Draumar, tarrot.

Stendur þú á tímamótum? Spái í spil og bolla. Uppl. í s. 587 8786 & 847 5524, Nína.

Spásíminn 902-5052. Spái í spil og Tarot spil. Opið frá kl. 20 - 23 Björk.

Tek fólk í einkatíma á Akureyri. Laufey spámiðill. 861 6634.

## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

90,9 · 98,9 · VÍSIR · FRÉTTABLAÐIÐ · 90,9 · 98,9 · VÍSIR

Cockteilsósa, Cockteilsósa.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Jeppakerrur,
**Víkurvagnar**

Híbýli vindanna.
Í kvöld, fáar sýningar eftir.
**Borgarleikhúsið.**

Verslun Iðnaðarmannsins.
**Sindri, Strandgötu Hafnarfirði.**

Loftræstiviftur - borðviftur
**Fálkinn**

Átt þú spariskírteini á gjalddaga í apríl?
Hjá Íslandsbanka bjóðast fjölmargir ávöxtunarmöguleikar.
Við bjóðum 50% afslátt af gengismun í verðbréfasjóðum okkar til 1. maí.
**Íslandsbanki eignastýring.**

Góðan daginn, góðan daginn.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Kúplingar í bíla
**Fálkinn**

Draumleikur.
Laugardags- og sunnudagskvöld.
Algjör draumur.
**Borgarleikhúsið.**

Cockteilsósa með frönskunum.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Allt að 30% afsláttur af völdum sýningarvörum í Natuzzi.
**Gerðu góð kaup, kíktu við í Natuzzi verslunina þína Smáralind.**

Svik.
Síðasta sýning laugardagskvöld.
**Borgarleikhúsið.**

Legur í bíla
**Fálkinn**

Lífið er dásamlegt.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Segðu mér allt.
Laugardagskvöld.
**Borgarleikhúsið.**

Mjólkurhristingur með kaffibragði, nammi nammi namm.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Dráttarbeisli
**Víkurvagnar**

Allt í svefnherbergið..
**Ikea.**

Hjá Íslandsbanka bjóðast fjölmargir ávöxtunarmöguleikar fyrir sparnaðinn þinn.
Við bjóðum 50% afslátt af gengismun í verðbréfasjóðum okkar til 1. maí.
**Íslandsbanki eignastýring.**

Nýjar Textílvörur
**Ikea**

Cockteilsósa og franskar kartöflur.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Njótið lífsins.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

# Akkurat
Opið laugardaga frá 11.00 - 14.00



## Helgubraut 21 – 200 Kópavogi

**180 fm endaraðhús á þremur hæðum með innbyggðum 20 fm bílskúr og 50 fm útleiguíbúð í kjallara, samtals rúmir 250 fm.**

**Nánari lýsing:** Komið er inn af plani í flísalagt anddyri með skápum, innaf er flísalögð gestasnyrting. Hol. Eldhús með viðarinnréttingu borðkrók og fínum tækjum. Stofa og borðstofa björt með útsýni yfir Voginn. Stigahús.

Á efri hæð eru þrjú herbergi með skápum. Fjölskyldurými/garðskáli með upptekin loft og utangengt á suður svalir. Rúmgott baðherbergi flísalagt í hólf/gólf með uppteknu lofti, sturtuklefa og baðkari og góðri innréttingu.

Í kjallara er annars vegar 2ja herbergja íbúð með sér inngangi sem saman stendur af herbergi, elhúsi með borðkrók, baðherbergi með tengi fyrir þvottavél, stofu og flísalögðu anddyri og hinsvegar er stórt herbergi, þvottahús og geymsla sem tilheyra efri hæð. ***Vel staðsett eign í góðu standi***

Sími: 594 5000 — Akkurat

# Akkurat
Opið laugardaga frá 11.00 - 14.00



## Veislueldhús – rekstur og húsnæði.

Til sölu er rekstur og húsnæði veislueldhús í góðum rekstri miðsvæðis í Reykjavík.

**Allar nánari uppl veitir Viggó Sig.**
**Sími : 594-5050 / 824-5066 e-mail : *viggo@akkurat.is***

Sími: 594 5000 — Akkurat

# Hóll
Tákn um traust
**555 6669**
www.holl.is
Björn Daníelsson, hdl. og lögg. fasteignasali



## SMÁRARIMI 84
## Opið hús í dag.

Í dag verður opið hús að SMÁRARIMA 84 sem er glæsilegt einbýlishús á einni hæð, samtals 194,5 fm þar af innbyggður bílskúr 46,6 fm, 3 góð svefnherbergi sjónvarpshol, stofa / borðstofa, parket og flísar á gólfum, glæsilegar innréttingar, mjög gott útsýni.

**Ingi Björn sölumaður Hóls tekur á móti ykkur á milli kl. 18.00 og 20.00 í dag.**

# HÚSEIGN
Fasteignamiðlun
Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur
Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109
huseign@huseign.is • www.huseign.is
Opið mán. -fim. 10-18 • föstud. 10-17
*Guðmundur St. Ragnarson • Lögg. fasteignasali og hdl.*

## KLAPPARHLÍÐ 24, 270 MOSFELLSBÆR
## OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 18.00 – 19.00

**Falleg 4ja. herbergja íbúð á 1. hæð með sérinngangi og sérafgirtum garði í suðvestur.**

Íbúðin sjálf er 90,5 fm. að stærð og geymslan 8,4 fm. Úr stofu er gengið út á ca. 20 fm. hellulagða verönd og afgirtan sérgarð í suðvestur. Íbúðinni fylgir sérgeymsla á jarðhæð, auk hlutdeildar í sameiginlegri vagna- og hjólageymslu. Húsið er byggt árið 2001 af Íslenskum aðalverktökum, klætt með bárumálmklæðningu og harðvið. Allur frágangur er til fyrirmyndar! Sjónvarpstengi í öllum herbergjum. Breiðbandið í húsinu!
Næg bílastæði á lóð. Einn eigandi frá upphafi.
Eign í nýju hverfi sem er í mikilli uppsveiflu. Ekki láta þessa eign sleppa!

Allar nánari upplýsingar veitir: Áslaug Baldursdóttir, sölufulltrúi í síma: 822-9519

**Stærð: 98,9 fm.**
**Byggingarár: 2001**
**Verð: 22,5 mkr**
**Brunabótamat: 14,9 mkr.**
**Afhending: Júlí 2005**

**VERÐMETUM SAMDÆGURS - EKKERT SKOÐUNARGJALD**



# SÍMSMIÐIR

Munið aðalfundinn föstudaginn 8. apríl kl. 17. 30 að Stórhöfða 31.

**Stjórn félag símsmiða**

# Aðalfundur
## Íslandsdeildar Amnesty International

**Aðalfundur Íslandsdeildar Amnesty International verður haldinn laugardaginn 16. apríl kl. 14.00 í Litlu Brekku við Bankastræti.**

## Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum deildarinnar. Allir félagar Íslandsdeildar Amnesty International velkomnir.




# Rjúfum þögn!na
## á Arnarhóli 9. apríl kl. 14

Mörg okkar þekkja einhvern sem hefur lifað af ofbeldi - sum betur en aðrir. Ofbeldi þrífst í þögninni. Sýnum samstöðu í verki og tökum ekki lengur þátt í samsæri þagnarinnar. **Komdu á Arnarhól 9. apríl með þinn bol, með eða án texta - við sköffum snúrur og klemmur.** Bolir verða einnig seldir á staðnum. Sýnum ábyrg viðbrögð við öllu ofbeldi. Okkar val - Rjúfum þögnina!

Skipuleggjendur eru **STYRKUR** - úr hlekkjum til frelsis **og** verkefnið **BLÁTT ÁFRAM.**
Framtakið styðja Samtök um Kvennaathvarf, Stígamót, Kjarkur á Akureyri, UNIFEM á Íslandi, Íslandsdeild Amnesty International, V-Dagurinn og Femínistafélag Íslands.
Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á **www.blattafram.is**

Blátt áfram er verkefni UMFÍ

# OLIVER
BAR CAFÉ GRILL

## Vilt þú vera með frá upphafi?

Erum að leita að hressu og ábyrgu starfsfólki í framtíðarstörf / hlutastörf á nýju veitingahúsi/bar sem opnar á Laugavegi 20 í maí.

Stöður sem enn á eftir að fylla:
- Barþjónar
- Starfsfólk í eldhús
- Starfsfólk í sal
- Kaffibarþjónar
- Dyraverðir

Starfsskilyrði eru að viðkomandi hafi gott vald á íslenskri tungu, eigi gott með mannleg samskipti, hafi metnað fyrir starfi sínu og sé brosmilt.

Starfsfólk verður sent á kaffinámskeið, léttvínsnámskeið ofl.

Áhugasamir, vinsamlegast komið við á Laugavegi 20 milli 14:00 og 16:00 eða hringið í Arnar í síma 821-8500 og mælið ykkur mót.

Erum með stórt útiborðasvæði þannig að þetta er líka útivinna í sólinni í sumar!!!

# Hótelrekstur á landsbyggðinni

Vopnafjarðarhreppur auglýsir rekstur **Hótels Tanga** á Vopnafirði til leigu. Unnið er að gagngerum endurbótum á hótelinu, sem lokið verður í júní nk. Leitað er eftir aðila, sem er tilbúinn að taka að sér spennandi en jafnframt krefjandi rekstur, hótels á Vopnafirði.

Æskilegt er að umsækjandi hafi rekstrarmenntun eða reynslu á sviði hótels- og veitingareksturs.

Allar nánari upplýsingar veitir Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps í síma 473-1300 eða á netfangi *steini@vopnafjardarhreppur.is*

Umsóknum skal skila á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps, Hamrahlíð 15, 690 Vopnafjörður, fyrir 15. apríl n. k.

**-Vopnafjarðarhreppur**

# póst húsið

## GRINDAVÍK ATH..

Laus störf í boði fyrir 18 ára og eldri.
Bíll til umráða skilyrði.
**Upplýsingar í síma 5858340**

# Talstöðin
FM 90,9

**ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX**
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

# Söluráðgjafi

**Vegna aukinna umsvifa óskar Kælitækni ehf. eftir að ráða þrjá öfluga söluráðgjafa.**

Kælitækni ehf. er innflutningsfyrirtæki í Reykjavík með dótturfyrirtæki í Kanada. Bæði fyrirtækin starfa á fyrirtækjamarkaði.

**Söluráðgjafi 1:** **Verslunartæki og innréttingar**
**Söluráðgjafi 2:** **Kælitæki, stjórnbúnaður og stýringar**
**Söluráðgjafi 3:** **Kæliklefar, hurðir og stálgrindahús**

**Starfið:**
- sala og þjónusta
- öflun nýrra viðskiptavina og samskipti við núverandi viðskiptavini
- tilboðsgerð og eftirfylgni
- samskipti við erlenda birgja
- söluferðir

**Hæfniskröfur:**
- reynsla af sölustörfum
- þjónustulund
- sjálfstæð vinnubrögð
- góð tölvukunnátta
- góð íslenskukunnátta
- enskukunnátta
- samskiptahæfni
- frumkvæði
- markaðshugsun

Skriflegar umsóknir óskast sendar til Kælitækni ehf., Rauðagerði 25, 108 Reykjavík fyrir 8. apríl 2005.

**Kælitækni**
Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík - Sími 568 4580 - Fax 568 4585



**GRUND**
DVALAR- OG HJÚKRUNARHEIMILI
Stofnað 1922

## Starfsfólk í aðhlynningu

Starfsfólk óskast í aðhlynningu á 70% næturvaktir og einnig á morgun- og kvöldvaktir bæði heilsdags- og hlutastörf í boði.
Óskum jafnframt eftir starfsfólki í ræstingu.

**Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530-6100 virka daga kl. 9:00 til 12:00**

# Ertu í leit að föstu starfi eða aukavinnu





Við leitum eftir fólki í eftirfarandi störf við ræstingar:

**Dagvinna í verslunarmiðstöð á svæði 103 - vinnuhlutfall 91,25%.**
Unnið er í viku og frí í viku. Vinnutími er eftirfarandi: mánudaga - miðvikudaga og laugardaga frá klukkan 08:00 - 19:00, fimmtudaga frá klukkan 08:00 - 21:30, föstudaga frá klukkan 08:00 - 20:00 og sunnudaga frá klukkan 08:00 - 18:00.

**Dagvinna á svæði 112**
Starf á líkamsræktarstöð alla virka daga frá klukkan 11:00 -18:00 og laugardaga frá klukkan 10:00 -14:00.

**Dagvinna á svæði 108 - vinnuhlutfall 100%**
Ræstingar og mötuneytisumsjón þar sem vinnutími er frá klukkan 07:30 - 15:30.

**Dagvinna á svæði 210 - vinnuhlutfall 62,50%**
Vinnutími er frá klukkan 08:30 - 14:30.

**Seinnipartsvinna á svæði 101 - vinnuhlutfall 29,5%**
Störf við ræstingar og býtibúrsvinnu á heilbrigðisstofnun þar sem vinnutími er frá klukkan 16:00 - 19:00 fimm daga vikunnar og aðra hverja helgi.

**Helgarvinna á svæði 101, 200 og 220**
Ræstinga- og býtibúrsvinna á heilbrigðisstofnunum þar sem vinnutími er frá klukkan 16:00 - 19:00 aðra hverja helgi á svæði 101 og 08:00 - 15:00 aðra hverja helgi á svæði 220. Á svæði 200 er unnið aðra hverja helgi frá klukkan 08:00 - 14:00 og 10:00 -16:00 í verslunarmiðstöð.

**Föst afleysingarstörf - vinnuhlutfall 25 - 100%.**
Dag- og kvöldvinna með föstu starfshlutfalli við afleysingar. Starf afleysingar er fjölbreytt og góð laun í boði. Nauðsynlegt er að hafa bíl til umráða

**ISS ÍSLAND**

*Upplýsingar um störfin veitir Ólöf starfsmannastjóri, umsóknareyðublöð fást á skrifstofu ISS Ísland að **Ármúla 40, 3.hæð** og á heimasíðu **www.iss.is.***
***Sími 5 800 600. Netfang: olof@iss.is.***

***ISS Ísland ehf. er stærsta fyrirtæki landsins á sviði fasteignaumsjónar, s.s. ræstinga, þrifa í matvælaiðnaði og viðhaldi/hreinsun loftræstikerfa, fyrirtækið hefur starfað í yfir 24 ár. Hjá ISS Ísland starfa yfir 630 manns á aldrinum 17 - 80 ára um allt land. Starfsmenn fá kennslu, þjálfun, bestu áhöld og efni sem völ er á. Einnig fá starfsmenn stuðning frá ræstingar-, þrifa- og flokkstjórum.***






# Gerðu árangur þinn sýnilegan

**ÞEKKIRÐU STYRKLEIKA ÞÍNA OG VEIKLEIKA?**

Gerðu árangur þinn sýnilegan er nám þar sem þátttakendur nálgast framkomu, sjálfsskoðun og samskipti úr nýrri átt.

Hver manneskja býr yfir ákveðinni auðlind, hæfni sem gerir henni kleift að ná árangri á ákveðnu sviði.

**NÁMIÐ SKIPTIST Í FJÓRA HLUTA:**

**AUÐLIND; Að þekkja sjálfan sig**
Starfsþróun, að taka frumkvæði og vera sýnilegur og að læra að þekkja sjálfan sig

**VIRKJUN; Að virkja hæfileika sína**
Markmiðasetning, að takast á við óttann, tengslanet og tímastjórnun

**MARKAÐSSETNING; Að koma sér á framfæri**
Áhrif og sannfæringakraftur, framsetning efnis og glærugerð, framkoma og ræðumennska og að byggja upp eigin ímynd

**AÐ FARA Á FLUG;**
Skapandi hugsun

**ÞÚ ÖÐLAST:**

- Aukinn skilning á hegðun þinni og hvernig hún hefur áhrif á fólk
- Færni í árangursríkri hugsun
- Aukna trú á eigin getu
- Öryggi í að koma hugmyndum þínum á framfæri
- Bætta stjórn á tíma þínum og streitu
- Betra tengslanet

*„Mér finnst þetta nám upplagt fyrir fólk sem stendur frammi fyrir nýjum áskorunum í lífinu, nú eða til að dýpka skilning sinn á því hvar það stendur eða hvert það vill stefna"*
*Steingerður Kristjánsdóttir, ÍTR*

Námið hentar sérstaklega öllum þeim sem vilja ná auknum árangri í starfi og einkalífi. Námskeiðið sem er 40 klst. hefst 20. apríl nk. kostar 89.000 kr.

IMG RÁÐGJÖF

Nánari upplýsingar og skráning: Sími 540 1000, namskeid@img.is og á www.img.is



# KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.016 **+0,78%**

**Fjöldi viðskipta:** 428
**Velta:** 5.611 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| Fiskim. Ísl. | +7,14% | Austurbakki | -2,60% |
| Síminn | 5,00% | Tryggingamiðst. | -1,74% |
| Landsbanki | 3,97% | Og fjarskipti | -0,97% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,20 -0,25% ... Atorka 6,00 +0,50% ... Bakkavör 31,70 – ... Burðarás 14,35 +1,06% ... FL Group 13,85 +1,84% ... Flaga 5,55 +0,91% ... Íslandsbanki 12,90 +1,57% ... KB banki 548,00 – ... Kögun 59,90 -0,17% ... Landsbankinn 15,70 +3,97% ... Marel 57,20 +0,70% ... Og fjarskipti 4,09 -0,97% ... Samherji 12,10 – ... Straumur 10,65 +2,40% ... Össur 85,00 +0,59%

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

## SAMSON ENDURFJÁRMAGNAÐ

### TÍU MILLJARÐA SKULDABRÉFAÚTBOÐ

Samson eignarhaldsfélag hyggst gefa út skuldabréf fyrir 10 milljarða króna og verða peningarnir nýttir til að taka þátt í hlutafjárútboði Landsbankans sem nú stendur yfir og til að endurfjármagna félagið. Skuldabréfin verða skráð á markað hér á landi.

Tilgangur Samson eignarhaldsfélags er takmarkaður við eignarhald í Landsbankanum.

Hins vegar er annað félag sem ber nánast sama nafn, Samson Global Holdings, starfrækt og hefur engar slíkar kvaðir. Það félag á til að mynda stóran hlut í Burðarási. - dh



**LYF Á LEIÐ TIL RÚSSLANDS** Fyrstu skammtarnir á Rússlandsmarkað hafa verið sendir af stað.

# Actavis sendir lyf til Rússlands

## Markaðinum þar spáð miklum vexti

Actavis sendi tvær milljónir taflna af hjartalyfinu Lisinopril, sem framleitt er á Íslandi, til Rússlands fyrir skömmu en leyfi fékkst fyrir sölu lyfsins þar í janúar. Á þessu ári er búist við að framleidd verði fleiri lyf á Íslandi og markaðssett í Rússlandi. Á síðasta ári var salan í Rússlandi á lyfjum sem þróuð eru af Actavis 16 prósent af heildarsölu og var vöxturinn á síðasta ári 12 prósent. Rússland og nálæg lönd eru stór markaður fyrir Actavis en félagið telur framtíðarhorfur góðar á þessum stóra markaði og almennt er búist við miklum vexti á markaðinum næstu ár. Að sögn Jónasar Tryggvasonar, framkvæmdastjóra Actavis í Moskvu, er Rússlandsmarkaður sá markaður sem spáð er næstmestum vexti í heiminum á næstu árum fyrir utan Kína og því séu góð tækifæri þar fyrir Actavis. Sendingin er sú fyrsta af þremur sem ráðgerðar eru á þessu ári. - dh



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ENN EITT METIÐ** Úrvalsvísitalan fór yfir fjögur þúsund stig í fyrsta sinn í gær.

Úrvalsvísitalan:

# Rauf 4.000 stiga múrinn

**VIÐSKIPTI** Úrvalsvísitalan fór í gær í fyrsta skipti yfir 4.000 stigin þegar hún endaði í 4.016 stigum. Yfir fimm milljarða viðskipti áttu sér stað með hlutabréf í gær og hækkuðu níu félög innan vísitölunnar frá deginum áður, þrjú stóðu í stað en aðeins þrjú lækkuðu.

Um síðustu áramót stóð úrvalsvísitalan í 3.360 stigum og hefur hún því hækkað um 19,5 prósent á árinu.

Síðustu dagana hafa viðskiptabankarnir verið að hækka nokkuð en búist er við að þeir skili mjög góðum afkomutölum fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins. Bankarnir vega þungt í vísitölunni og hafa því töluverð áhrif á stefnu hennar.

Þau fyrirtæki sem hafa hækkað að mest frá áramótum eru FL Group (Flugleiðir) um 47 prósent, Landsbankinn (um 32 prósent), Bakkavör (um 30 prósent), Kögun (um 29 prósent) og SH (um 29 prósent). - eþa


Talstöðin
FM 90,9

Vertu vakandi!
Merkin eru til staðar en þú þarft að koma auga á þau!
Rjúfum þögn!na
á Arnarhóli 9. apríl kl.14
Nánari upplýsingar www.blattafram.is

flugfelag.is | 570 3075





skemmtun - áreynsla - upplifun - ævintýri - áskorun - hópefli - samstaða - ánægja - verðlaun - hvatning - sigur - fyrirtæki - starfsmenn - félög - klúbbar - samtök





HVATAFERÐ
hverjir eru bestir!

Verðlaunaðu fólkið þitt

Þegar góður hópur hefur skilað vel unnu verki er sjálfsagt að verðlauna starfsmenn og hvetja þá þannig til enn frekari dáða. Hvataferð Flugfélags Íslands er ný þjónusta fyrir fyrirtæki sem vilja gera vel við fólkið sitt, hrista nýjan hóp saman eða efla hann fyrir átökin framundan. Við gerum þér frábær ferðatilboð fyrir fólkið þitt til allra áfangastaða okkar innanlands, þar sem þess býður spennandi upplifun, ævintýri og skemmtun sem skilar sér í sterkari hóp.
Kannaðu möguleikana fyrir fólkið þitt í síma 570 3075, á vefsíðunni www.flugfelag.is eða sendu fyrirspurn á hopadeild@flugfelag.is (Lágmarksfjöldi er 10 manns.)

upplifðu
ÍSLAND·SÆKJUM ÞAÐ HEIM

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Taktu flugið





Hlutverk, ábyrgð og árangur stjórnarmanna fyrirtækja og stofnana

Stjórnendaskóli og Fjármálaréttarstofnun Háskólans í Reykjavík halda námskeið fyrir stjórnarmenn í fyrirtækjum og stofnunum þar farið er yfir hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna út frá lögfræðilegu, rekstrarlegu og siðfræðilegu sjónarhorni.

Jóhannes Sigurðsson prófessor við lagadeild HR og forstöðumaður Fjármálaréttarstofnunar HR:
• Lagalegar skyldur stjórnarmanna.
• Dómar um ábyrgð stjórnarmanna.
• Reglur um stjórnhætti fyrirtækja - samanburður á milli LSE, NYSE, og ICEEX.

Loftur Ólafsson lektor við viðskiptadeild HR:
• Mikilvægustu rekstrarlegu viðfangsefni stjórnarmanna.
• Mat á frammistöðu annarri en fjárhagslegri frammistöðu.
• Kröfur almennra hluthafa til stjórna og mat stjórna á eigin skilvirkni.

Ketill B. Magnússon forstöðumaður hjá Símanum og stundakennari við viðskiptadeild HR:
• Siðferðileg álitamál í starfi stjórnarmanns.
• Siðfræðileg skylda fyrirtækja í samfélaginu.
• Að taka ákvarðanir um siðferðileg álitamál.

Guðrún Högnadóttir þróunarstjóri Stjórnendaskóla HR:
• Lykilþættir til árangursríks samstarfs - frá kenningum til aðgerða.
• Svipmynd af frammistöðu stjórnar og stjórnarmanna - sjálfsmat.

Nánari upplýsingar veitir:
Ágústa Jónsdóttir
sími: 599 6424
agusta@ru.is
Skiptiborð: 599 6200
stjornendaskoli.is

Dagsetningar: 26. og 27. apríl 2005 frá kl. 8:30 - 12:30.
Staður: Stjórnendaskóli Háskólans í Reykjavík, Ofanleiti 2.
Verð kr. 29.000.
Aðeins fyrir stjórnarmenn fyrirtækja og stofnana.
Takmarkaður fjöldi.

STJÓRNENDASKÓLI
HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK



**SAUL BELLOW (1915 – 2005)** lést í gær.

*„Þeir sem biðja um ráð eru yfirleitt að leita sér að vitorðsmanni.“*

***Bandaríski rithöfundurinn Saul Bellow hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 1976. Meðal þeirra sem hafa lýst aðdáun sinni á honum er rithöfundurinn Philip Roth.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Eisenhower setur fram dómínókenninguna*

Þennan dag árið 1954 kynnti Dwight Eisenhower Bandaríkjaforseti til sögunnar dómínókenninguna svokölluðu, sem gekk út á að ef kommúnistar kæmust til valda í Indókína (síðar Víetnam) myndu önnur ríki í suðaustur-Asíu einnig falla þeim í skaut. Kenningin átti eftir að verða pólstjarnan í bandarískri utanríkisstefnu næsta áratug.

Árið 1954 var ljóst að Frakkar gætu ekki endurheimt nýlendustjórn sína í Indókína, sem þeir höfðu tapað í hendur Japana í seinni heimsstyrjöld. Víetnömskum þjóðernissinnum hafði vaxið ásmegin undir handleiðslu Ho Chi Minh og voru á barmi þess að vinna sigur á Frökkum. Bandaríkjamenn óttuðust afleiðingar þess ef kommúnistar kæmust til valda og til að ná hylli almennings hélt Eisenhower frægan blaðamannfund hinn 7. júní árið 1954. Þar talaði hann um dómínókenninguna í fyrsta sinn og sagði að hvert ríkið á fætur öðru í suðaustur- Asíu myndi falla eins og dómínókubbar kommúnistum í skaut. . Kenningin hafði ekki mikil bein áhrif í fyrstu. Í maímánuði náðu víetnamskir kommúnistar tökum á Norður-Víetnam. Eisenhower og eftirmenn hans, Kennedy og Johnson, höfðu kenninguna hins vegar að leiðarljósi sem leiddi til stigmagnandi íhlutun Bandaríkjanna í Víetnam næsta áratuginn sem lyktaði með einni blóðugustu styrjöld sem háð var á 20. öld.



**DWIGHT D. EISENHOWER**

## MERKISATBURÐIR

1530 Hinrik páfi synjar beiðni Hinriks VIII um skilnað við eiginkonu sína. Hinrik konungur lýsir sig því yfirmann ensku kirkjunnar og stofnar þar með ensku biskupakirkjuna.

1876 Alexander Graham Bell fær einkaleyfi fyrir símanum.

1912 Roald Amundsen kemst á suðurspólinn.

1926 Fyrsta símtalið milli Ameríku og Evrópu. Hringt var frá London til New York.

1933 Spilið Matador er fundið upp.

1936 Hitler rýfur Versalasamninginn þegar hann sendir hermenn til Rínarlanda.

1943 Lauganesspítali í Reykjavík brennur.

1945 Tito myndar ríkisstjórn í Júgóslavíu.

## AFMÆLI

**Arngrímur B. Jóhannsson** flugstjóri er 65 ára í dag.



**Andrea Jónsdóttir** poppfræðingur og útvarpskona er 56 ára í dag.

**Eiríkur Guðmundsson** leikari er 48 ára í dag.

## ANDLÁT

**Árni Pétur Kroknes**, Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Kumbaravogi, Stokkseyri, er látinn.

**Jónína Þorbjörg Signý Pálsdóttir**, Kríuhólum 2, Reykjavík, lést þriðjudaginn 8. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Ingibjörg Einarsdóttir**, Túnbrekku 4, Kópavogi, lést föstudaginn 1. apríl.

## JARÐARFARIR

13.00 **Kristín Guðmundsdóttir**, fv. matráðskona í Vatnaskógi, síðast til heimilis í Seljahlíð, verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju.

13.00 **Sveinn Þorvaldsson**, byggingafræðingur, Geitlandi 4, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju.

14.00 **Ásta Steinunn Gissurardóttir**, frá Litlu-Hildisey, Landeyjum, hjúkrunarheimilinu Garðvangi, áður Tunguvegi 8, Njarðvík, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju.

14.00 **Sigurborg Rakel Sigurðardóttir**, Grænuhlíð, Reyðarfirði, verður jarðsungin frá Reyðarfjarðarkirkju.

15.00 **Hákon Bjarnason**, Sólheimum 27, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Langholtskirkju.

# *Megas sextugur*

Fyrsta plata Magnúsar Þórs Jónssonar, nefnd Megas eftir listamannsnafni hans, kom út árið 1972. Í dag er Megas sextugur og við hæfi að birta texta eins af hans alvinsælustu lögum.

**SPÁÐU Í MIG**

*Kvöldin eru kaldlynd úti á nesi,*
*kafaldsbylur hylur hæð og lægð,*
*kalinn og með koffortið á bakinu*
*kem ég til þín segjandi með hægð*

*Spáðu í mig,*
*þá mun ég spá í þig.*
*Spáðu í mig,*
*þá mun ég spá í þig.*

*Nóttin hefur augu eins og flugan*
*og eflaust sér hún mig þar sem ég fer*
*heimullega á þinn fund að fela*
*flöskuna og mig í hendur þér.*

*Spáðu í mig...*

*Finnst þér ekki Esjan vera sjúkleg*
*og Akrafjallið geðbilað að sjá?*
*En ef ég bið þig um að flýja með mér*
*til Omdúrman þá máttu ekki hvá.*

*Spáðu í mig...*

*Kvöldin eru kaldlynd úti á nesi,*
*kafaldsbylur hylur hæð og lægð,*
*kalinn og með koffortið á bakinu*
*kem ég til þín segjandi með hægð*

*Spáðu í mig...*





**STEINUNN VALDÍS** Hélt upp á þrítugsafmælið stuttu fyrir kosningar og sumum gestanna sem voru á öndverðum meiði við afmælisbarnið hljóp fullmikið kapp í kinn.

TÍMAMÓT: STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR

# Engum fleygt út núna

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri er fertug í dag og býður til veislu í Hafnarhúsinu í tilefni þess. „Ég býð vinum, ættingjum og samstarfsfólki, og allir þeir sem hafa átt við mig samskipti í gegnum tíðina og vilja fagna þessum tímamótum með mér eru vitaskuld velkomnir,“ segir Steinunn.

Hún er mikið afmælisbarn að eigin sögn. „Ég hef alltaf haldið veglega upp á stórafmælin og er líka með tilstand á minni afmælisdögum.“ Steinunn segir að eftirminnilegasti afmælisdagurinn sé sá þrítugasti en þá hélt hún heljarinnar partí. „Það var sögulegt fyrir margar sakir,“ segir hún leyndardómsfull. „Ég hélt upp á afmælið skömmu fyrir alþingiskosningar og gleðskapurinn stóð langt fram á nótt. Veislan einkenndist að nokkru leyti af pólitískri togstreitu, þar sem sumir gestanna voru á öndverðri skoðun við afmælisbarnið. Það er skemmst frá því að segja að þegar leið á kvöldið hljóp sumum full mikið kapp í kinn og það varð að vísa nokkrum á dyr. En það eru engar kosningar í ár þannig að ég geri ekki ráð fyrir að nokkrum verði fleygt út í þetta sinn,“ segir Steinunn og hlær.

Steinunn varð nokkuð óvænt borgarstjóri í fyrra og segist aldrei hafa sett markið beint á stjórnmálin. „Leið mín í pólitíkina lá í gegnum Röskvu en veturinn 1991-1992 var ég fyrsti formaður Röskvu í stúdentaráði. Þegar því lauk gekk ég í Kvennalistann og árið 1994 var ég bara komin í borgarstjórn fyrir Kvennalistann.“ Steinunn sat tvö kjörtímabil í borgarstjórn fyrir Kvennalistann sem rann saman við Samfylkinguna fyrir kosningar árið 2002.

Spurð um hvaða vonir hún bindur við næsta áratug segist Steinunn aðeins vona að hann verði jafn skemmtilegur og viðburðaríkur og sá síðastliðni. „Ég hef aldrei verið plöguð af aldurskomplexum og verð sjálfsagt áttræð án þess að taka eftir því. Mér fannst frábært þegar ég varð tíu ára, enn betra þegar ég varð tvítug og þannig koll af kolli. Þetta verður bara betra.“ ■



†

*Elskulegur sonur minn, bróðir okkar og barnabarn,*

**Þorsteinn Þórðarson**

Gaukstaðavegi 4, Garði,

verður jarðsunginn frá Útskálakirkju föstudaginn 8. apríl kl. 14.00.

**Þórður Guðmundsson,**
**Hafþór Þórðarson,**
**Kristín Þórðardóttir,**
**Ólafur Þórðarson,**
**Kristín Ingimundardóttir.**



†

*Innilegar þakkir til allra er sýndu okkur vináttu og hlýhug við andlát og útför föður okkar*

**Helga Helgasonar**

áður til heimilis að Hraunteigi 5 í Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Vífilsstöðum fyrir góða umönnun Helga meðan hann dvaldi þar.

**Anna S. Helgadóttir** **Árni H. Helgason**
**Gylfi Þ. Helgason** **Pálína Brynjólfsdóttir**
**Jóna H. Helgadóttir** **Pálmi Þ. Vilbergs**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Bein útsending frá útför páfa

Klukkan átta í fyrramálið verður Skjár einn með beina útsendingu frá útför páfans.

„Páfinn er æðsti maður kaþólsku kirkjunnar og ótal helgisiðir fylgja því þegar hann er lagður til sinnar hinstu hvílu. Milljónir manna um heim allan munu fylgjast með þessum merka atburði og Íslendingar eru þar engin undantekning á,“ segir í tilkynningu sjónvarpsstöðvarinnar. Gunnar Eyjólfsson leikari og séra Hjalti Þorkelsson, skólastjóri Landakotsskóla, lýsa því sem fram fer og fræða áhorfendur um helga siði og leyndardóma Vatíkansins.

Í Róm búa yfirvöld sig undir óhemjufjölda gesta vegna andláts páfans og segja sumir að allt að fimm prósent Pólverja hyggist mæta til að votta páfanum virðingu sína. ■



**MANNMERGÐ VIÐ VATÍKANIÐ** Í Róm búa yfirvöld sig undir gestaflaum vegna útfarar Jóhannesar Páls annars páfa og telja sumir að gestir gætu orðið jafnmargir íbúum Rómar sem eru um þrjár milljónir.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

1770 William Wordsworth, ljóðskáld.

1772 Charles Fourier, heimspekingur.

1891 Ole Kirk Christiansen, uppfinningamaður legókubbanna.

1915 **Billie Holiday**, djass- og blússöngkona.



1920 Ravi Shankar, tónlistarmaður.

1928 Alan J. Pakula, kvikmyndaframleiðandi og -leikstjóri.

1939 Francis Ford Coppola, kvikmyndaleikstjóri.

1944 Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands.

1954 Jackie Chan, leikari.

1964 Russell Crowe, leikari.

1975 **Victoria Beckham** (áður Adams), „fína kryddið“ úr Spice Girls.



FYRSTA STARFIÐ BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON

# Byrjaði níu ára að beita


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON** Framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar og stjórnarformaður LÍÚ fékk sína fyrstu launuðu vinnu átta eða níu ára gamall við beitningar á Grenivík.

„Fyrsta starfið? Það hefur verið í beitningarskúrnum á Grenivík þegar ég var átta eða níu ára gamall,“ segir Björgólfur Jóhannsson, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar í Neskaupstað og formaður Landsambands íslenskra útgerðarmanna, og hlær við minninguna. „Jú, ég hef sjálfsagt verið níu ára.“

Björgólfur segist hafa verið að beita hjá útgerðarmönnum Frosta ÞH. „En það fyrirtæki er enn við lýði,“ segir hann og kveðst hafa haft svolítið upp úr því að beita. „Ég veit samt ekki hvort það hefur verið af því að fólkið hafi haft gaman af því að hafa svona villinga í skúrnum, eða hvort það var vegna afkasta.“ Við þetta starfaði Björgólfur um sumarið, en unnið var frá því um sjö á morgnana og til hádegis. Hann rekur þó ekki minni til að hafa þótt starfið erfitt. „Aðallega fannst mér þetta spennandi og gaman að hafa eitthvað við að vera og fá borgað fyrir það. Þetta má nú sjálfsagt ekki í dag, en ég held hins vegar að unglingar hafi afskaplega gott af þessu. Allavega skaðaði þetta mig held ég ekki,“ segir Björgólfur og rifjar upp að ekki hafi verið óalgengt í þá daga að krakkar byrjuðu snemma að beita. „Og líklega hafa einhverjir byrjað fyrr.“

Þó svo að fyrstu skrefin í atvinnulífinu hafi verið við sjávarútveg segist Björgólfur aðeins hafa farið út af sporinu. „Ég asnaðist í endurskoðun og starfaði við það í einhver 12 ár. En var að vísu mikið að endurskoða sjávarútvegsfyrirtæki,“ segir hann og líkir endurskoðuninni við fornleifafræði, því stöðugt sé verið að skoða hluti sem aðrir hafi gert og spennan lítil nema að menn finni eitthvað alveg sérstakt. ■









## Aðal leikur dagsins

**Þriðji leikur Keflavíkur og Snæfells**

Úrslitin í Intersportdeild karla hafa sjaldan eða aldrei verið eins ófyrirsjáanleg og er þriðji leikur einvígis Keflavíkur og Snæfells á dagskra í kvöld. Ef eitthvað er að marka fyrstu tvo leikina verður boðið upp á taumlausa skemmtun í Keflavík í kvöld.

**sport**

sport@frettabladid.is

**ÚRSLITAKEPPNI DHL-DEILDAR KARLA:** BALDVIN OG BJÖRGVIN HEYJA EINVÍGI Á VÍTAPUNKTINUM

# Þessi víti flokkast undir aumingjaskap

HK og Valur leiða saman hesta sína öðru sinni í 8-liða úrslitum DHL-deildar karla í handbolta í kvöld. Valur hafði betur á heimavelli sínum í fyrsta leiknum þar sem stórleikur Björgvin Páls Gústafssonar í marki HK dugði ekki til, en hann varði 25 skot og þar af þrjú víti frá Baldvini Þorsteinssyni hjá Val, sem seint verður talinn slök vítaskytta. Þótt mesta spennan snúist að sjálfsögðu í kringum leikinn sjálfan í kvöld verður ekki síður áhugavert að fylgjast með einvígi þeirra Baldvins og Björgvins á vítapunktinum, þar sem sá síðarnefndi hefur klárlega yfirhöndina nú um stundir.



„Ég veit ekkert um hvort ég fái að taka vítin í næsta leik eftir þennan aumingjaskap í mér í þeim fyrsta. En ef svo fer þá mun ég ekki skorast undir þeirri ábyrgð. Ég er alltaf til í að taka víti," sagði Baldvin þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær. „En þessi vítaköst hjá mér í fyrsta leiknum voru náttúrlega til skammar. Það þýðir ekkert að gefa sig út fyrir að vera vítaskytta liðs og bjóða jafn hrikaleg víti og þessi. Þau voru laus og ófrumleg og ég held að Bjöggi hafi ekkert þurft að hafa fyrir því að verja þau," sagði Baldvin, augljóslega mjög ósáttur við sjálfan sig og kvaðst hann ætla taka sjálfan sig í rækilega naflaskoðun fyrir leikinn í kvöld.

Björgvin viðurkenndi við Fréttablaðið að hann hefði kortlagt vítaskot Baldvins. „Ég átti harma að hefna eftir að hann skoraði sex mörk úr sex vítum í deildarleiknum um daginn." segir Björgvin sem kveðst hafa fellt Baldvin á eigin bragði, sálfræðinni.

„Víti snúast svo mikið um sálfræðina og Baldvin notar það mikið, t.d. með því að labba út að miðju og láta markmanninn bíða eftir sér. Ég reyndi á móti að rugla aðeins í honum þegar hann loksins kom á punktinn og það gekk upp í þetta skiptið. En það er ekkert gefið að ég geti lesið hann svona næst. Baldvin er ein besta vítaskytta landsins og langar örugglega að svara fyrir sig," segir Björgvin.

## > Við óskum ...



... Keflavíkurstúlkum hjartanlega til hamingju með Íslandsmeistaratitilinn sem þær unnu í gær. Þær eru einstaklega vel að titlinum komnar og sýndu það og sönnuðu í úrslitakeppninni að þær eru með langbesta lið landsins.

## > Við hrósum ...



... Eiði Smára Guðjohnsen fyrir að hafa aðlagast nýju hlutverki sem miðjumaður hjá Chelsea á snilldarlegan hátt. Akkilesarhæll Eiðs í gegnum tíðina, varnarleikur, hefur tekið stakkaskiptum undir stjórn Jose Mourinho og í gegn Bayern í gær var Eiður að tækla eins og hann hefði aldrei gert neitt annað.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**APRÍL**

4 5 6 **7** 8 9 10

**Fimmtudagur**

### LEIKIR

- ☐ 19.00 **Keflavík** og **Snæfell** mætast í Keflavík í lokaúrslitum Intersportdeildar karla í körfubolta.
- ☐ 19.00 **Stjarnan** og **Afturelding** mætast á Stjörnuvelli í 1. riðli B-deildar deildarbikars karla í fótbolta.
- ☐ 19.15 **HK** og **Valur** mætast í Digranesi í úrslitakeppni DHL-deildar karla í handbolta.
- ☐ 19.15 **FH** og **Haukar** mætast í Kaplakrika í úrslitakeppni DHL-deildar karla í handbolta.
- ☐ 19.15 **KA** og **ÍR** mætast í Austurbergi í úrslitakeppni DHL-deildar karla í handbolta.
- ☐ 21.00 **ÍA** og **Þróttur R.** mætast í Egilshöll í B-deild deildarbikars kvenna í fótbolta.

### SJÓNVARP

- ☐ 16.45 **Handboltakvöld** á RÚV. Endurtekinn þáttur.
- ☐ 17.30 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- ☐ 18.45 **Íslandsmótið í körfubolta** á Sýn. Bein útsending frá leik **Keflavíkur** og **Snæfells** í lokaúrslitum Intersportdeildarinnar í körfubolta.
- ☐ 20.00 **Íslandsmótið í handbolta** á RÚV. Bein útsending frá leik **HK** og **Vals** í úrslitakeppni DHL-deildar karla í handbolta.
- ☐ 20.30 **Bandaríska Masters-mótið** á Sýn. Bein útsending frá **bandaríska Masters-mótinu** í golfi.
- ☐ 23.00 **Olíssport** á Sýn.
- ☐ 00.15 **Íslandsmótið í körfubolta** á Sýn. Útsending frá leik **Keflavíkur** og **Snæfells** í lokaúrslitum Intersportdeildarinnar í körfubolta.
- ☐ 01.45 **Boltinn með Guðna Bergs** á Sýn. Endurtekinn þáttur.








**EIÐUR SMÁRI** Okkar maður sýndi fína spretti inn á milli í gær og hér sést hann skjóta að marki Bayern.

# Klaufaskapur Carvalho veitir Bayern líflínu gegn Chelsea

**Eiður Smári Guðjohnsen átti fínan leik fyrir Chelsea sem sigraði Bayern Munchen 4-2 í frábærum leik í meistaradeildinni í gær. Í hinum leiknum hafði AC Milan í við erkifjendurna í Inter, 2-0, og er því í lykilstöðu.**

**FÓTBOLTI** Eins og við var að búast var Eiður Smári Guðjohnsen í byrjunarliði Chelsea eftir frábæran leik gegn Southampton um helgina og spilaði hann í sömu stöðu og hann hefur gert í undanförnum leikjum – framarlega á miðjunni og í því að skapa færi fyrir félaga sína.

Chelsea, undir stjórn Steves Clarke í fjarveru Joses Mourinho sem er í leikbanni, fékk sannkallaða óskabyrjun þegar hinn sjóðheiti Joe Cole kom þeim yfir með skoti af vítateigslínu. Skotið hafði reyndar viðkomu í Lucio hinum brasilíska sem olli því að Oliver Kahn í marki Bayern átti aldrei möguleika í boltann. Eftir fjörugar upphafsmínútur datt hraðinn í leiknum örlítið niður og gestirnir í Bayern náðu að velgja þeim bláklæddu vel undir uggum. Um miðbik fyrri hálfleiks hófst fjörið á nýjan leik og hefðu bæði lið getað skorað mörk með smá heppni.

Eiður Smári spilaði ágætlega í leiknum og var í heldur meira varnarhlutverki en venjulega en sinnti því vel. Hann komst í fínt færi á 24. mínútu en náði ekki að leggja boltann fyrir sig og varð því ekkert úr því. Hann sýndi síðan snilldartakta strax í upphafi síðari hálfleiks þegar hann lagði upp dauðafæri Damiens Duff en Írinn knái náði á einhvern ótrúlegan hátt að klúðra því. Það átti eftir að reynast dýrkeypt því á 52. mínútu jafnaði Bastian Schweinsteiger metin eftir að hafa komið inn á í hálfleik. Þá fylgdi hann eftir aukaspyrnu frá Michael Ballack sem Peter Cech náði ekki að slá nægilega vel í burtu.

En gleði Bayern var skammvinn því sjö mínútum síðar kom Frank Lampard heimamönnum yfir á ný með góðu skoti. Chelsea fékk byr í seglin við markið og fóru loksins að spila eins og þeir geta best. Lampard var ekki hættur því á 70. mínútu skoraði hann stórglæsilegt mark eftir að rangstöðutaktík Bayern hafði klikkað. En stórskotahríð Chelsea lauk ekki fyrr en Didier Drogba skoraði fjórða mark liðsins og kórónaði þannig frábæran leik sinn.

Héldu margir að þarna myndi við sitja en klaufalegt brot Richardos Carvalho á Michael Ballack á 92. mínútu gaf gestunum vítaspyrnu sem Ballack skoraði af öryggi úr. Það mark gæti reynst heldur betur dýrmætt því nú nægir Bayern 2-0 sigur í síðari leiknum. Staða Chelsea er þó mun vænlegri og hefði Mourinho líklega glaður gripið þessar lokatölur fyrir leikinn.

Í hinum leiknum bar AC Milan sigurorð af Inter 2-0 þar sem Jaap Stam og Andrei Shevchenko sáu um að skora mörkin. Úrslitin voru afar ósanngjörn því að Inter var talsvert betri aðilinn í leiknum án þess að komast framhjá firnasterkri vörn AC Milan sem verða að teljast mun sigurstranglegri fyrir síðari leikinn.

vignir@frettabladid.is

Handboltinn í gærkvöld:

# Eyjasigur

**HANDBOLTI** ÍBV mörðu 42-41 sigur eftir framlengda vítakeppni gegn Fram í gærkvöldi á heimavelli sínum í fyrsta leik liðanna í 8-liða úrslitum DHL-deildar karla.

Leikurinn var æsispennandi, tvær framlengingar dugðu ekki til að skera út um sigurinn og leikurinn endaði í vítakastkeppni. Þar var staðan 39–39 eftir fimm víti á lið og enn jafnt. Zoltan Belanyi tryggði ÍBV að lokum sigur á vítalínunni og vítakeppnin fór 5–4.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *DHL-deild kvenna*

**STJARNAN–GRÓTTA/KR 22–16 (10–5)**

**Mörk Stjörnunnar:** Hekla Daðadóttir 5/2, Kristín Clausen 4, Anna Blöndal 4, Ásdís Sigurðardóttir 2, Anna Einarsdóttir 2, Harpa Eyjólfsdóttir 1, Elísabet Koval 1, Rakel Bragadóttir 1, Kristín Guðmundsdóttir 1. **Varin skot:** Jelena Jovanovic 26/1.

**Mörk Gróttu KR:** Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 4/2, Ragna Karen Sigurðardóttir 4, Eva Margrét Kristinsdóttir 3, Gerður Einarsdóttir 2, Inga Dís Sigurðardóttir 2/2, Arna Gunnarsdóttir 1. **Varin skot:** Íris Björk Símonardóttir 12, Sóley Halldórsdóttir 4.

*Stjarnan hafði betur í einvíginu, 2–1, og mætir ÍBV í undanúrslitunum.*

**Stjarnan** var betri aðilinn allan leikinn og það var fyrst og fremst hörku varnarleikur sem skóp sigur þeirra. Stjörnustúlkur komu harðákveðnar til leiks og staðan um miðjan fyrrihálfleik var 5-0, Stjörnunni í vil. Staðan í hálfleik var 10-5 og varnarleikur beggja liða því í fyrirrúmi og Stjarnan kláraði síðan dæmið í seinni.

**Erlendur Ísfeld**, þjálfari Stjörnunar var stoltur af varnarleiknum hjá sínu liði í leiknum. "Vörnin hjá okkur í kvöld gerði gæfumuninn og stelpurnar börðust rosalega vel. Ég vil nota tækifærið og þakka Gróttu/KR fyrir frábæra keppni og ég verð að segja það að þær komu mér á óvart með hetjulegri baráttu og stóðu sig ótrúlega vel."



**MEISTARAR** Keflavíkurstelpur fögnuðu vel þegar Íslandsmeistaratitilinn var í höfn þriðja árið í röð. VÍKURFRÉTTIR

Keflavík tryggði sér Íslandsmeistaratitil kvenna í körfu:

# Tólfti titilinn til Keflavíkur

**KÖRFUBOLTI** Kvennalið Keflavíkur í körfubolta tryggði sér í gær Íslandsmeistaratitilinn með 13 stiga sigri á Grindavík, 70-57, í þriðja leik liðanna í lokaúrslitunum en þetta var þriðja árið í röð sem Keflavík vinnur úrslitaeinvígið 3-0.

Alex Stewart, bandaríski leikstjórnandi Keflavíkurliðsins, var valinn besti leikmaður úrslitanna en hún skoraði 22,3 stig tók 9,3 fráköst og gaf 7,7 stoðsendingar að meðaltali í lokaúrslitunuum.

Hún var himinlifandi þegar titilinn var í höfn. „Þetta er dásamleg tilfinning því þetta er líka í fyrsta sinn sem ég vinn titil og því er þetta mjög spennandi stund fyrir mig," sagði Alex eftir leikinn. „Þetta er ótrúlegt lið hér í Keflavík og ég gerði svo sem ekki mikið. Það var frábært að koma inn í svona gott lið og fá svona góðar móttökur," sagði Alex kát í leikslok en hún var langstigahæst hjá Keflavík í leiknum með 24 stig.

Keflavík hafði frumkvæðið allan leikinn í gær og Grindavík komst aldrei yfir þótt að þær Rita Williams og Sólveig Gunnlaugsdóttir hafi haldið liðinu inn í leiknum. Hjá Keflavík var það enn og aftur liðsheildin sem gerði gæfumuninn í þessu einvígi.

„Við mættum bara betra liði, þær voru tilbúnar frá fyrsta leik og neistinn var hjá þeim," sagði Henning Henningsson, þjálfari Grindavíkur. „Ég er búinn að læra heilmikið í vetur en ég er ekki ánægður með veturinn því ég tel að þetta lið hafi átt að ná betri árangri. Ég tel heilmikið á því á mig sjálfur," bætti Henning við. Keflavíkurkonur urðu fyrst Íslandsmeistarar árið 1988 en hafa unnið 12 sinnum síðan á aðeins 17 árum.

**ooj@frettabladid.is**

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *Intersportdeild kvenna*

| KEFLAVÍK–GRINDAVÍK | 70–67 |
|---|---|

**Stig Keflavíkur:** Alex Stewart 24 (10 fráköst, 5 stoðs.), Svava Ósk Stefánsdóttir 9, Anna María Sveinsdóttir 8 (14 fráköst, 5 stolnir), Bryndís Guðmundsdóttir 8 (9 fráköst, 5 stoðs.), Birna Valgarðsdóttir 8, María Ben Erlingsdóttir 7, Rannveig Randversdóttir 6.
**Mörk Grindavíkur:** Rita Williams 22 (8 fráköst, 6 stoðs.), Sólveig Gunnlaugsd. 16, Svandís Sigurðard. 12 (10 frák., 5 stolnir), Ólöf Pálsdóttir 4, Erla Reynisd. 2, Erla Þorsteinsd. 1.
*Keflavík sigraði einvígið 3–0 og er Íslandsmeistari í körfubolta kvenna árið 2005.*

### *Meistaradeild Evrópu*

| CHELSEA–BAYERN MUNCHEN | 4–2 |
|---|---|

1–0 Joe Cole (4.), 1–1 Bastian Schweinsteiger (53.), 2–1 Frank Lampard (60.), 3–1 Frank Lampard (70.), 4–1 Didier Drogba (81.), 4–2 Michael Ballack, víti (93.).

| AC MILAN–INTER | 1–1 |
|---|---|

1–0 Jaap Stam (45.), 1–1 Andre Shevchenko (75.).
























## STUÐ MILLI STRÍÐA | Það er sólin sem skiptir máli

**SVANBORG SIGMARSDÓTTIR** LÆTUR SIG DREYMA UM EITTHVAÐ ANNAÐ EN FROSTHÖRKUR


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Stundum er þörf en nú er nauðsyn. Í stað þess að ræða um það í hálfkæringi að stofna nýjan stjórnmálaflokk skulum við taka okkur saman og gera eitthvað í málinu. Hætta að kvarta á kaffistofum landsins, væla nafnlaust á einhverjum kjaftaþráðum netsins eða í fermingarboðunum. Vegna þess að hugmyndafræðileg fátækt hrjáir okkur eins og alla aðra. Vegna þess að við viljum ekki að nýi flokkurinn falli í sömu gildrur og allir hinir. Vegna þess að við höfum möguleika á endurvakningu í stað frumhugsunar (sem er svo miklu flóknari) er ekkert sem stendur í vegi fyrir stofnun nýs stjórnmálaafls. Flokks sem getur sameinað alla landsmenn, hvað svo sem þeim finnst um sölu Símans, landbúnaðarkerfið eða hvar eigi að leggja vegi.

Það sem ég legg til er að við endurvekjum Sólskinsflokkinn. Reyndar kom sá flokkur aldrei manni inn á þing, en hann reyndi. Það eru stefnumálin sem voru svo heillandi, sérstaklega nú í frostinu. Veðurfræðingar lofuðu að ekkert kæmi páskahretið, bara vegna þess að ekki var kalt akkúrat um páskahelgina. Þetta loforð tel ég nú að hafi verið svikið. Sérstaklega þar sem ég stóð skjálfandi að skafa af bílnum þegar enginn snjór átti að vera. Því verður það fyrsta verk nýstofnaðs stjórnmálaflokks að skunda í stórum hóp niður á Veðurstofu og krefjast afsagnar veðurstjóra.

Í framhaldi verður lagt til að málefni Sólskinsflokksins verði endurvakin. Við munum lofa sól og sumaryl hér á Íslandi. Til að það takist verður landið dregið suður á bóginn, væntanlega í nálægð við Kanaríeyjar. Af því mun verða gífurlegur þjóðhagslegur sparnaður, þar sem við munum ekki lengur þurfa að flykkjast suður á bóginn til að næla okkur í D-vítamín.

Það sem máli skiptir er að landinn getur lifað í sól og sumaryl og loksins látið verða af því að keyra um í blæjubílum án þess að vera hallærislegur. ■

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott





**FJÖR MEÐ BONO** Bono, söngvari írsku rokksveitarinnar U2, fór hamförum þegar sveitin lék á tónleikum í Staple Center í Los Angeles í fyrradag.





Fyrirhugað er að byggja um 400 m² hús að Esjubraut 49 á Akranesi. Húsið verður byggt úr forsteyptum einingum. Möguleiki er að skipta húsinu upp í fleiri einingar, t.d. 4x100 m². Húsið verður afhent með fullfrágenginni lóð, þar með talið malbikuðum bílastæðum.

*Húsið er mjög vel staðsett við mikla umferðargötu á Akranesi. Áhugasamir leigjendur hafi samband fyrir **20. apríl n.k.***

PÓSTURINN ©2005

Tölvuþjónustan • Esjubraut 49 • 300 Akranes • Sími 575 9200 • Fax 575 9201 • tolva@tolva.is


■ **FÓLK**



**NICOLE KIDMAN** Leikkonan leiðrétti frétt sem hún kom sjálf af stað um að hún væri ólétt.

# Kidman ekki ólétt

Leikkonan Nicole Kidman hefur neitað þeim fréttum að hún sé ólétt, þótt hún hafi sjálf komið sögusögnunum af stað. Í viðtali við ástralska sjónvarpsstöð á sunnudaginn var gaf Kidman til kynna að hún væri ólétt. „Hormónaflæðið er á fullu,“ sagði leikkonan í viðtalinu en sá svo eftir öllu saman og leiðrétti misskilninginn þegar hún kynnti nýjustu mynd sína, The Interpreter, í Sydney á mánudaginn var. „Ég er svo kjaftfor! Nei, ég er ekki ólétt,“ sagði leikkonan skömmustuleg. ■


ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX

Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

Talstöðin FM 90,9



ENNEMM / SÍA / NM15748



VORHÁTÍÐ KFUM OG KFUK

SUMARBÚÐIR Í SMÁRALIND

**Komdu í Smáralind laugardaginn 9. apríl og kynntu þér starfið í sumarbúðum KFUM og KFUK í sumar.**

Við verðum með frábæra dagskrá með fullt af skemmtiatriðum og miklu fjöri frá kl. 13-16.

Skráning í sumarbúðirnar hefst laugardaginn **9. apríl kl. 12** í Vetrargarðinum í Smáralind.

NYLON BÚDRÝGINDI o.fl.

HÓLAVATN KALDÁRSEL VATNASKÓGUR VINDÁSHLÍÐ ÖLVER LEIKJANÁMSKEIÐ

VEITINGASTAÐURINN **101 HÓTEL**

# Fágaður og smart



**Hver og hvar:** Veitingastaðurinn á Hóteli 101, Hverfisgötu 10, 101 Reykjavík.

**Hvernig er stemningin?**
Stemningin er meira en góð á veitingastaðnum á Hóteli 101. Staðurinn er smekklega innréttaður í hvítum og svörtum litum í bland við svarta leðursófa, minimalískan arinn og flott listaverk. Staðurinn lætur ekki mikið yfir sér utan frá og það er sjaldgæft að fólk droppi inn af götunni. Staðurinn trekkir að nafntogaða íslendinga og á góðum dögum má sjá erlendum stórstjörnum bregða fyrir. Á virkum kvöldum er værð yfir staðnum. Þar er fólk í rólegheitum að fá sér gómsæta rétti og jafnvel léttvín. Um helgar færist svo meira fjör í leikinn og oft er stemningin orðin yfirgengilega góð þegar húsinu er lokað um miðnætti.

**Matseðillinn:**
Boðið er upp á allt frá nanbrauði upp í andabringur og humar. Kjúklingasalatið á matseðlinum er til dæmis alveg himneskt en uppistaðan í því er klettasalat og kjúklingur. Réttirnir eru allir smekklega bornir fram og hæfilega stórir. Það fer enginn svangur út af staðnum.

**Vinsælast:** Saltfiskurinn og Tai-kjúklingastrimlar eru mest keyptir þegar um stærri rétti er að ræða. Af smáréttaseðlinum er kjúklingasalatið efst á vinsældarlistanum.

**Réttir dagsins:** Á virkum dögum er boðið upp á rétti dagsins eins og súpu dagsins og fisk dagsins. Ef fiskurinn er keyptur fylgir súpan með og kostar það saman 1490 krónur. Einnig er hægt að kaupa súpuna sér á 550 krónur. Réttir dagsins eru breytilegir frá degi til dags.

## MOSELLAND: Þýskt rauðvín frá vinsælum framleiðanda



Þýsk hvítvín eru geysilega vinsæl hér á landi og margir kannast eflaust við vínin frá Moselland en þau hafa verið í hópi allra söluhæstu hvítvína hérlendis, bæði í kössum og eins í flöskunum listrænu Ars Vitis. Nú er komið í Vínbúðirnar rauðvín frá Moselland en þýsk rauðvín hafa verið í mikilli framþróun undanfarin ár. Vínið heitir Moselland Avantgarde og er úr þrúgunni dornfelder. Vín með miðlungsfyllingu, dökkan, fallegan, rauðan lit og ákafan ilm af suðrænum ávöxtum. Létt og ferskt vín í bragði með nettan sætukeim. Hentar vel með pasta, léttum kjötréttum, ljósu kjöti, t.d kalkún, mildu reyktu kjöti, kæfum og mildum ostum. Best er að bera það fram léttkælt.

**Verð í Vínbúðunum 1.460 kr.**

Gestgjafinn er kominn út!




Áskriftarsími: 515-5558

# Frábært og fljótlegt

## Hjördís Ásberg leggur mikla áherslu á vandað og gott hráefni.

Hjördís Ásberg framkvæmdastjóri Maður lifandi er hugmyndarík þegar kemur að matreiðslu. Mataráhugi hennar hefur alltaf verið til staðar en sýn hennar breyttist töluvert þegar hún greindist með mjólkuróþol fyrir nokkrum árum. Upp frá því lærði hún að meta úrvalshráefni og mat án allra aukefna. „Þegar ég fór að spá meira í hvað ég léti ofan í mig og breytti mataræðinu lagaðist ég af óþolinu og allkonar kvillum sem höfðu hrjáð mig, svo sem ofnæmi. Ég er samt ekki grænmetisæta þótt grænmetið spili stórt hlutverk í minni eldamensku,“ segir Hjördís. Áður en hún stofnaði Maður lifandi í samvinnu við Guðrúnu Margréti Hannesdóttur var hún starfsmannastjóri hjá Eimskip en hún er löggiltur endurskoðandi að mennt. Hún ákvað að venda kvæði sínu í kross og sameina sitt aðal áhugamál og vinnu með því að stofan heilsuvöruverslun og heilsumatsölustað. Þótt hún sé innan um allan góða matinn á Manni lifandi allan daginn unir hún hag sínum vel í eldhúsinu heima. Hjördísi finnst langskemmtilegast að búa til veislumat og þá skiptir engu máli hvort um er að ræða grænmetis- eða kjötrétti. „Það sem skiptir mestu máli er að hráefnið sé gott. Þá getur maturinn ekki klikkað.“ Hjördís á það til að hlusta á skemmtilega tónlist þegar hún hefur nægan tíma fyrir matargerð. Dagsdaglega verða fréttirnar yfirleitt fyrir valinu meðan hún eldar kvöldmatinn. „Mér finnst alveg nauðsynlegt að eiga góðar lífrænar ólífuolíur og fullt af fersku og flottu grænmeti. Þá er næstum hægt að matbúa hvað sem er,“ segir hún og bætir við að hún sé mikið fyrir eftirrétti.

Grænmetis-og kjúklingasalatið sem Hjördís ætlar að gefa lesendum Fréttablaðsins uppskrift að varð til um síðustu helgi þegar hún var á síðustu stundu að útbúa kvöldmatinn. Salatið er afar gott að hennar sögn og stútfullt af góðri næringu. „Þarna var ég komin með frábæra máltíð á fimm mínútum,“ segir Hjördís glöð í bragði.



Hjördís Ásberg framkvæmdastjóri Maður lifandi er hugmyndarík þegar kemur að matreiðslu. Mataráhugi hennar hefur alltaf verið til staðar.

### GRÆNMETIS- OG KJÚKLINGASALAT.

5 tilbúnar kjúklingabringur sem eru hvorki salt- né sykursprautaðar. Þær fást í Maður lifandi
3 tegundir af salati, 1/2 poki spínatsalat, 1/2 klettasalat og eikarlauf
2/3 lítil dós af sólþurkuðum tómötum LaSelva
1 box af Kokkteiltómötum
1/2 lífræna agúrka skorin í teninga
1 dós af jarðaberjum eða tíu stykki af ferskum döðlum (döðlurnar mega líka vera þurrkaðar).
1/2 dl kaldhreinsuð ólífuolía
Sesamolía eftir smekk
Sletta af Balsamik ediki
Salt
Pipar
1/2-1 dl Sólblómafræ steikt í Tamari sósu

Kjúklingabringurnar eru skornar í bita og blandaðar saman við spínatið, klettasalatið og eikarlaufin. Sólþurrkuðu tómatarnir eru skornir í strimla og bætt út í ásamt kokkteiltómötunum. Agúrkan er skorin í bita og bætt út í ásamt jarðaberjum eða döðlum sem eru einnig skorin í bita. Kaldhreinsuðu ólífuolíunni er blandað saman við sesamolíuna og balsamikedikið og því hellt yfir salatið. Sólblómafræunum er stráð yfir salatið ásamt salti og pipar.

Gott er að bera kotasælu fram með salatinu. ■

MATGÆÐINGURINN **ÞÓRUNN LÁRUSDÓTTIR LEIKKONA**

# Borðar allt nema soðnar rúsínur

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?** Ég borða mjög fjölbreyttan mat, svo það er fátt sem ég gæti ekki verið án. Ætli það væri ekki einna helst ostur, því ég er svo mikil mjólkurvörumanneskja.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Það er bara eitt sem mér finnst vont. Ég borða allt nema soðnar rúsínur, mér finnst þær ekki góðar. Ég plokka þær alltaf úr matnum eins og litlu börnin.

**Fyrsta minningin um mat?** Þegar ég var eins árs var mér alltaf gefið Cheerios þegar ég var í rólunni minni og ég mataði mig sjálf. Þetta er það fyrsta sem kemur upp í hugann enda fannst mér Cheeriosið mjög gott.






**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Ég er rosaleg gourmet-manneskja. Ef ég ætla að gera mér dagamun fæ ég mér eitthvað gott að borða. Ingibjörg systir er alger listakokkur og ég hef fengið ófáar máltíðirnar hjá henni. Um daginn var ég í París og fékk fois gras sem var algjört lostæti.



**Leyndarmál úr eldhússkápnum?** Ferskar kryddjurtir

**Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur?** Homeblest-kex og mjólk

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?** Ost og mjólk

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvaða rétt myndir þú taka með þér?** Ég myndi örugglega taka með mér humar í hvítlauk og nóg af hvítvíni.

**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?** Ætli krókódílakjöt sé ekki það alskrýtnasta. Ég fékk það á Áströlskum veitingastað í Kaupmannahöfn. Ég hélt að það væri allt öðruvísi en það smakkaðist mjög vel. Það var alls ekki þungt í maga og borið fram með salati.

# PETER LEHMANN: Verðlækkun vegna söluaukningar

Vín frá Ástralíu eru fyrir löngu búin að festa sig í sessi hér á landi. Íslenskir neytendur hafa áttað sig á því að þau bjóða gífurlega mikið fyrir peninginn. Vínræktarsvæði Ástralíu eru mörg en fá eiga jafnmikla sögu og Barossa-dalurinn, miðstöð víngerðar í Suður-Ástralíu. Ef einhver einn einstaklingur hefur mótað Barossa umfram aðra þá er það líklega Peter Lehmann, sem oft er nefndur baróninn af Barossa. Lehmann-vínin hafa notið gífurlegra vinsælda um allan heim og er Ísland þar engin undantekning. Mikil söluaukning hefur orðið á vínum frá Lehmann hérlendis og hefur tegundum sem fást í flestum Vínbúðum fjölgað til muna. Þessi söluauking hefur gert umboðsaðila Peters Lehmann hérlendis kleift að lækka verð á nokkrum vínum meistarans. Nemur lækkunin um 100 kr. að meðaltali á hvejru víni. Fimm vín hafa lækkað í verði, Peter Lehmann Merlot og Clancy's auk eftirfarandi þriggja vína:



**Peter Lehmann Weighbridge Shiraz:** Einfalt en vel uppbyggt vín með opinn berjarík-an ávöxt þar sem súkkulaði og mild kryddeinkenni eru fyrirferðamikil, vín sem best er að drekka ungt og ferskt. **Lækkað verð í Vínbúðum 1.260 kr.**



**Peter Lehmann GSM:** Andrew Wigan, aðalvíngerðarmaður Lehmanns, notar þrjár ólíkar vínþrúgur nánast í sömu hlutföllum, Grenache, Shiraz og Mourvedre. Nafnið er dregið af upphafsstöfum þessara þriggja þrúgna. Aðgengilegur ávöxtur, tónaður af mildum kryddum og fínlegri eikarnotkun. **Lækkað verð í Vínbúðum 1.390 kr.**



**Peter Lehmann Futures Shiraz:** Toppurinn í Ambassador línunni. Lehmann framleiddi fyrsta árganginn af shiraz árið 1980 og honum fannst hann lofa það góðu að hann ákvað að nefna það „Futures", svo mikla trú hafði hann á framtíðarmögu-leikum shiraz-þrúgunnar í Barossa-dalnum. **Lækkað verð í Vínbúðum 1.690 kr.**



## Baróninn listfengi af Barossa

Peter Lehmann er oft er nefndur baróninn af Barossa. Hann hefur starfað við víngerð í Ástralíu í meira en hálfa öld og stofnaði sitt eigið fyrirtæki fyrir rúmum tveimur áratugum.Lehmann er kunnur fyrir sérstætt samband sitt við vínbændur. Lehmann starfaði áður hjá þekktu víngerðarfyrirtæki og sá um innkaup á þrúgum. Eitt árið varð offramboð á þrúgum og fór fyrirtækið fram á að Lehmann gengi á bak orða sinna við bændurna og keypti ekki þrúgur. Frekar en að gera það keypti hann þrúgurnar sjálfur og stofnaði eigin víngerðarhús.

**Drottningar aðaltrompið**

Tók hann mikla áhættu við uppbyggingu hátæknivædds víngerðarhúss og þótti því viðeigandi að nefna fyrirtækið eftir söguhetjunni Sky Masterson, fjárhættuspilaranum mikla úr bókum bandaríska smásagnahöfundarins Damon Runyons. Síðar var nafninu breytt í Peter Lehmann Wines en spil eru enn áberandi í skreytingu flöskumiðanna en miðarnir frá Lehmann eru auðþekkjanlegir og hefur hönnun og útlit verið margverðlaunað ekki síður en innihaldið. Þar eru konur í aðalhlutverki og drottningin aðaltrompið.










> Billie Holiday > Kasabian

**Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI**

**Duran Duran**: Greatest.
**Billie Holiday**: All of Me
**LCD Soundsystem**: LCD Soundsystem
**Queens of the Stone Age**: Lullabies to Paralyze
**Kasabian**: Kasabian.

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Hrekkjóttir meðlimir Sigur Rósar

Svo virðist sem meðlimir Sigur Rósar hafi sett fram tilkynningu á vef sinn nýlega um tónleikaferðalag. Þar kom fram að fyrstu tónleikarnir yrðu í Englandi og þeir myndu svo halda tónleika á stöðum eins og í Swazilandi, Mongolíu, Scranton og auk þess myndu þeir koma fram á árlegri Hillbilly-ráðstefnu í Amarillo, Texas sem og á Ouagadougou listahátíðinni. Kom tilkynningin og staðsetningar tónleikanna væntanlega mörgum á óvart en þegar betur var að gáð var dagsetning tilkynningarinnar 1. apríl og var að sjálfsögðu um gabb að ræða. Samkvæmt Pitchforkmedia tónlistarvefnum voru heimildir fyrir því að einn strákur í Mexíkó hefði bókað flug til Amarillo og þótti það heldur óheppilegt. Raunverulegar staðsetningar og dagsetningar tónleikaferðalags SigurRósar er nú komið á vefinn og munu þeir halda fyrstu tónleikana þann 8. júlí í Skotlandi. Þeir heimsækja svo England, Frakkland, Holland, Belgíu, Danmörku, Þýskaland þar sem þeir halda fjóra tónleika, Ítalíu þar sem þeir spila tvisvar. Að lokum halda þeir tónleika þann 31. júlí í Japan. Svo er bara að vona að þeir eigi kost á að halda eins og eina tónleika hérna á Íslandi líka.



### > Plata vikunnar ...



**QUEENS OF THE STONE AGE: Lullabies to Paralyze**

*„Queens of the Stone Age skila af sér stórkostlegri rokkplötu sem þeir eiga eftir að minnast á í sögubókunum. Frábær plata, frá upphafi til enda.“* **BÖS**

### > Popptextinn ...

*„And you wanted to dance so I asked you to dance*
*But fear is in your soul*
*Some people call it a one night stand*
*But we can call it paradise“*

- Það svífur angurvær rómantík yfir vötnum í Save a Prayer, frægasta „kveikjaralagi“ Duran Duran.



### [ SMS ]

**UM NÝJUSTU PLÖTURNAR**

**Queens of the Stone Age: Lullabies to Paralyze**
„Queens of the Stone Age skila af sér stórkostlegri rokkplötu sem þeir eiga eftir að minnast á í sögubókunum. Frábær plata, frá upphafi til enda.“ **BÖS**

**50 Cent: The Massacre**
50 Cent gefur aðdáendum sínum það sem þeir vilja á fylgifisk hinnar geysivinsælu Get Rich or Die Tryin. Þetta er nánast sama kaffið, Nesquick með allt of miklum sykri. Aðdáendur verða sáttir, hinir halda áfram að hrista hausinn. **BÖS**

**Daft Punk: Human After All**
„Daft Punk náðu loksins að sannfæra mig að hér séu tilfinningaríkir og skapandi menn á ferð. Bráðskemmtileg plata sem rennur þægilega í gegn frá upphafi til enda.“ **BÖS**

**Mercury Rev: The Secret Migration**
„The Mercury Rev hefur aldrei hljómað svona óáhugaverð eins og á þessari nýju plötu. Það er eins og liðsmenn hafi verið knúnir áfram af einhverju allt öðru en sköpunargleði við að gera þessa plötu.“ **BÖS**

**Kanye West: The College Dropout**
„Frumraun Kanye West er frábær hiphop-plata. Hér er eitthvað fyrir alla. Plata sem á eftir að standast tímans tönn.“ **BÖS**

**LCD Soundsystem: LCD Soundsystem**
„Frumraun LCD Soundsystem er um margt áhugaverð plata. Hún á þó líklegast ekki eftir að standast þau lofsyrði sem hún er með frá erlendu pressunni. Sæmilegasta plata, ekki mikið meira en það.“ **BÖS**

**Gwen Stefani: Love Angel Music Baby**
„Fyrsta sólóplata Gwen Stefani veldur vonbrigðum. Það er eins og þessi hæfileikaríka og sjarmerandi stúlka hafi ekki vitað í hvorn fótinn hún átti að stíga, og því hafi hún stólað á aðra til þess að leiða sig áfram. Því miður virðast þeir hafa verið með bundið fyrir augun.“ **BÖS**

**Birgir Örn Steinarsson**
**Freyr Bjarnason**

# Eins og heitur súkkulaðibolli

**Svíarnir í hinni stórvinsælu hljómsveit Hjálmar eru nú orðnir þrír. Borghildur Gunnarsdóttir ræddi við Petter Winnberg sem hefur sett sér það göfuga markmið að koma reggae-inu til Íslands.**



**PETTER WINNBERG OG NISSE TÖRNQVIST** Svíarnir tveir hafa unnið heilmikið saman og skipa hljómsveitina Conradelectro auk þess sem þeir búa saman í Svíþjóð. Þeir spila reggae í hljómsveitinni Hjálmum þar sem Petter plokkar bassann og Nisse ber húðir af mikilli list.

Trommarinn Nisse hefur vakið verðskuldaða athygli aðdáenda Hjálmanna fyrir gífurlega útgeislun og á hann það sennilega mest rauðglóandi hári og miklu skeggi að þakka, svo ekki sé minnst á framúrskarandi trommuleik hans. Petter fer einnig á kostum á hverjum Hjálmatónleikum þar sem hann dansar af mikilli innlifun á meðan hann plokkar bassann. Þeir félagar voru saman í tónlistarskóla í Svíþjóð þar sem einnig stunduðu nám nokkrir af hinum íslensku Hjálmameðlimum. Þriðji Svíinn í Hjálmum er svo Mikael Svensson sem spilar á Clavinet og Wurlitzer.

„Þegar Kristinn trommari hætti í Hjálmum þá lá best við að bjalla í hann Nisse vin minn og fá hann til þess að tromma. Við búum saman í Svíþjóð og semjum saman tónlist og spilum undir nafninu Conradelectro. Við gerum eiginlega allt saman,“ segir Petter Winnberg og er hinn hressasti.

**Reggae til Íslands**

„Markmiðið mitt er að koma reggae-inu til Íslands. Ég heyrði að Bob Marley hefði einhvern tíma ætlað að spila hérna en það hefði svo ekki gengið upp og síðan virðist bara ekkert hafa gerst. Reggae-senan í Svíþjóð er miklu stærri og þangað koma öll stærstu nöfnin frá Jamaíka og mig langar að það gerist líka hér. Stóru reggae-böndin geta alveg eins komið hingað eins og til Svíþjóðar.“

Þeir félagar í Conradelectro ætla að halda tónleika hér á landi í sumar og einnig eru þeir félagar að vonast til að halda stóra tónleika með nokkrum sænskum reggae-hljómsveitum. „Ég veit ekkert hvernig reggae-áhuginn er á Íslandi. Það eina sem ég veit er að það er áhugi fyrir Hjálmum. Það verður að spennandi að vita hvort reggae-áhuginn nær lengra en það og fólk mæti líka á sænska reggae-tónleika.“

Fyrir áhugasama um tónlist Conradelectro er hana að finna á vefsíðunni www.conradelectro.com. Tónlist þeirra er skemmtileg blanda af gömlum hljómi og raftónlist og líkt og þeir segja á síðunni er hún „eins og heitur súkkulaðibolli.“

**Félagar í tónlist**

Hjálmar leika á afmælistónleikum Megasar í kvöld en á laugardaginn munu Petter og Nisse koma fram í Stúdentakjallaranum ásamt nokkrum íslenskum vinum sínum og kalla þeir sig Rætur. Nisse sér þar um slagverk en Petter mun ekki spila á bassan eins og við erum vön að sjá hann gera með Hjálmum heldur mun hann sjá um sönginn í þetta sinn. Á heimasíðu sinni, www.petterwinnberg.com, býður hann áhugasömum að hlaða niður tónlist sinni ókeypis og er þar hægt að heyra að þarna er á ferðinni hinn fínasti söngvari og lagasmiður. **hilda@frettabladid.is**







# [ TOPP 20 ]

X-DOMINOSLISTINN 6. APRÍL

1. **WEEZER** Beverly Hills
2. **AUDIOSLAVE** Be Yourself
3. **LCD SOUNDSYSTEM** Daft Punk Is Playing In My House
4. **NINE INCH NAILS** The Hand That Feeds
5. **KINGS OF LEON** Four Kicks
6. **BECK** Epro
7. **AND YOU WILL KNOW ...** Worlds Apart
8. **INTERPOL** C'mere
9. **KASABIAN** Processed Beats
10. **LOKBRÁ** Stop The Music (ísl)
11. **RAZORLIGHT** Golden Touch
12. **JAN MAYEN** Damn Straight (ísl)
13. **BLOC PARTY** Banquet
14. **GREEN DAY** Holiday
15. **BRAIN POLICE** Paranoia (ísl)
16. **HOFFMAN** Bad Seeds (ísl)
17. **MODEST MOUSE** THe World At Large
18. **CHEVELLE** The Clincher
19. **RAMMSTEIN** Keine Lust
20. **MY CHEMICAL ROMANCE** Helena
21. **SPARTA** Guns Of Memorial Park
22. **GARBAGE** Why Do You Love Me
23. **HOT DAMN** Mustache Sally (ísl)
24. **LIGHTS ON THE HIGHWAY** Jamison State (ísl)
25. **JEFF WHO** Death Before Disco (ísl)
26. **HOT HOT HEAT** Goodnight Goodnight
27. **IDLEWILD** Love Steels Us From Lonliness
28. **BILLY IDOL** Scream
29. **A PERFECT CIRLCE** Passive
30. **THE MUSIC** Into The Night



**WEEZER** Er á toppnum með lagið Beverly Hills.


TRISTAR Áður kr. 5.990
Með þessum kraftmikla blandara má laga hverskyns heilsudrykki, skyr- og ávaxtablöndur, kokteila, svalandi sumardrykki, íshristing, orkudrykki og einnig léttar sósur.
Malar klaka léttilega
Glerkanna
450W kraftmikill mótor
Hraðastillir
3 KEA skyrdósir fylgja með KAUPAUKI + uppskriftir (meðan birgðir endast)
AFSLÁTTUR 34% Verð nú 3.990

AFSLÁTTUR 25% Verð nú 2.990 Áður kr. 3.990 Hrísgrjónapottur stál
AFSLÁTTUR 38% Verð nú 4.990 Áður kr. 7.990 Pannini grill stál
AFSLÁTTUR 30% Verð nú 3.490 Áður kr. 4.990 Racklete grill fyrir 8
AFSLÁTTUR 50% Verð nú 2.490 Áður kr. 4.990 Hraðsuðukanna 1,8L stál

A A ORKA ÞVOTT AFSLÁTTUR 34% Verð nú 39.900 ZANUSSI
1000 snúninga hraðþvottavél með Aqua Lift þvottatækni og A/A einkunn fyrir þvottagæði og orkunýtni. Verð áður kr. 59.900

A A ORKA ÞVOTT AFSLÁTTUR 25% Verð nú 59.900 ZANUSSI
Kynnum nýja 1400 snúninga, hlaðna tækninýjungum og þægindum. Hraðval, handþvottakerfi, tímastýring, seinkun og Fuzzy Logic þvottatækni. Áður kr. 79.900

A A ORKA ÞVOTT AFSLÁTTUR 25% Verð nú 59.900 AEG
Glæný AEG uppþvottavél með snertitökkum, hraðkerfi, erfiðiskerfi og SensoLogic þvottatækni. A/A einkunn. Afar hljóðlát. Áður kr. 79.900

AFSLÁTTUR 30% Verð nú 34.900 ZANUSSI
Vönduð eldavél með undir- og yfirhita ásamt grilli. Stór ofn og klukka. HxBxD: 85x59,5x60 cm Verð áður kr. 49.900

AFSLÁTTUR 32% Verð nú 49.900 AEG
Glæsilegur fjölkerfa blástursofn með grilli. Burstað stál. Áður kr. 72.900

Teba Undir og yfirhiti + grill Áður kr. 39.900 AFSLÁTTUR 50% Verð nú 19.900

AFSLÁTTUR 28% Verð nú 79.900 Electrolux
Bestu kaupin! Ofn með fjölda kerfa, stafrænu stjórnborði með snertitökkum, kjöthitamæli, grillteini, kaldri ofnhurð og tvöfaldri lýsingu. Fæst einnig með sjálfhreinsibúnaði (kr. 99.900 á tilboði) Áður kr. 109.900

AEG 1800W
AEG Lemon Stift ryksuga
Gefur ferskan sítrónuilm um leið og þú ryksugar. 1800W stillanlegur ofurkraftur, stillanlegt sogrör og fylgihlutageymsla.
Áður kr. 15.900
AFSLÁTTUR 47% Verð nú 8.490

NOKKRIR GÁMAR AF SPARNAÐI
√hagstætt gengi √magninnkaup √lækkað verð!

AFSLÁTTUR 38% Verð nú 2.490 Áður kr. 3.990 Lítil hrærivél með skál. Hægt að nota handþeytara sér.
Áður kr. 1.990 AFSLÁTTUR 50% Verð nú 990 Kaffivél með 2 bollum
Áður kr. 12.900 AFSLÁTTUR 50% Verð nú 5.990 Stór grillofn með teini
Áður kr. 5.990 AFSLÁTTUR 40% Verð nú 3.490 Glerbaðvog stafræn
Áður kr. 7.990 AFSLÁTTUR 50% Verð nú 3.990 Rafmagnsþurrkgrind

A ORKA BAKTERÍU VÖRN AFSLÁTTUR 20% Verð nú 94.900 Electrolux
Glæsilegur kæli- og frystiskápur hlaðinn öllum þægindum. Kámfrítt stál, stafræn hitastýring með snertitökkum, Quick Chill og Action Freeze hraðfrysting, aðvörunarkerfi með hljóðmerki, glerhillur og flöskurekki úr stáli. Þennan verður þú að sjá og fá. Áður kr. 119.900

AFSLÁTTUR 34% Verð nú 32.900
AFSLÁTTUR 34% Verð nú 27.900 Electrolux
Kæliskápar með fjögurra stjörnu 20 lítra frystihólfi. Fást í tveimur stærðum
HxB 125x55 cm kr 34.900 - áður 49.900
HxB 85x55 cm kr. 27.900 - áður 39.900

179 cm hár A ORKA AFSLÁTTUR 38% Verð nú 49.900 ZANUSSI
Stór 179 cm hár kæli- og frystiskápur. 2 skúffu og hraðfrystihólf. Glerhillur og vönduð innrétting. A orkuflokkur. Áður kr. 79.900

OPIÐ NÆSTU HELGI! Virka daga 9-18 Laugardag 10-18 Sunnudag 13-17
Opið virka daga 9-18 og laugardaga 10-16
Rafha ehf
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík Sími 5880500



# Hjól fyrir alla hressa krakka



**Jamis Capri 2.4**
24", 7-12 ára, álstell, 7 gíra
Verð 19.990 kr.



**Jamis Ranger SX 2.4**
24", 8-12 ára, álstell, 21 gíra, framdempari
Verð 19.990 kr.

ÚTILÍF
SMÁRALIND SÍMI 545 1550 ○ KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

**!** **Kl. 20.00**
*Steindór J. Erlingsson vísindasagnfræðingur flytur fyrirlestur í húsi Sögufélags í Fischersundi um átök í heimi hugmyndanna á árunum 1880 til 1930 þegar bresku líffræðingarnir Julian Huxley og Lancelot Hogben áttu í forvitnilegum deilum.*

# menning

menning@frettabladid.is

# *Metheny á Múlanum*

„Þetta er stærsta nafnið í djassinum núna, það er ekkert flóknara en það," segir Ásgeir Ásgeirsson gítarleikari um kollega sinn, gítarleikarann Pat Metheny.
Ásgeir ætlar að flytja tónlist eftir Metheny á tónleikum á djassklúbbnum Múlanum í kvöld ásamt hljómsveitinni M & M, sem auk hans er skipuð Kjartani Valdemarssyni píanóleikara, Róbert Þórhallssyni á bassa og Ólafi Hólm á trommur.
Rakin verður rúmlega þrjátíu ára ferill Pat Metheny sem hefur verið sleitulaus sigurganga frá því hann braust fram á sjónarsviðið árið 1974.
Fyrir hlé spilar kvartettinn nútímalegan djass úr smiðju Methenys, en eftir hlé bætast í hópinn slagverksleikarinn Kjartan Guðnason og tveir söngvarar, þau Kristjana Stefánsdóttir og Gísli Magnason.
Seinni hluti tónleikanna verður helgaður því sem Metheny hefur verið að gera með Pat Metheny Group, þar sem hann hefur verið í samstarfi við Lyle Meys. Þeir félagar hafa unnið til Grammy-verðlauna sjö ár í röð.



## EKKI MISSA AF…

... ljóðatónleikum **Auðar Gunnarsdóttur** sópransöngkonu í Salnum í Kópavogi á laugardaginn þar sem hún flytur verk eftir Alban Berg, Sibelius, Grieg og Rachmaninoff ásamt píanóleikaranum **Andrej Hovrin**.



... fjórum glerlistarsýningum í Gerðarsafni og Salnum í Kópavogi, meðal annars sýningum á verkum eftir **Gerði Helgadóttur** og **Leif Breiðfjörð**.

... sýningum í **Þjóðminjasafninu** sem verður opið til klukkan 21 í kvöld eins og jafnan fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**MÝRARLJÓS**
**SÝNINGUM FER FÆKKANDI!**

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Í kvöld fim. 7/4 **uppselt**, fös. 8/4 **uppselt**, lau. 16/4 **uppselt**, lau. 23/4 **uppselt**, lau. 30/4 **örfá sæti laus**, lau. 7/5 **örfá sæti laus**, fim. 12/5 **örfá sæti laus**, fös. 13/5 **örfá sæti laus**.

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
Lau. 9/4 **örfá sæti laus**, fös. 15/4 **nokkur sæti laus**, fim. 28/4.
**Sýningum fer fækkandi.**

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*
Sun. 10/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 17/4 kl. 14:00 **uppselt** og **aukasýning kl. 17:00**, sun. 24/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 1/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 8/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 15/5 kl. 14:00.

■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**

**GRJÓTHARÐIR** - *Hávar Sigurjónsson*
Lau. 9/4 **uppselt**, fim. 14/4 **uppselt**, fös. 15/4 **örfá sæti laus**, fim. 21/4 **nokkur sæti laus**. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ **Litla sviðið kl. 20.00**

**KODDAMAÐURINN** - *Martin McDonagh*
**Frumsýning mið. 13/4 uppselt**, fim. 14/4 **uppselt**, sun. 17/4 **örfá sæti laus**, fös. 22/4 **örfá sæti laus**, fös. 29/4. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

**Miðasalan er lokuð til þri. 29/3.** Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is**
Veffang: **www.leikhusid.is** Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**




FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**EINLEIKARINN STÍGUR TANGÓ** Maxim Vengerov víóluleikari lætur sér ekki nægja að leika á hefðbundna fiðlu og rafmagnsfiðlu á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld, heldur stígur hann einnig seiðandi dans á sviðinu ásamt hinni brasilísku Christiane Palha.

# Byltingarkennt verk

Mikil eftirvænting ríkir meðal hljóðfæraleikara í Sinfóníuhljómsveit Íslands þessa dagana. Hljómsveitin hefur verið að æfa býsna sérstakt og stórbrotið verk eftir tónskáldið Benjamin Júsúpov, sem sjálfur er kominn til landsins til að stjórna verki sínu.

„Að mínu mati er þetta byltingarkennt verk fyrir víóluna," segir fiðlusnillingurinn Maxim Vengerov, sem leikur einleik bæði á hefðbundna víólu og fimm strengja rafmagnsfiðlu. Og svo dansar hann á sviðinu.

„Ég hef aldrei dansað áður," segir Vengerov, sem er ein skærasta stjarnan í veröld fiðluleikara þessi misserin. Hann hefur fengið brasilísku dansmeyna Christiane Palha til liðs við sig og saman stíga þau seiðandi dans í einum kafla verksins.

Hún er fyrrverandi ballettdansmær, starfaði lengi vel við Þjóðarballettinn í Amsterdam en söðlaði um fyrir fimm árum og sneri sér að tangódansi.

„Við hittumst fyrst fyrir mánuði og höfum verið að æfa saman. Ég er nýi nemandinn hennar."

Palha hlær við og segir af og frá að hann sé eins og hver annar byrjandi í danslistinni.

„Hann er enginn nemandi lengur. Hann er alltof fljótur að ná þessu til þess."

Vengerov segir að víólukonsertinn sé alls ekki neinn venjulegur konsert. Þeir hafa þekkst í sjö ár, tónskáldið Júsúpov og fiðluleikarinn Vengerov, og með þessu verki séu þeir að láta gamlan draum sinn rætast.

„Þessi konsert er hugsjónaverk í fleiri en einum skilningi. Víólan er stórkostlegt hljóðfæri sem getur hljómað bæði eins og fiðla og selló. Í þessu verki sýnir Júsúpov raunverulegan styrk þessa hljóðfæris, svo það verður augljóst að víólan getur líkt eftir hljómi hvaða hljóðfæris sem er í hljómsveitinni."

Víólukonsertinn er í nokkrum köflum. Í þriðja þætti dregur hann upp rafmagnsfiðluna og þá kveður við annan tón. Drynjandi rokktónar streyma úr fiðlunni við kraftmikinn undirleik hljómsveitarinnar.

„Eitt af því sem mig langaði til að gera á þessu ári var að keyra Harley Davidson mótorhjól, en ég hef verið of önnum kafinn til þess að láta þennan draum verða að veruleika. Hins vegar, þegar ég spila rokk á rafmagnsfiðluna mína þá getur fólk heyrt mig aka mjög hraðskreiðri bifreið á fullum krafti. Það er alveg hreint stórkostlegt hvað þessi fimm strengja fiðla getur gert."

Flutningur Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Vengerovs á Víólukonsert Júsúpovs verður fyrsti flutningur konsertsins á tónleikum, enda þótt eiginlegur heimsfrumflutningur verði ekki fyrr en að nokkrum vikum liðnum í Hannover.

Á tónleikunum í Háskólabíói verða einnig flutt verk eftir Modest Mússorgskí og Pjotr Tsjaíkovskí. Tónleikarnir verða síðan endurteknir á laugardaginn. ■


**BORGARLEIKHÚSIÐ**
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*STÓRA SVIÐ*

**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
Lau 9/4 kl 20, Su 10/4 kl 20, Fi 14/4 kl 20,
Su 24/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20 - **UPPSELT,**
***Síðustu sýningar***

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar*
Í kvöld kl 20, Fö 8/4 kl 20, Lau 16/4 kl 20,
Su 17/4 kl 20, Fi 21/4 kl 20, Fö 22/4 kl 20,
Lau 30/4 kl 20 - ***Fáar sýningar eftir***

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Lau 23/4 kl 20, Fö 29/4 kl 20

**VORSÝNING LISTDANSSKÓLA ÍSLANDS**
Lau 9/4 kl 14, Su 10/4 kl 14

**LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA**
**- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI**
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið
- kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

**Miðasölusími 568 8000**
**midasala@borgarleikhus.is**
**Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is**
**Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:**
**10-18 mánudaga og þriðjudaga,**
**10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga**
**12-20 laugardaga og sunnudaga**

*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN*

**TERRORISMI**
*e. Presnyakov bræður*
Aðalæfing Fi 14/4 kl 20 - **kr. 1.000,-**
Frumsýning Fö 15/4 kl 20 - **UPPSELT,**
Mi 20/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20

**SEGÐU MÉR ALLT**
*e. Kristínu Ómarsdóttur*
Lau 9/4 kl 20, Su 17/4 kl. 20

**AUSA eftir Lee Hall**
*Í samstarfi við LA.*
Fi 21/4 kl 20 - ***Síðasta sýning***
- ***Ath: Miðaverð kr. 1.500***

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Fi 14/4 kl 20 - **UPPSELT,**
Fö 15/4 kl 20 - **UPPSELT,**
Lau 16/4 kl 20, - **UPPSELT,**
Su 17/4 kl 20, - **UPPSELT,**
Mi 20/4 kl. 20 - **UPPSELT,**
Fi 21/4 kl 20, Fö 22/4 kl 20 - **UPPSELT,**
Lau 23/4 kl 20 - **UPPSELT,**
Lau 29/4 kl 20 - **UPPSELT,** Lau 30/4 kl 20
Su 1/5 kl 20

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Lau 9/4 kl 20
***Síðasta sýning***

**RIÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ**
*e. Önnu Reynolds.*
*Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS.*
Aðalæfing í kvöld kl 20 - kr. 1.000
Frumsýning fö 8/4 kl 20 - ***UPPSELT***
Fö 15/4 kl 20, Lau 16/4 kl 20

**15:15 TÓNLEIKAR**
Lau 9/4 kl 15.15 - Ferðalög


# Tónleikar til heiðurs Megasi

Afmælistónleikarnir til heiðurs Megasi verða haldnir í Austurbæ í kvöld í tilefni þess að meistarinn er sextugur í dag. Þar koma fram fjölmargir íslenskir tónlistarmenn sem hafa valið sér lag úr brunni Megasar og flytja það á tónleikunum með sínu nefi.

Þeir sem koma fram eru Valgeir Guðjónsson, Pálmi Gunnarsson og Þorsteinn Magnússon, Súkkat, Mínus, Funkstrasse, Magga Stína, Barnakór Biskupstungna, Geirfuglarnir, Dr. Gunni, KK, Ensími, Hjálmar, Jón Ólafsson, Ragnheiður Gröndal, Trabant og Ellen Kristjánsdóttir.

Tónlistarstjóri verður Hörður Bragason en kynnir er Hjálmar Sveinsson. ■



**MEGAS** Afmælistónleikar í Austurbæ með fjölda listamanna.

# Halldór á dönsku

Ævisaga Halldórs Laxness eftir Halldór Guðmundsson verður gefin út í Danmörku. Samningar um það tókust milli JPV útgáfu og Forlaget Vandkunsten.

Forlaget Vandkunsten er þriðja erlenda forlagið sem tekur bókina til útgáfu, því áður hafði verið samið við Leopard förlag í Svíþjóð og btb/Random House í Þýskalandi um útgáfu á ævisögu Laxness.

Vandkunsten er ungt forlag, undir forystu gamalreynds útgefanda, sem leggur áherslu á útgáfu vandaðra fræðirita og sögulegra verka. Það vakti sérstaka athygli fyrir endurútgáfu sína á sígildu dönsku verki, ferðasögu Carsten Niebuhr frá Arabíulöndum, sem hefur fengið afar góðar umsagnir og selst vel.

Fleiri dönsk forlög sýndu bók Halldórs Guðmundssonar áhuga, en Vandkunsten vildi gefa það út óstytt og réði það úrslitum. Kim Lembek mun þýða verkið, en hann hefur meðal annars þýtt skáldverk eftir Hallgrím Helgason og Einar Kárason. ■



**HALLDÓR GUÐMUNDSSON** Bók Halldórs um nafna sinn Laxness verður þýdd á dönsku.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

4 5 6 **7** 8 9 10

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 19.30 Rússneski fiðlusnillingurinn **Maxim Vengerov** leikur ásamt **Sinfóníuhljómsveit Íslands** á tónleikum í Háskólabíói. Hljómsveitarstjóri er **Benjamin Júsopov**.

☐ 20.00 **Valgeir Guðjónsson, Pálmi Gunnarsson og Þorsteinn Magnússon, Súkkat, Mínus, Funkstrasse, Magga Stína, Barnakór Biskupstungna, Geirfuglarnir, Dr. Gunni, KK, Ensími, Hjálmar, Jón Ólafsson, Ragnheiður Gröndal, Trabant** og **Ellen Kristjánsdóttir** koma fram á afmælistónleikum **Megasar** í Austurbæ.

☐ 21.00 Kvartettinn **M&M** heldur tónleika á Jazzklúbbnum Múlanum á Hótel Borg. Kvartettinn skipa þeir **Ásgeir Ásgeirsson** gítar, **Kjartan Valdemarsson** píanó, **Róbert Þórhallsson** bassi og **Ólafur Hólm** trommur. Sérstakir gestir verða þau **Kristjana Stefánsdóttir** og **Gísli Magnason** söngvarar ásamt Kjartani Guðnasyni **á slagverk.**

☐ 22.30 Hljómsveitirnar **Campfire Backtracks** og **Hanoi Jane** spila á Grand Rokk.

### SKEMMTANIR

☐ Ekta danskt „Lække-partí“ verður á Pravda í kvöld með plötusnúðunum **Kjeld Tolstrup, Jean Eric von Baden** og **Kim Kemi**.

### FYRIRLESTRAR

☐ 16.00 Dr. **Dan Goodley** flytur opinberan fyrirlestur á vegum félagsvísindadeildar Háskóla Íslands í stofu 101 í Odda. Fyrirlesturinn fjallar um foreldra fatlaðra ungbarna og er byggður á viðamikill rannsókn sem unnið er að í Bretlandi.

☐ 20.00 **Steindór J. Erlingsson** vísindasagnfræðingur flytur fyrirlestur í húsi Sögufélags við Fischersund um togstreitu módernisma og upplýsingar hjá bresku líffræðingunum Julian Huxley og Lancelot Hogben.


# Eldri borgarar

Ferðaklúbbur eldri borgara heldur kynningarfund á sumarferðum 2005 í Þróttaraheimilinu við Engjaveg, föstudagin 8. apríl kl.13:30
Allir eldri borgarar velkomnir.

ATH Eigum örfá sæti laus í Færeyjaferð 24. maí.
**Upplýsingar í síma, 892-3011.**








DVD sýning Vinafélags Íslensku óperunnar

**Ariadne auf Naxos eftir Richard Strauss**
Laugardaginn 9. apríl kl.14.00-17.00. Sýningin er á hliðarsvölum Íslensku óperunnar (gengið er inn um aðalinngang). Allir velkomnir - Aðgangur ókeypis

**Óperustúdíó: Apótekarinn eftir Haydn**
29. apríl kl. 20 - Frumsýning
1. maí kl. 20 - 2. sýn - 3. maí kl. 20 - 3. sýn
8. maí kl. 20 - 4. sýn - 10. maí kl. 20 - 5. sýn - Lokasýning
**Ath. Aðgangur ókeypis**

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200** | ÍSLENSKA ÓPERAN
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400



# Tenórinn

## Vegna fjölda áskorana verða tvær aukasýningar

Föstudaginn 15. apríl kl. 20 • Laugardaginn 23. apríl kl. 20

IÐNÓ Miðasala í síma 562 9700 www.idno.is
Tjarnarbakkinn restaurant








| Fimmtudagur | 21. apríl | FRUMSÝNING | kl. 14.00 |
|---|---|---|---|
| - Sumardagurinn fyrsti | | | |
| Laugardagur | 23. apríl | 2. sýning | kl. 14.00 |
| Sunnudagur | 24. apríl | 3. sýning | kl. 14.00 |
| Sunnudagur | 1. mai | 4. sýning | kl. 17.00 |
| Sunnudagur | 1. mai | 5. sýning | kl. 14.00 |
| Fimmtudagur | 5. mai | 6. sýning | kl. 14.00 |
| - Uppstigningardagur | | | |
| Laugardagur | 8. mai | 7. sýning | kl. 14.00 |
| Sunnudagur | 9. mai | 8. sýning | kl. 14.00 |

**MIÐASALAN ER HAFIN**
á **www.borgarleikhus.is**
og í síma **568 8000**
















JANSPORT



Hliðartöskur - Tölvutöskur - Bakpokar
Frábært úrval - Frábær gæði - Frábært verð
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Opið kl. 10-18 - Laugardaga 11-15






**Dansveisla á Pravda fimmtudagskvöld:**
Uppi - Breakbeat með drum&bass stemningu.
Niðri - verður innrás frá Clup Lække í Kaupmannahöfn með sjálfan DJ Kjeld Tolstrup í fararbroddi. Clup Lække er einn heitasti klúbburinn í Danmörku um þessar mundir þar sem fastagestir er þotuliðið um allan heim.

**Dansveisla á NASA á föstudagskvöldið.**
5 ára afmæli Breakbeat.is og enginn annar en Goldie sjálfur mun sjá um taktinn.


SMÁRABÍÓ
HUGSAÐU STÓRT
AS GOOD AS IT GETS
Í fjölskyldu þar sem enginn skilur neinn mun hún smellpassa í hópinn.
Spanglish
Sýnd kl. 5, 8, og 10.45
Sýnd í Lúxus kl. 5, 8, og 10.45
Framhaldið af Get Shorty
TRAVOLTA
THURMAN
Be Cool
Hættulegasta gamanmynd ársins
★★★ ÓÖH DV
Sýnd kl. 8 og 10.30 B.I. 14 ára
★★★ S.V. MBL ★★★ J.H.H. kvikmyndir.com
Will Smith
Hitch
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30
Vélmenni
★★★★ ÓÖH DV ★★★ K&F X-FM
★★★ SV MBL ★★★ ÓHT Rás 2
Sýnd kl. 4, og 6 m/ísl. tali
Sýnd kl. 4, 6 og 8 m/ensku tali
Hann trúir ekki að vinur hennar sé til þar til fólk byrjar að deyja!
HIDE AND SEEK
Missið ekki af þessum magnaða spennutrylli með Robert De Niro sem fær hárin til að rísa!
★★★ S.V. MBL
★★★ K&F X-FM
Sýnd kl. 10 B.i. 16
GRÍMAN 2
SONUR GRÍMUNNAR
Sýnd kl. 3.30 m/ísl. tali
Dolby
SDDS
THX
SÍMI 564 0000


REGNBOGINN
SÍMI 551 9000
400 kr. í bíó!*
DANNY THE DOG
Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20 B.I. 16 ára
Framhaldið af Get Shorty
TRAVOLTA
THURMAN
Be Cool
Hættulegasta gamanmynd ársins
★★★ ÓÖH DV
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 14 ára
400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu
Hann trúir ekki að vinur hennar sé til þar til fólk byrjar að deyja!
Missið ekki af þessum magnaða spennutrylli með Robert De Niro sem fær hárin til að rísa!
HIDE AND SEEK
★★★ S.V. MBL
★★★ K&F X-FM
Sýnd kl. 8 og 10.30 m/ísl. tali
Will Smith
★★★ S.V. MBL
★★★ J.H.H. kvikmyndir.com
Hitch
Sýnd kl. 8 og 10.30


Sími 553 2075
LAUGARÁS BÍÓ
- bara lúxus
DANNY THE DOG
Sýnd kl. 5:45, 8 og 10:10. B.I. 16
REESE WITHERSPOON
VANITY FAIR
Sýnd kl. 8 og 10:30
Vélmenni
GRÍMAN 2
SONUR GRÍMUNNAR
Sýnd kl. 6 m/ísl. tali
Meet the Fockers
Sýnd kl. 6 m/ísl. tali
Sýnd kl. 8 og 10:10
www.laugarasbio.is


ICELANDAIR
7.-30. apríl 2005
Nú hefst veislan!
65 kvikmyndir á 3 vikum
Beyond the Sea
- eftir Kevin Spacey
Der Untergang
(Downfall)
- eftir Oliver Hirschbiege
Door In The Floor
- eftir Shona Auerbach
Hotel Rwanda
- eftir Terry George
House of Flying Daggers
- eftir Yimou Zhang
Maria Llena Eres de Gracia
(Maria Full of Grace)
- eftir Joshua Marston
The Mother
- eftir Roger Michel
Napoleon Dynamite
- eftir Jared Hess
www.icelandfilmfestival.is
MasterCard
IH ICELANDAIRHOTELS
Talstöðin FM 90,9
Iceland International Film Festival
iiff




| ÁLFABAKKI | | |
|---|---|---|
| THE PACIFIER | KL. 4-6-8-10 | |
| THE PACIFIER VIP | KL. 4-6-8-10 | |
| LIFE & DEATH OF PETER SELLERS | KL. 5.40-8-10.20 | |
| MISS CONGENIALITY 2 | KL. 3.30-5.40-8-10.20 | |
| THE RING TWO | KL. 5.40-8-10.20 | B.I. 16 |
| LIFE AQUATIC | KL. 5.40-8 | B.I. 12 |
| CONSTANTINE | KL. 10.20 | B.I. 16 |
| BANGSÍMON OG FRÍLLINN | KL. 4 | |

| KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| THE PACIFIER | KL. 8-10 | |
| MISS CONGENIALITY 2 | KL. 8-10 | |

| AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| THE PACIFIER | KL. 8-10 | |
| MISS CONGENIALITY 2 | KL. 8 | |
| THE RING TWO | KL. 10 | B.I. 16 |

| KRINGLAN | | |
|---|---|---|
| THE PACIFIER | KL. 6-8-10 | |
| MISS CONGENIALITY 2 | KL. 6-8.15-10.30 | |
| THE RING TWO | KL. 10.30 | B.I. 16 |
| COACH CARTER | KL. 5.30-8 | B.I. 12 |

SAMBÍÓIN
ÁLFABAKKI 587 8900 · KRINGLAN 588 0800 · AKUREYRI 461 4666 · KEFLAVÍK 421 1170




| | | |
|---|---|---|
| LIFE & DEATH OF PETER SELLERS | KL. 5.30-8-10.30 | |
| THE MOTORCYCLE DIARIES | FORSÝNING KL. 10.15 | |
| MISS CONGENIALITY 2 | KL. 5.40-8-10.20 | |
| LIFE AQUATIC | KL. 8-10.30 | B.I. 12 ára |
| MILLION DOLLAR BABY | Kl. 5.30-8-10.30 | B.I. 14 ára |
| LES CHORISTES | KL. 6 | |

STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is




# Barnaníðingar eru líka fólk

Kvikmyndahátíðin IIFF 2005 hefst í dag með sýningu á opnunarmyndinni Motorcycle Diaries eftir Walter Salles sem verður viðstaddur frumsýninguna. Eins og þegar hefur margoft komið fram er hátíðin glæsilegri en Íslendingar eiga að venjast og úrval áhugaverðra titla er með ólíkindum.

Kvikmyndin The Woodsman er án efa ein athyglisverðasta myndin sem sýnd verður á hátíðini en í henni fer Kevin Bacon á kostum í krefjandi hlutverki barnaníðings sem glímir við sjálfsfyrirlitningu og óstjórnlega barnahneigð. Bacon hefur haft þó nokkuð með barnaníðinga að gera í starfi sínu sem leikari en hann eltist við einn slíkan í hlutverki sínu í Mystic River, auk þess sem hann lék hrotta og drengjanauðgara í Sleepers fyrir all mörgum árum.

Túlkun hans á barnaníðingnum Walter í The Woodsman ristir þó enn dýpra en bæði hin hlutverkin samanlögð, en eina ferðina enn sýnir samt þessi oft vanmetni leikari hvers hann er megnugur.



**KEVIN BACON** Sýnir afburðaleik í hlutverki barnaníðings í The Woodsman, sem empire fullyrðir að sé ein hugrakkasta mynd ársins.

The Woodsman fjallar um níðinginn Walter sem er nýkominn úr fangelsi eftir að hafa afplánað dóm fyrir barnaníð. Walter er meðvitaður um að hneigðir hans eru óeðlilegar og hann óttast þær um leið og hann fær ekkert við þær ráðið.

Breska kvikmyndatímaritið Empire gefur The Woodsman 4 stjörnur af 5 og fullyrðir að leiksigur Bacons verði einn sá stærsti á árinu þótt það sé rétt nýbyrjað. Gagnrýnandi blaðsins segir myndina erfiða á að horfa og mörgum muni mislíka það hversu níðingurinn er gerður mannlegur en þar liggi einmitt styrkur myndarinnar sem sýnir barnaníðinga í allt öðru ljósi en gengur og gerist í Hollywoodmyndum, þar sem þeir eru flatar persónur, fulltrúar hreinnar illsku sem þjóna eingöngu ákveðnu hlutverki í frásögninni.

The Woodsman er fyrsta leikstjórnarverkefni Nicole Kassell sem er sögð njóta góðs af því að hafa Bacon í toppformi til að bera myndina uppi auk þess sem Kyra Segwick og Mos Def í hlutverki löggu, sem hefur horn í síðu Walters, standa sig með prýði í smærri hlutverkum. ■

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Breska blaðið The Sun fullyrðir að ákveðið hafi verið að ráða enska leikarann **Daniel Craig** til þess að leika **James Bond** í næstu þremur myndum um njósnara hennar hátignar. Fréttin af þessu birtist aðeins sólarhring eftir að þau tíðindi bárust að ákveðið hefði verið að endurráða **Pierce Brosnan** í hlutverkið.



Craig er 37 ára gamall og leikur meðal annars í glæpamyndinni Layer Cake en hefur einnig gert garðinn frægan með **Angelinu Jolie** í Tomb Raider. Fréttinni hefur verið tekið með nokkrum fyrirvara en bæði talsmenn leikarans og framleiðenda Bond-myndanna hafa neitað að staðfesta þetta þótt The Sun fullyrði að ráðningin sé á vitorði allra sem koma að gerð Bond-myndanna. Nafn Craigs hefur ekki verið ofarlega í umræðunni um hver taki við leyfinu til að drepa af Brosnan í næstu mynd sem á að heita Casino Royale og er nefnd eftir fyrstu skáldsögu Ians Flemming um Bond en standist þetta hefur Craig skotið köppum á borð við **Clive Owen**, Eric Bana, **Jude Law**, Heath Ledger, **Ewan McGregor**, Dougray Scott og Hugh Jackman ref fyrir rass.




ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

AMERICAN IDOL

Hver dettur út í kvöld?



GOTT FÓLK McCANN



# VIÐ TÆKIÐ

## Vannærðir víkingar

**ÞÓRDÍS LILJA GUNNARSDÓTTIR** FYLGDIST MEÐ OFÆTUM HJÁ SIRRÝ

Ég var sæmilega södd þegar ég horfði á ofæturnar hjá Sirrý í gærkvöldi. Ekki af því eðalfæði sem hjálpað hafði ofætunum að komast á réttan kjöl, því miður, heldur mestmegnis eiturefninu sykri úr gómsætum kanilsnúð frá konditori hér í bæ. En í ljós kom að bakarín eru einmitt mestu óvinir ofætanna, með freistandi hillur af hveiti, kornvörum og sykri.

Hjá Sirrý sögðu þrjár hugrakkar ofætur frá því hvernig þær höfðu borðað til að gleyma og komast í gegnum lífið. Þær borðuðu sig út úr sorg og erfiðleikum, en með því borðuðu þær sig yfir í enn meiri erfiðleika. Ofátinu fylgdi þunglyndi, verkkvíði, einangrun, vefjagigt, háþrýstingur og fleira óstuð, auk mikillar offitu. Maturinn varð vinur þeirra og huggun. Því meir sem á móti blés, því fleiri hitaeiningar úr óhollustu fór inn í líkama þeirra. Þetta var áhugavert viðtal í alla staði og ótrúlegt að sjá hvernig konurnar höfðu tapað sem samsvaraði heilli manneskju af kílóum með því í aðalatriðum að sleppa sykri, hveiti og kornvörum úr mataræði sínu. Fannst merkilegt sem þær sögðu um stjórnleysi matarlystarinnar ef þær voguðu sér í sykurinn. Var meðal annars enn og aftur ýjað að því að sykur væri fíkniefni sem matarframleiðendur settu í matvæli til þess eins að gera neytandann sólgnari í meira.

Klárlega rannsóknarefni, en mér varð hugsað til Íslendinga sem verða æ feitari og ástæður þess að matarneyslan fer úr böndunum hjá



margri ofætunni. Matur verður sefandi eins og mild móðurhönd í erfiðleikum og angri. Mikið rosalega eru þá Íslendingar orðnir óhamingjusöm þjóð. Víkingar og hetjur sem bera sig vel og sjaldnast vandamál sín á torg, en undir niðri í hamingjurausinu á heimsskala er bæld og vannærð þjóð á tilfinningasviðinu.



**23.05** *Fræðsla*

**Þangað til ofbeldinu linnir. Heimildarmynd eftir Abby Epstein um neistann sem leikritið Píkusögur eftir Eve Ensler kveikti.**



**22.20** *Gaman*

**Mile High. Áhafnarmeðlimir flugfélagsins Fresh eru við sama heygarðshornið og elska að skemmta sér.**



**21.00** *Drama*

**Boston Legal. Alan Shore er mættur aftur í nýju lagadrama en einnig fer William Shatner með stórt hlutverk.**

### SJÓNVARPIÐ

**16.45** Handboltakvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30** **Spæjarar (6:26)** (Totally Spies I)
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
**20.00** **Íslandsmótið í handbolta** Úrslitakeppnin, 8 liða úrslit karla, 2. leikur, bein útsending frá síðari hálfleik.
**20.50** **Hope og Faith (18:25)** (Hope & Faith) Bandarísk gamanþáttaröð. Aðalhlutverk leika Faith Ford og Kelly Ripa.
**21.15** **Sporlaust (5:24)** (Without A Trace II) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.20** **Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð. Húsmóðir í úthverfi fyrirfer sér og segir síðan sögur af vinkonum sínum fjórum sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

▶ **23.05** Þangað til ofbeldinu linnir **0.20** Kastljósið **0.40** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Jag (10:24) (e) **13.45** 55 Degrees North (4:6) (e) **14.40** Punk'd 2 (e) **15.05** Robbie Williams **16.00** Barnatími Stöðvar 2 (Kóngulóamaðurinn, Með Afa, Leirkarlarnir, Vaskir Vagnar, Litlir hnettir, Ljósvakar) **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00** **Strákarnir** Nýr þáttur með Sveppa, Audda og Pétri.
**20.30** **American Idol 4 (26:41)** (Final 9 perform – show 421) Leitin að næstu poppstjörnu Bandaríkjanna er hafin. Paula Abdul, Randy Jackson og hinn kjaftfori Simon Cowell sitja áfram í dómnefndinni og kynnir er Ryan Seacrest.
**21.10** **American Idol 4 (27:41)**
**21.35** **Third Watch (2:22)** (Næturvaktin 6) Næturvaktin er framhaldsþáttur sem fjallar um hugdjarfan hóp fólks sem eyðir nóttinni í að bjarga öðrum úr vandræðum á götum Bönnuð börnum.
▶ **22.20** **Mile High** (Háloftaklúbburinn 2) Velkomin aftur um borð hjá lággjaldaflugfélaginu Fresh. Bönnuð börnum.

**23.05** The Dentist 2 (Stranglega bönnuð börnum) **0.40** Medium (4:16) (Bönnuð börnum) **1.25** Turbulence 3: Heavy Metal **3.00** Fréttir og Ísland í dag **4.20** Ísland í bítið **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**7.00** The King of Queens (e) **7.30** According to Jim (e) **8.00** America's Next Top Model (e) **8.50** Þak yfir höfuðið (e)

**17.50** Cheers – 2. þáttaröð (2/22) **18.20** Fólk – með Sirrý (e)

**19.15** **Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**19.30** **Will & Grace (e)** Tina hjákona föður Will biður hann um að hjálpa sér að athuga hvort pabbi hans sé farinn að halda framhjá henni.
**20.00** **Malcolm In the Middle**
**20.30** **The King of Queens** Doug verður að leysa ágreining Arthur og Carrie eftir að Arthur eyðileggur starfsumsókn Carrie fyrir henni með því að verða til vandræða í móttökunni hjá fyrirtækinu.
▶ **21.00** **Boston Legal**
**22.00** **The Swan** Veruleikaþættir þar sem sérfræðingar breyta nokkrum ósköp venjulegum konum í sannkallaðar fegurðardísir!
**22.45** **Jay Leno** Jay Leno tekur á móti gestum af öllum gerðum í sjónvarpssal.

**23.30** America's Next Top Model (e) **0.15** The Mountain (e) **1.00** Þak yfir höfuðið (e) **1.10** Cheers – 2. þáttaröð (2/22) (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Nine Months **8.00** Wayne's World **10.00** See Spot Run **12.00** Leifur Eiríksson **14.00** Nine Months **16.00** Wayne's World **18.00** See Spot Run **20.00** FeardotCom (Str.b.b.) **22.00** Below (Str.b.b.) **0.00** Blade II (Str.b.b.) **2.00** Valentine (Str.b.b.) **4.00** Below (Str.b.b.)

### OMEGA

**8.00** Miðnæturhróp **8.30** Kvöldljós **9.30** Joyce M. **10.00** Daglegur styrkur **11.00** Ísrael í dag **12.00** Ewald F. **12.30** Freddie F. **13.00** Daglegur styrkur **14.00** Joyce M. **14.30** Mack L. **15.00** Samverustund (e) **16.00** Daglegur styrkur **17.00** Acts Full Gospel **17.30** Gunnar Þorsteinsson (e) **18.00** Joyce M. **18.30** Mack L. **19.00** Daglegur styrkur **20.00** Kvöldljós **21.00** Um trúna og tilveruna **21.30** Joyce M. **22.00** Daglegur styrkur

### AKSJÓN

**7.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.30** Football: UEFA Cup **14.00** Cycling: UCI Protour Tour of the Basque Country **15.30** Rally: World Championship New Zealand **16.00** Curling: World Men's Championship Canada **19.00** Boxing **20.30** Football: UEFA Cup **22.00** News: Eurosportnews Report **22.15** Football: UEFA Champions League the Game

**BBC PRIME**
**12.00** Monarch of the Glen **12.50** Teletubbies **13.15** Tweenies **13.35** Fimbles **13.55** Balamory **14.15** Binka **14.25** Bill and Ben **14.35** Intergalactic Kitchen **15.00** The Weakest Link **15.45** Bargain Hunt **16.15** Ready Steady Cook **17.00** Doctors **17.30** Eastenders **18.00** Keeping Up Appearances **18.30** Yes Minister **19.00** Clocking Off **20.00** Billie Holiday: Sensational Lady **21.00** Mastermind **21.30** Happiness **22.00** Two Thousand Acres of Sky **23.00** Ray Mears' Extreme Survival **0.00** Antarctica **1.00** Secrets of the Ancients

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.30** Totally Wild **13.00** Killer Hornets **14.00** Hornets from Hell **15.00** Night Hunters **16.00** Battlefront **17.00** Explorations **18.00** Dogs with Jobs **18.30** Totally Wild **19.00** Night Hunters **20.00** Shark Sonics **21.00** Shark Business **22.00** Atlantic Britain **23.00** Wanted – Interpol Investigates **0.00** Explorations

**ANIMAL PLANET**
**12.00** A Man Called Mother Bear **13.00** Tall Blondes **14.00** Animal Cops Houston **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** That's my Baby **16.30** That's my Baby **17.00** Monkey Business **17.30** Keepers **18.00** A Man Called Mother Bear **19.00** Tall Blondes **20.00** Miami Animal Police **21.00** Chimpanzee Diary **21.30** Chimpanzee Diary **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Wildlife SOS **23.30** Aussie Animal Rescue **0.00** Cell Dogs

**DISCOVERY**
**12.00** Mummy Autopsy **13.00** Gladiators of World War II **14.00** Extreme Machines **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** John Wilson's Fishing Safari **16.00** World's Deepest Goldmine **17.00** Wheeler Dealers **17.30** Wheeler Dealers **18.00** Mythbusters **19.00** Forensic Detectives **20.00** FBI Files **21.00** FBI Files **22.00** Forensic Detectives **23.00** Extreme Machines **0.00** Tanks

**MTV**
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** The Base Chart **18.00** Pimp My Ride **18.30** Damage Control **19.00** Punk'd **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Dirty Sanchez **22.00** Superock **23.00** Just See MTV

**VH1**
**15.00** So 80s **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Bands Reunited **20.00** Fabulous Life Of **20.30** Fabulous Life Of **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Vegging Out **12.40** Other People's Houses **13.30** It's a Girl Thing **14.00** Cheaters **14.45** Girls Behaving Badly **15.10** Lofty Ideas **15.35** Paradise Seekers **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Other People's Houses **17.40** Paradise Seekers **18.05** Matchmaker **18.30** It's a Girl Thing **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** Cheaters **20.10** Ex-Rated **20.45** What Men Want **21.10** Men on Women **21.35** Sextacy **22.25** Great Gardens **23.10** Come! See! Buy! **23.40** Cheaters

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** E! News **12.30** Behind the Scenes **13.00** E! Entertainment Specials **14.00** Style Star **14.30** Love is in the Heir **15.00** 101 Most Awesome Moments in... **17.00** Jackie Collins Presents **18.00** E! News **18.30** Extreme Close-Up **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** Style Star **20.30** Fashion Police **21.00** Scream Play **22.00** The Ultimate Hollywood Blonde **23.00** E! News **23.30** Life is Great with Brooke Burke **0.00** The E! True Hollywood Story

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd 'n' Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Dexter's Laboratory **14.25** The Cramp Twins **14.50** The Powerpuff Girls **15.15** Johnny Bravo **15.40** Megas XLR **16.05** Samurai Jack **16.30** Tom and Jerry **16.55** Scooby-Doo **17.20** Looney Tunes **17.45** Ed, Edd 'n' Eddy **18.10** Codename: Kids Next Door **18.35** Dexter's Laboratory

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**13.35** Gallant Hours **15.30** My American Cousin **17.00** L.a. Streetfighters **18.25** Man of Passion **20.00** Marvin & Tige **21.45** Martin's Day **23.25** Rikky and Pete **1.05** Wheels of Terror

**TCM**
**19.00** Never So Few **21.00** Act of Violence **22.20** Shine On

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

### US MASTERS

*Sýn bíó* **kl. 20.00**

## *Barist um jakkann*

***Sigurvegari mótsins fær grænan jakka og háar fjárhæðir að launum.***

Bandaríska meistarakeppnin í golfi, eða US Masters, hefst á Augusta National vellinum í Georgíu í dag. Til leiks mæta allir fremstu kylfingar heims en beinar útsendingar eru á Sýn alla fjóra keppnisdagana. Phil Mickelson hrósaði sigri í fyrra eftir skemmtilega keppni og klæddist því hinum heimsfræga græna jakka í mótslok. Hann fær verðuga keppinauta þetta árið, því Tiger Woods, Vijay Singh og Ernie Els ætla sér stóra hluti á þessu móti. US Masters er hluti af bandarísku mótaröðinni.



Tiger Woods.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„If you're gonna stay home today, you can help me shave my armpits."**

**Svar:** Juanita úr kvikmyndinni Billy Madison frá árinu 1995.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Góðan dag með Sigurði G. Tómassyni. **9.03** Dagmál Odds Ástráðssonar og Ragnheiðar Gyðu Jónsdóttur.

**12.15** Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson og Sigurjón M. Egilsson. **13.01** Hrafnaþing – Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson.

**14.03** Birta – Umsjón: Ritstjórn Birtu. **15.03** Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson og Helgu Völu Helgadóttur.

**17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Úr ævintýrum H. C. Andersens **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Norrænt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.50** Auðlind **13.05** Gylltir fjötrar **14.03** Útvarpssagan: Karlotta Lövenskjöld **14.30** Seiður og hélog **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.27** Sinfóníutónleikar **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Útvarpsleikhúsið: Nafnið **23.10** Hlaupanótan

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.15** Handboltarásin **21.00** Konsert með Megas **22.10** Óskalög sjúklinga

**0.10** Glefsur **1.03** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Halli Kristins

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurflutningur frá deginum áður) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR **15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurfl. frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **23.30** *Spjall*

**David Letterman. Letterman fær góða gesti í heimsókn og kynnir áhorfendur fyrir forvitnilegu fólki.**

## SÝN

**7.00** Olíssport

**18.15** David Letterman

**19.00** **The World Football Show** (Fótbolti um víða veröld)
**19.30** **Inside the US PGA Tour 2005** (Bandaríska mótaröðin í golfi) Vikulegur fréttaþáttur þar sem fjallað er um bandarísku mótaröðina í golfi á nýstárlegan hátt. Hér sjáum við nærmynd af fremstu kylfingum heims og fáum góð ráð til að bæta leik okkar á golfvellinum. Ómissandi þáttur fyrir golfáhugamenn.
**20.00** **US Masters 2005** (Bandaríska meistarakeppnin) Bein útsending frá fyrsta keppnisdegi bandarísku meistarakeppnninnar í golfi, US Masters, en leikið er á Augusta National vellinum í Georgíu.

▶ **23.00** Olíssport **23.30** David Letterman **0.15** Boltinn með Guðna Bergs

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **18.00** Fríða og dýrið **19.00** Íslenski popp listinn **21.30** I Bet You Will **22.03** Jing Jang **22.40** Kenny vs. Spenny **23.10** Sjáðu (e)

Harvest Moon **0.15** Dr Jekyll and Mr Hyde **2.05** Sweethearts

**HALLMARK**

**12.45** One Christmas **14.15** Escape from Wildcat Canyon **16.00** Touched By An Angel II **16.45** Apollo 11 **18.30** Silent Predators **20.00** Hamlet **21.30** Fighting For My Daughter **23.15** The Premonition **0.45** Hamlet

**BBC FOOD**

**12.00** Dinner in a Box **12.30** Ready Steady Cook **13.00** Deck Dates **13.30** Grigson **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Friends for Dinner **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Nigella Bites **16.30** Nigel Slater's Real Food **17.00** United States of Reza **17.30** James Martin: Yorkshire's Finest **18.30** Ready Steady Cook **19.00** Deck Dates **19.30** Galley Slaves **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Tyler's Ultimate **21.30** Ready Steady Cook

**SV1**

**13.00** Wild Kids **14.00** Rapport **14.05** Djursjukhuset **14.35** Perspektiv **15.05** Anslagstavlan **15.10** Karamelli **15.45** Pi **16.00** BoliBompa **16.01** Piggley Winks äventyr **16.25** Go **16.30** Mobilen **16.45** Lilla Aktuellt **17.00** Raggadish **17.30** Rapport **18.00** Mat/Niklas **18.30** Vårt nya liv i Thailand **19.00** Naturfilm – Jättarnas långa resa **20.00** FC Barcelona – spelet bakom fotbollen **21.30** Rapport **21.40** Kulturnyheterna **21.50** Uppdrag Granskning **22.50** Orka! Orka!

**DR1**

**12.05** Mit kenyanske hjem **12.20** Mik Schacks Hjemmeservice **12.50** Rabatten **13.20** Hvad er det værd? **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Boogie **15.30** Kim Possible **16.00** Fandango – med Chapper **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Nyhedsmagasinet **17.30** Lægens bord **18.00** Kender du typen? **18.30** Konsum **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Det ægte par **20.30** Dolly og Kazim **21.00** Negermagasinet **21.30** Drabsafdelingen **22.15** Boogie **5.00** TV Avisen











**Hvíta línan frá Hollandi komin aftur**

Opið virka daga 10–18, laugardaga 11–16 og sunnudaga 13–16

mira art HÚSGÖGN

BÆJARLIND 6
KÓPAVOGI
SÍMI 554 6300
WWW.MIRAART.IS







Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu



## HRÓSIÐ

*...fá Ásta Snædís Guðmundsdóttir og Rósmarý Dröfn Sólmundardóttir sem reka einu matvöruverslunina á Stöðvarfirði. Matvörubúðin breytist í krá um helgar.*

## AÐ MÍNU SKAPI

**HAFSTEINN ÞÓR HAUKSSON LÖGFRÆÐINGUR OG FORMAÐUR SUS**

# *Sjálfstætt fólk, Hólabúðin og Lundúnir*

**TÓNLISTIN** Skoska hljómsveitin *Franz Ferdinand* er mér að skapi líkt og svo mörgum öðrum. Hrikalegt að ég muni missa af tónleikunum þeirra. Verð í staðinn að ylja mér við minninguna af tónleikum *Placebo*, sem er önnur hljómsveit sem er í stöðugri spilun hjá mér.

**BÓKIN** Ég er að endurnýja kynni mín af *Sjálfstæðu fólki* eftir Halldór Laxness. Hana þurfa allir Íslendingar að lesa. *Veröld sem var* eftir Stefan Zweig er líka í miklu uppáhaldi, sem og *Frelsið* eftir John Stuart Mill.

**BÍÓMYNDIN** Af nýlegum kvikmyndum er *Sideways* mér mest að skapi. Hún kemst þó ekki í hálfkvisti við hina þýsku *Das Boot* eftir Wolfgang Petersen, sem ég horfi á með reglulegu millibili.

**BORGIN** London er höfuðborg Evrópu. Íbúar hennar hafa tekið á móti gestum frá öllum heimshornum í hundruðir ára og eru því orðnir býsna færir í því. Í London finna allir eitthvað við sitt hæfi.

**BÚÐIN** Hér í höfuðborginni er það verslun *Máls og menningar*. Þar flýgur tíminn frá manni við grúsk í forvitnilegum bókum. Utan höfuðborgarinnar er það klárlega *Hólabúðin* á Akureyri, einhver vinalegasta verslun landsins.

**VERKEFNIÐ** Ég hef nýlokið við að þjálfa ræðulið Verzlunarskólans til sigurs í Morfís ásamt félaga mínum, honum Ómari. Það var verkefni mér að skapi. Annars er alltaf fullt af skemmtilegum verkefnum í SUS. Í kvöld sýnum við til dæmis heimildarmynd í Valhöll.



Fréttablaðið/Valgarður

**HAFSTEINN ÞÓR HAUKSSON**
Þjálfaði ræðulið Versló til sigurs í Morfís-ræðukeppninni.



**Lárétt:** 1 ríki, 6 snák, 7 á fæti, 8 ónefndur, 9 drykkjartegund, 10 eldur, 12 í röð, 14 skartgripir, 13 stafur, 16 málmur, 17 þvaður, 18 lélega.
**Lóðrétt:** 1 borg í þýskalandi, 2 sprækur, 3 í röð, 4 tungumál, 5 í röð, 9 dropi, 11 leyna, 13 skýjahula, 14 mælieining eða ílát, 17 skóli.

**Lausn.**

**Lárétt:** 1 belgía, 6 orm, 7 tá, 8 nn, 9 tab, 10 bál, 12 rst, 14 men, 15 ká, 16 ál, 17 mas, 18 laka. **Lóðrétt:** 1 bonn, 2 ern, 3 lm, 4 ítalska, 5 aáb, 9 tár, 11 fela, 13 tása, 14 mál, 17 ma.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Robert Zoellick
2. Gudrun Schyman
3. Tsjetsjeníu



LEONCIE „Ég er að hugsa um að bjóða dópsölum að kaupa húsið en þeir hljóta að vilja búa hérna vegna þess að hér er engin lögreglustöð og enginn agi. Þetta er villimannastaður en það eina sem ég vil er að fá að búa í friði á heimili mínu.“

LEONCIE: ER ÓHRESS MEÐ SVEITUNGA SÍNA

# Syngur um borg satans

Það hefur ekki borið mikið á indversku söngprinsessunni Leoncie að undanförnu. Hún hefur þó síður en svo setið auðum höndum og mun senda frá sér nýja breiðskífu á næstu vikum. „Platan heitir Satan City og á henni verða 14 til 16 lög og 11 þeirra eru þegar tilbúin,“ segir Leoncie sem hefur verið við upptökur í Kanada, Englandi og á Íslandi. „Mér finnst gott að vinna með ólíkum upptökustjórum og þess vegna finnst mér ágætt að taka lögin upp á ólíkum stöðum.“

Lencie lýsti því yfir fyrir jól að hún væri búin að fá sig fullsadda af kynþáttafordómum Íslendinga og hygðist flytja af landi brott. Hún er þó ekki farin og býr enn í Sandgerði. „Það hefur ekkert gengið að selja húsið hérna þannig að ég tók það af sölu um daginn. Ég er samt að leita mér að heppilegu húsnæði í Keflavík, Hafnarfirði eða Kópavogi. Ég vil helst eiga fasteign á Íslandi og þar sem ég ferðast mikið horfi ég helst til Keflavíkur þar sem það kæmi sér vel að búa nálægt flugvellinum.“

Leoncie ber sveitungum sínum í Sandgerði illa söguna. „Það er engin siðmenning hérna í Sandgerði og ég verð fyrir stöðugum ofsóknum. Ég get ekki farið út að versla í Sandgerði vegna þess að það er alltaf öskrað á eftir mér,“ segir Leoncie og bætir því við að eggjum rigni látlaust yfir hús hennar.

Leoncie segist hafa reynt að fá bæjaryfirvöld til að kaupa af sér húseign sína í Sandgerði þar sem sér sé ekki vært þar en það hafi ekki gengið eftir. Það þarf ekki miklar vangaveltur til að láta sér detta til hugar að nýja platan, Satan City, sé tileinkuð Sanderði en Leoncie vill ekkert gefa út á það. „Platan heitir þetta og það verður bara að koma í ljós. Ég segi ekki meira um nafnið í bili.“

Leoncie er vígreif þrátt fyrir mótlætið í heimabyggðinni og segist hafa nóg að gera og hún sé bókuð á tónleika bæði á Íslandi og ytra. „Plöturnar mínar Sexy Loverboy og Radio Rapist hafa gengið mjög vel og Satan City á eftir að slá í gegn líka. Þetta eru dúndrandi flott lög og ég syng þau á íslensku, ensku og hindí,“ segir Leoncie sem leitar að stað fyrir útgáfutónleikana sem hún vill helst halda í Reykjavík eða Kópavogi.“ ■

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Útvarpsviðtalið sem **Ingimar Karl Helgason**, fréttamaður Útvarpsins, tók við **Auðun Georg Ólafsson**, á fyrsta og síðasta starfsdegi hans sem fréttastjóri Fréttastofu Útvarps, hefur verið skráð á spjöld íslenskrar fjölmiðlasögu. Fréttamanninum hefur verið legið á hálsi fyrir að hafa vísvitandi reynt að bregða fæti fyrir Auðun í viðtalinu sem kom frekar illa út fyrir þann síðarnefnda. Brotavilji Ingimars var þó ekki einbeittari en svo að hann fjarlægði mörg ummæli sem eru sögð hafa komið sér enn verr fyrir Auðun Georg en tvísaga hans af fundarhöldum með formanni Útvarpsráðs. Viðtalið er í heild um það bil 20 mínútur og þeir sem heyrt hafa segja að þar geri Auðun hvert axarskaftið á fætur öðru og hafi verið búinn að mála sig út í horn löngu áður en talið barst að áðurnefndum fundi. Fréttaviðtöl eru vistuð á ákveðnum tölvudrifum á fréttastofunni en viðtalið við Auðun í fullri lengd var fjarlægt þaðan í snatri svo það færi ekki á vergang og yrði honum til enn meiri vansa. Eineltispúkarnir á Fréttastofu Útvarps virðast því ekki vera verr innrættir en svo að þeir báru á einhvern hátt hag Auðuns fyrir brjósti þegar hann missteig sig á ögurstundu.



Þegar er byrjað að skrifa eftirmála fréttastjóramálsins á spjallsvæði Blaðamannafélags Íslands á slóðinni press.is. Þar veltir fólk sér upp úr snaggaralegri úttekt **Illuga Jökulssonar** á Talstöðinni á málinu en Illugi gerir nokkuð úr þætti **Steingríms Sævarrs Ólafssonar**, upplýsingafulltrúa í forsætisráðuneytinu, í málinu. Steingrímur hefur lítið viljað tjá sig um málið en stígur nú fram og segir skrif Illuga vera í „senn eitt lengsta og mesta kjaftæði“ sem hann hefur lesið. „Þetta er samsuða lyga, óhróðurs og bulls,“ segir Steingrímur og lokar svo málinu með því að benda Illuga „á að endurskoða verulega þá sem hann kallar heimildarmenn sína. Þeir eru ósannindamenn. Ekkert flóknara.“








# Birgitta í rjómabaði

Birgitta Haukdal, söngkona Írafárs, fór á kostum þegar hún heimsótti Strákana á Stöð 2 í fyrradag. Birgitta var gestastjórnandi í þættinum í fjarveru Sveppa og þurfti að gera allt sem strákarnir ganga í gegnum, þar á meðal að taka áskorun.



**Á LEIÐ Í BAÐ** Birgitta var ekki hrædd við að demba sér í baðkarið.



**LÆTUR LÍÐA ÚR SÉR** Það fór ekki illa um Birgittu þar sem hún lá í baðinu. Hún þurfti þó að baða sig tvisvar eftir rjómabaðið enda lyktin skelfileg.

Birgitta lét uppátæki strákanna ekki á sig fá og skellti sér í bað, fullt af þeyttum rjóma. Birgitta var klædd í pils og topp og virtist skemmta sér hið besta. Var mál manna að hún tæki sig nú bara nokkuð vel út sem ein af Strákunum.

Sveppi er sem kunnugt er upptekinn af því að leika Kalla á þakinu undir leikstjórn Óskars Jónassonar og verður því fjarri góðu gamni í sjónvarpinu fram í næstu viku.

Leikritið verður frumsýnt sumardaginn fyrsta og hafa Pétur Jóhann og Auðunn Blöndal brugðið á það ráð að fá til sín gestastjórnendur.

Næsti gestur strákanna verður sjálfur Logi Bergmann Eiðsson, fréttamaður á Ríkissjónvarpinu, sem margoft hefur verið valinn kynþokkafyllsti maður landsins. ■

# Komin aftur

**100.000 afsláttur**




**ELFUNK LT-4205**
42" Plasma sjónvarp. **SKERPA 3000:1**
Nicam stereo. 4 scart tengi. AV tengi að framan og aftan. Kyrrmynd. Zoom
Mynd í mynd 2 tunerar. Fullkomin fjarstýring
**Tuner og tengibox í sér einingu sem aðveldar veggfestingu á tæki**
**Split Screen hægt er að horfa á tvær stöðvar/myndir í einu**
**Hátalarar, standur og veggfesting eru innifalin í verði**

**249.995**
**Verð áður 349.995**

**90.000 afsláttur**




**109.995**

**ELFUNK LT-27**
27" LCD sjónvarp.
Breiðtjaldssjónvarp.
**Verð áður 199.995**
Upplausn 1280X768. Nicam stereo. AV inngangur.
PC inngangur. 2 scart tengi. S-Video. Heyrnatólatengi.




**179.995**

**H&B HL3200B**
32" LCD sjónvarp.
Breiðtjaldssjónvarp.
Upplausn WXGA1366X768. Nicam stereo. AV inngangur.
PC inngangur. 2 scart tengi. S-Video. Heyrnatólatengi.

**33% afsláttur**




**Verð áður 59.995**

**39.995**

**ROADSTAR LCD1544**
Nicam Stereo. Íslenskt textavarp
2 Euro scart tengi. Upplausn XGA 1024X768. Skerpa 400:1
PC tengi Heyrnatólatengi
Fullkomin fjarstýring
Gengur fyrir 12 og 220 voltum




**79.995**

**ELFUNK LT2201**
Nicam Stereo
Íslenskt textavarp
2 Euro scart tengi
Upplausn WXGA 1280X720
Skerpa 500:1. PC tengi. Heyrnatólatengi
Fullkomin fjarstýring. Gengur fyrir 12 og 200 Voltum
**Verð áður 89.995**

**ROADSTAR LCD-8012**
8" LCD sjónvarp
Gengur fyrir 12 og 220 voltum




**Verð áður 39.995**

**29.995**

www.radio.is

**RADÍÓBÆR**

ÁRMÚLA 38 • SÍMI 553 1133

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



!
Talstöðin
FM 90,9

ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
á hverju fimmtudagskvöldi kl. 19.30 til 22.00 í síma 5511012.
ORATOR, félag laganema við Háskóla Íslands.




BAKÞANKAR
JÓNS GNARR

## Nöfn

Ég fékk nafnið mitt samþykkt af Mannanafnanefnd á dögunum og er að vonum sáttur við það. Að vísu var það aðeins samþykkt sem millinafn en ekki sem kenninafn eins og ég hefði viljað. Það er nefnilega bannað að taka upp ný ættarnöfn á Íslandi.

**MANNANAFNALÖGIN** hafa verið að opnast meira og meira á síðustu árum. Þau eru ekki eins forpokuð og þau voru. Mér skilst að útlendingar megi halda nafninu sínu núna. Einu sinni þurftu þeir að afsala sér sínu eigin nafni og taka upp Íslenskt nafn. Frægt er þegar útlendingur tók sér nafnið Eilífur Friður. Ég efast um að Bobby Fiscer þurfi að breyta sínu nafni.

**MÉR** finnst mannanafnalögin vera löngu úrelt. Mér finnst að það ætti hreinlega að leggja þau niður og leyfa fólki að skíra börnin sín þeim nöfnum sem það vill. Ég held að það mundi auka fjölbreitni hér á landi. Fólk er engir asnar. Ef einhver vill skíra son sinn í höfuðið á uppáhalds jeppanum sínum þá finnst mér að hann ætti að mega það. Hvað er að því að heita Isuzu Trooper?
Fyrst fólki er treystandi til að eiga og ala upp börn, nokkuð afskiptalaust, af hverju er því ekki treystandi til að velja nöfn á þau? Hvað er að óttast? Hvað er að því að kalla sig Killian? Eða Laxness? Eða Kjarval? Gerir það mann að minni Íslendingi?

**NÚ** er nafnið manns stór hluti af sjálfsmynd manns. Klæðaburður er það líka. Hugsum okkur bara ef til væri Mannaklæðanefnd, skipuð háskólamenntuðu fólki, sem ákveddi sín á milli, hvernig fötum Íslendingar ættu að klæðast. Markmiðið væri að forðast útlend áhrif í klæðavali en hvetja fólk frekar til að klæðast þjóðbúningum til að glata ekki tengslum við land og þjóð. Bannað væri með lögum að taka upp nýja stíla eins og pönk, hippaklæðnað og hip-hop. Allir sem vildu klæða börnin sín í eitthvað óhefðbundið þyrftu að sækja um það til nefndarinnar. Ég er hræddur um að við myndum ekki sætta okkur við það. Og eins finnst mér með nafnalögin.

**ÍSLENDINGAR** eru skapandi fólk. Ég hugsa með eftirvæntingu til allra nýju Íslensku ættarnafnanna sem bíða eftir því að verða til: Guðmundur Esjan, Elín Laugavegur eða Halldór Heimaey. Og mannanöfn eins og Bill Einarsson, Egill Xavier Skalli, Örnólfur Liverpool og svo mætti endalaust telja. ■





ÓKEYPIS ÍSETNING Í BÍLINN



Pioneer DEH-1700R
• 4 X 45 W magnari • D4Q Digital RDS Móttakari • FM / AM / LW
• 18 stöðva minni • Laus framhlið • EEQ forstilltur tónjafnari • RCA útgangur
Verð kr. 17.900.-



Pioneer DEH-3700MP
• 4 X 45 W magnari • Spilar MP3 /WMA • Útvarp með RDS • FM / AM / LW
• 18 stöðva minni • Laus framhlið • EEQ forstilltur tónjafnari • RCA útgangar
Verð kr. 23.900.-

ALVÖRU GRÆJUR Í BÍLINN

ORMSSON
LÁGMÚLA · SMÁRALIND

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu